

Hjarta, einlægni og heiðarleiki

Elmar Gilbertsson og Salka Sól segja sögu af venjulegu fólki í Sem á himni. > 28




Íslenska töfravegabréfið

Sigríður Víðis segir það sláandi hversu misheppin við séum í lífsins lottói. > 30



Fljúgðu í brekkurnar.
Verð frá **10.900** kr.

PLAY flyPLAY.is



FRÉTTABLAÐIÐ

209. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 17. SEPTEMBER 2022

Ekki er allt sem sýnist

Gisli Guðjónsson er frumkvöðull á sviði réttarsálfræði. Við þekkjum hann vegna Geirfinnsmálsins en meðal þúsund skjólstaðinga hans eru meintir raðmorðingjar, ranglega dæmdir hryðjuverkamenn og fólk sem hefur fengið frelsi eftir að dauðadómi hefur verið hrundið vegna hans. > 24



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FORELDRAFRÆÐSLUKVÖLD UM RAFÍÞRÓTTIR OG HEILBRIGÐA NÁLGUN

ARENA, Turninum Kópavogi, 21.09 kl. 20:00
Frí skráning á elko.is, takmarkaður sætafjöldi

ALLT AÐ 90%
AFSLÁTTUR AF
TÖLVULEIKJUM

ÓTRÚLEG TILBOÐ
Á VÖLDUM LEIKJUM
OG LEIKJAVÖRUM

ELKO





Halla Hrund Logadóttir orkumála-
stjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ekki tímabært að minnka stuðning vegna orkuskipta

bth@frettabladid.is

ORKUMÁL „Það skiptir rosalegu máli að setja kraft í orkuskiptin. Ívilnanir eru fjárfestingar til framtíðar,“ segir Halla Hrund Logadóttir orkumála-
stjóri.

„Ef við náum ekki loftslagsmarkmiðum verðum við að sæta viðurlögum sem munu kosta okkur fjármuni. Það er betra að fjárfesta í hvötum til að hlaupa hraðar hvað varðar orkuskiptin en að aðhafast ekkert,“ segir Halla Hrund.



Milljóna afsláttur vegna kaupa á rafmagns- eða tengiltvinnbíl verður senn úr sögunni samkvæmt fjárlagafrumvarpinu.

Margir hafa gagnrýnt að í fjárlagafrumvarpinu hafi ríkisstjórnin undir forystu Katrínar Jakobsdóttur, sem kennir eigin flokk við umhverfisvænar áherslur, tekið ákvörðun um að hætta ívilnunum til þeirra sem festa kaup á umhverfisvænum bílum.

Mikil losun fylgir bruna jarðefnaeldsneytis. Milljónahvatar til að kaupa rafmagns- eða tengiltvinnbíl verða senn úr sögunni samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sem Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra lagði fram á mánudag. Hafa ýmsir mótmælt þeirri ákvörðun, ekki síst þingmenn stjórnarandstöðunnar.

„Við þurfum með öllum leiðum að halda áfram að styðja við orkuskiptin,“ segir Halla Hrund.

Spurð hvort þessi þáttur fjárlagafrumvarpsins hafi valdið henni vonbrigðum, svarar orkumálastjóri:

„Það skiptir máli að settur verði sterkur fókus á þennan málaflokk. Það er ekki tímabært að fara þá leið að draga úr stuðningi.“ ■

Aldrei eins mikil þörf, segir Ómar



„Almennt séð er aðalatriðið í viðurkenningu á borð við þá sem er kennd við Sigríði í Brattholti það að í henni felst hvatning til að langstærsta málefni þessarar aldar og okkar lands, meðferð á náttúruverðmætum, sé sinnt sem best. Þess hefur aldrei verið eins mikil þörf og nú,“ segir Ómar Ragnarsson sem í gær tók við Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti úr hendi Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ragnar Arnalds er látinn

Ragnar Arnalds, fyrrverandi ráðherra og alþingismaður, er látinn, 84 ára að aldri.



Ragnar Arnalds.

Ragnar lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands. Hann var formaður Alþýðubandalagsins frá 1968 til 1977. Fram kemur á vef Alþingis að Ragnar var landskjörinn alþingismaður á Norðurlandi vestra á árunum 1963-1967 og alþingismaður fyrir það kjördæmi á árunum 1971-1999, fyrst fyrir Alþýðubandalagið og síðan Samfylkinguna eftir stofnun þess flokks. Hann var menntamála- og samgönguráðherra 1978-1979 og fjármálaráðherra 1980-1983.

Eftirlifandi eiginkona Ragnars er Hallveig Thorlacius brúðuleikari. Dætur þeirra eru Guðrún og Helga. ■

Miklar liðsbreytingar en markmiðið alltaf það sama

Íslenska kvennalandsliðið í hópímleikum mun keppa til úrslita á Evrópu-meistaramótinu í hópímleikum klukkan 12 í dag en stelpurnar eiga titil að verja frá því í fyrra.

mjh@frettabladid.is

FIMLEIKAR Ásta Kristinsdóttir, sem hefur sannarlega verið að stíga upp með kvennalandsliðinu í fimleikum í ár og átt frábært mót, segir stelpurnar algjörlega tilbúnar í slaginn í dag er keppt verður til úrslita á EM.

Ásta segir verkefnið þó erfitt þar sem miklar breytingar hafa orðið á liðinu frá því þær unnu Evrópu-meistaratitilinn í fyrra.

Alls hafa fjórar nýjar stelpur komið inn í kvennalandsliðið úr unglíngalandsliðinu og ein úr blandaða unglíngalandsliðinu.

Engu að síður enduðu íslensku stelpurnar í þriðja sæti eftir undankeppnina, einungis 1,625 stigum á eftir Svíunum sem leiddu keppnina. Þess má geta að í fyrra munaði tveimur heilum stigum á Íslandi og Svíþjóð en stelpurnar bættu upp muninn í úrslitunum og tóku Evrópu-meistaratitilinn.

Ásta segir að það megi í raun líta á undankeppnina sem bara annan æfingadag en stigin fylgja liðunum ekki inn í úrslitin.

„Við erum auðvitað að stefna á fyrsta sætið en það er ekki auðvelt verkefni. Við erum búnar að vinna mikið fyrir þessu heima á Íslandi og það er að skila sér í höllinni. Við erum samt sem áður með annað lið núna og erum búnar að fara í gegnum þó nokkrar mannabreytingar. Við mætum hins vegar ákveðnar á morgun með sama markmiði í huga,“ segir Ásta.

Spurð um undankeppnina segir Ásta stelpurnar mjög sáttar en meðvitaðar um að þær geti bætt sig.



Liðað geislaði af sjálfsöryggi í undankeppninni. MYND/FJÓLA PRASTARDÓTTIR



Við erum auðvitað að stefna á fyrsta sætið en það er ekki auðvelt verkefni.



Ásta Kristinsdóttir

„Fimmtudagurinn fór bara eins og hann átti að fara. Við eigum að eiga eitthvað inni. Við vorum með helling af hnökrum,“ segir Ásta og bætir við það hefði ekki verið gott fyrir andlegu hliðina hefðu þær átt sinn besta dag í undankeppninni.

„Við vitum að við eigum helling inni sem er annað en önnur lið,“ segir Ásta. Norsku stelpurnar orðu

fjórðu í undankeppninni, næst á eftir Íslandi en þær áttu mögulega sinn besta dag en það dugði ekki til.

„Við munum auka erfiðleikann á dýnu í úrslitunum, við vorum að spara nokkrar á fimmtudaginn viljandi. Svo verða líka gerðar breytingar á dansinum,“ segir Ásta og bætir við að það sé gott fyrir hugarfarið að vita að það séu stig inni til að sækja.

„Við viljum alltaf hafa einhverja punkta til að hugsa um. Við viljum ekki koma inn á mótið og hugsa: við gerðum allt fullkomið á fimmtudaginn, við viljum frekar vera að hugsa hvað það sé sem við þurfum að laga,“ segir Ásta.

Stelpurnar tóku því rólega í gær eftir undankeppnina. „Við vöknudum snemma og tókum teygjuhring fyrir utan hótelið. Okkur stelpunum var síðan boðið út að borða hjá Happ í hádeginu í gær. Það var skemmtilegt,“ segir Ásta.

Spurð um hvernig líkamlega standið er á stelpunum eftir undankeppnina segir Ásta þær í góðu standi.

„Eins góðar og við getum verið, svona miðað við,“ segir Ásta. ■

GJAFALEIKUR

Heilsuvara vikunnar



númer eitt

SKANNADU KÓDANN



DV



NÝR TOYOTA AYO X

GERÐU ÞAÐ SEM ÞÚ VILT

Aygo X þræðir götur þéttbýlisins lipurlega og tekst leikandi á við þjóðveginn, hvort sem hann er chilirauður, kardimommugrænn, berjablár eða engiferdrapplitaður. Það er að segja bíllinn, ekki þjóðvegurinn.

Njóttu ævintýrana. Reynsluaktu glænýjum **Aygo X**.



Toyota Aygo X
Verð frá : 3.090.000 kr.

TOYOTA – MEST SELDA
BIFREIÐATEGUNDIN
Á ÍSLANDI
32
ÁR Í RÓÐ

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERJANINGAR
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllarnir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Tölur vikunnar

3

lönd, Ísland þar á meðal, hafa náð að endurheimta flugtraffíkina frá 2019.



90

prósenta aukning hefur orðið á notkun barna á þunglyndislyfjum á síðustu tíu árum.



2.536

íbúðir eru í byggingu í Reykjavíkurborg.



1.679

úkraínskir ríkisborgarar voru skráðir með búsetu á Íslandi þann 1. september.



35

ár er meðalaldur þeirra sem grunadír eru um kynferðisbrot á Íslandi.



Þrjú í fréttum



Edda Björgvinsdóttir

leikkona

fagnaði sjötíu ára afmæli í vikunni. Hún lýsti því yfir í viðtali við Fréttablaðið að

hún væri eiginlega bara tuttugu og átta ára kona í blóma með nóg á könnunni. Fjölskylda og samstarfsfólk Eddu kom henni svo á óvart á afmælisdeginum með óvæntum fögnuði við Þjóðleikhúsið.



Arnaldur Bárðarson

formaður Prestafélags Íslands

sætti gagnrýni fyrir ummæli sín um séra Gunnar Sigurjónsson, sóknarprest í

Digraneskirkju. Séra Gunnar var sendur í leyfi í lok síðasta árs eftir að sex konur innan kirkjunnar sökuðu hann um kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti. Í viðtali við Útvarp Sögu sagði Arnaldur að í langri rannsókn málsins væri Gunnar orðinn að þolanda.



Maríuerlan

spörfugl

var valin fugl ársins 2022 af Íslendingum. Alls tóku 2.100 manns þátt í vefkosningu þar sem maríuerlan

hlaut 21 prósent atkvæða en á eftir henni fylgdu himbrimi og audnutittlingur með 14 prósent atkvæða hvor um sig. Sem farfugl yfirgefur maríuerlan landið tiltölulega seint svo Íslendingar gætu enn komið auga á fugl ársins áður en hann flýgur suður á bóginn. ■

Ráðherra er sleginn yfir niðurstöðu skýrslunnar um Laugalandsheimilið

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, segir sorglegt að lesa um það hvernig hafi verið staðið að málum á meðferðarheimilinu að Laugalandi. Konum sem þar voru er boðið að leita til Bjarkarhlíðar.

lovisa@frettabladid.is

FÉLAGSMÁL Skýrslan um meðferðarheimilið á Laugalandi sem gerð var af Gæða- og eftirlitsstofnun meðferðarmála (GEV) kom út á miðvikudag.

Niðurstaða skýrslunnar er að yfirgnæfandi meirihluti fyrrverandi vistbarna hafi upplifað ofbeldi og að eftirlitsskylda barnaverndaryfirvalda brást, þrátt fyrir tilkynningar og ábendingar.

„Maður er sleginn yfir því að þrátt fyrir að það hafi verið látið vita að það væri ekki allt í lagi, þá hafi eftirlitið brugðist. Það hefur bitnað á þessum stúlkum sem þarna voru. Ekki bara á þessum tíma, heldur alla þeirra ævi. Maður heyrir vel á viðtölum við þær að þetta eltir þær enn í dag. Það er því mikilvægt að þessi rannsókn hafi verið gerð og að hún staðfesti það sem þær segi,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra.

Guðmundur segir að kerfið eigi að virka þannig að þegar ábendingar berast þá eigi að rannsaka þær og að með þeim breytingum sem áttu sér stað um áramótin, þegar eftirlit með barnavernd var fært frá Barnaverndarstofu til Gæða- og eftirlitsstofnunar, sé búið að koma í veg fyrir að það gerist aftur sem þarna gerðist.

„Þarna er komin ein stofnun sem er hægt að vísa málum til, en það er mjög mikilvægt að stofnunin hafi burði til þess að fara í heimsóknir og gera athuganir af handahófi og



Guðmundur Ingi Guðbrandsson segir að hann sjái ekki betur en að skýrslan hafi verið vel unnin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Maður heyrir vel á viðtölum við þær að þetta eltir þær enn í dag.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra

á sama tíma að bregðast við þeim kvörtunum sem koma.“

Guðmundur segir að á næstu árum muni þau vonandi sjá hversu umfangsmikið verk það verður

fyrir Gæða- og eftirlitsstofnun meðferðarmála að taka við kvörtunum og hvernig þau greiði úr þeim og hvernig ráðuneytið getur liðsinnt stofnuninni við það.

Spurður út í gagnrýni kvenna sem voru vistaðar á Laugalandi á gerð skýrslunnar og samráði við þær, segir Guðmundur að hann vísi þeim kvörtunum til Gæða- og eftirlitsstofnunar meðferðarmála en ef hann fái formlega kvörtun til ráðuneytisins muni þau taka hana til skodunar.

„En eins og ég skildi það þá vildu þau gefa þeim sem unnu að skýrslugerðinni eins mikið rými til að vinna hana og þau mögulega gætu. Þegar ég horfi á skýrsluna finnst mér hún umfangsmikil og kafa vel

ofan í þetta mál og sé ekki betur en að hún hafi verið vel unnin.“

Konunum hefur verið boðið að fara til Bjarkarhlíðar. Spurður hvort ríkið sjái fyrir sér að taka þátt í niðurgreiðslu sálfræðiaðstoðar fyrir þessar konur, segir ráðherra að ákveðið hafi verið í samráði við mennta- og barnamálaráðuneytið að þegar skýrslan kæmi út myndi konunum verða vísað eitthvert.

„Það var viðbúið að hún myndi vekja upp erfiðar minningar og draga þeirra reynslu upp á yfirborðið. Fyrsta skref er að segja þeim að hægt sé að leita til Bjarkarhlíðar en ég er opinn fyrir því að skoða önnur úrræði ef ekki er hægt að aðstoða þær þar eða í öðrum úrræðum sem ráðuneytið styrkir.“ ■

KEMUR ÞÚ AF FJÖLLUM?

Íslensku fjöllin hafa mætt jafningja sínum. Gerðu ferðalagið algjörlega rafmagnað með Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid.

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLOÐUNNI PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND


ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

4xe
PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS • ISBAND.IS





Herra
Lagerinn
outlet
líka fyrir konur

**Troðfull verslun af merkjavöru
frá eftirtöldum verslunum**

Herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN / SMÁRALIND

Mathilda
Kringlunni

BOSS

BOSS BÚÐIN KRINGLUNNI

HANZ

KRINGLUNNI

COLLECTIONS

Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

40-60%

afsláttur af öllum vörum

Æfingar með nætursjónauka ástæða aukins þyrluflugs

ragnarjon@frettabladid.is

ÖRYGGISMÁL Íbúar Reykjavíkur og nágrennis hafa margir hverjir orðið varir við aukin umsvif Landhelgisgæslunnar með þyrluflugi seint um kvöld og að næturlagi. Um er ræða árlegar æfingar með nætursjónaukum.

„Æfingarnar eru nauðsynlegar fyrir þyrluáhafnir svo bregðast megi umflaust við útköllum sem verða um nótt,“ segir Ásgeir Erlendsson,

upplýsingafultrúi Landhelgisgæslunnar „Að loknu björtu sumri þarf að standa fyrir þessum æfingum til að viðhalda þjálfun með slíkum tækjum,“ segir hann, en vonar þó að íbúar borgar og nágrennis hafi ekki orðið fyrir miklu ónæði.

„Kvöldæfingarnar hefjast ekki fyrr en myrkur er skolið á og á þessum árstíma þurfa þær að hefjast seinna en yfir háveturinn,“ segir Ásgeir um það hvers vegna æfingar þurfa að fara á fram seint um kvöld,



Ásgeir Erlendsson, upplýsingafultrúi Landhelgisgæslunnar

en nauðsynlegt sé fyrir gæsluna að hefja æfingar eins fljótt og hægt er á árinu. Það sé gert strax og það byrji að rökkva svo áhafnirnar geti upp-

fyllt þær kröfur sem gerðar eru til þeirra vegna björgunarflugs.

Ásgeir segir að nokkrar æfingar hafi farið fram í vikunni sem leið meðal annars í Hvalfirðinum og við Hlöðufell. Þá hafi æfing með hjálparveit skáta farið fram á sjó við Seltjarnarnesið á mánudaginn. Æfingar hafi þó einnig farið fram talsvert fjarri mannabyggðum við Kerlingarfjöll og í nágrenni Þórisjökuls.

„Afar mikilvægt er að æfa með

sjóbjörgunarsveitum Slysavarnafélagsins Landsbjargar á höfuðborgarsvæðinu til að viðhalda þekkingu allra sem koma að björgunum á sjó að næturlagi,“ segir Ásgeir og bætir við: „Æfingarnar sem fóru fram á sjó í nágrenni höfuðborgarsvæðisins var báðum lokið á ellefta tímanum.“

Næsta sjónaukaæfing Landhelgisgæslunnar er áformuð þann 20. september klukkan 21.00 og verður hún á sjó, en staðsetning hennar hefur ekki verið ákveðin. ■



Kvennahlaupið í Garðabæ verður nú fjölskylduhlaup. Hér árið 2004.

Kvennahlaup að Fjölskylduhlaupi

benediktboas@frettabladid.is

GARÐABÆR Íþrótta- og tómstundaráð Garðabæjar hefur ákveðið að leggja Kvennahlaupið niður og halda þess í stað Fjölskylduhlaup Garðabæjar.

Kvennahlaupið var fyrst haldið árið 1990 og hefur stærstur hluti þess farið fram í bænum. Að jafnaði hafa sex til átta þúsund manns hlaupið hlaupið. Fyrstu árin var hlaupið frá Garðaskóla en frá 2003 hefur hlaupið hafist á Garðatorgi.

Fjölskylduhlaupið fer fram laugardaginn 1. október, sem hluti af Íþróttaviku Evrópu. „Það er kærkomið að halda í heiðri því frumkvæði sem Kvennahlaupið var, með því að breyta áherslum þess í átt að fjölskylduviðburði í Garðabæ,“ segir í bókun ráðsins.

Kvennahlaupinu var ætlað að fá konur til að stunda líkamsrækt og sýna samstöðu í því efni. Í tilkynningu til forsvarsmanna hlaupsins frá ÍSÍ segir meðal annars að frá því að fyrsta Kvennahlaup ÍSÍ var haldið hafi mikið vatn runnið til sjávar.

„Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands og Sjóvá hvetja hins vegar landsmenn til að huga að sinni daglegu hreyfingu fyrir betri líkamlega og andlega heilsu. Öll hreyfing skiptir máli.“ ■

Tónlistarnám dýrast í höfuðborginni

Kostnaður við barn í tónlistarskóla í Reykjavík tvöfalt hærri en í sumum öðrum sveitarfélögum. 20 prósentu niðurskurður fjárframlaga eftir hrun enn ekki leiðréttur. Hæfileikarík börn hafa ekki efni á tónlistarnámi.

bth@frettabladid.is

REYKJAVÍK Sumir tónlistarskólar á landinu eru yfirfullir og þarf að hafna fjölda nemenda sem vilja læra á hljóðfæri. Skólagjöld eru í hæstu hæðum. Vísbendingar eru um að börn efnaminni foreldra falli milli skips og bryggju í Reykjavík.

Langlengstu biðlistar í tónlistarnám eru í Vesturbænum. Hæstu skólagjöld landsins eru í Reykjavík, sem ólíkt flestum öðrum sveitarfélögum rekur ekki tónlistarskóla á eigin vegum.

„Almennt eru skólagjöld í Reykjavík mjög há og hærri en í öðrum sveitarfélögum,“ segir Kristinn Örn Kristinsson, skólastjóri tónlistarskólans Allegro.

„Eftir hrun lækkuðu styrkir til tónlistarskóla um 20 prósent í Reykjavík, þá hvarf sellódeildin okkar,“ bætir hann við. „Það var rætt um tímabundinn niðurskurð en hann stendur óhaggaður.“

Þegar Gylfi Þ. Gíslason, fyrrum menntamálaráðherra, stóð fyrir uppbyggingu tónlistarskóla um allt land var stefnan sú að óháð efnað ættu öll börn að fá tækifæri til að læra á hljóðfæri. Reyndar vildi Ingvar Gíslason, Framsóknarflokkki, ganga lengra og fella niður öll skólagjöld í tónlistarskólum.

Áhrif þess að öll börn gátu áður fyrr með litlum tilkostnaði lært á hljóðfæri urðu mikil, að sögn Atla Örvarssonar tónskálds.

„Gríðarlegur fjöldi hæfileikaríkra Íslendinga spratt upp á tón-



Einkum börn efnaðra foreldra stunda einkanám í tónlistarskólum í Reykjavík. Myndin er frá tónleikum í Hörpu og tengist ekki efni fréttarinnar beint.



Í Reykjavík eru nú dæmi um að tónlistarveturinn fyrir eitt barn kosti á þriðja hundrað þúsund króna.

listarsviðinu vegna þessarar stefnu og við höfum notið góðs af þessari framsýni,“ segir Atli.

Blikur séu nú á lofti effjöldi barna fær ekki að þroska hæfileika sína

eða stunda þá list sem hugur þeirra stendur til. Einnig sýna ýmsar rannsóknir að tónlistarnám og þátttaka í söngstarfi hefur greindaraukandi áhrif.

Samkvæmt frumvarpi Gylfa Þ. Gíslasonar átti þriðjungur kostnaðar við tónlistarskóla að koma frá ríkinu, annar þriðjungur frá sveitarfélögum og skólagjöld bæru uppi síðasta þriðjunginn. Í Reykjavík eru nú dæmi um að tónlistarveturinn fyrir eitt barn kosti á þriðja hundrað þúsund króna.

Á Húsavík fer öll kennsla fram innan veggja grunnskólanna. Að sögn Guðna Bragasonar skólastjóra nýtur mikill meirihluti grunnskólabarna í Norðurþingi einhverrar tónlistarkennslu. Námið kostar tæplega 102.000 á vetri fyrir 6-20 ára. Það er tvöfalt lægra gjald en í sumum einkareknum skólum í Reykjavík.

„Ég vona að Reykjavík stefni aftur til fornaldar,“ segir Guðni og á þar við misskipt tækifæri eftir stöðu og efnahag.

40-50 nemendur eru á biðlista í Allegro. Hver nemandi í skólunum þýðir hálf milljón í launakostnað. Einnig þarf að greiða leigu og margt fleira kostnaðarsamt, að sögn skólastjóra.

Spurður hvort nemendur komi nú orðið einkum frá efnameiri heimilum, segir Kristinn það vera algengt. Dæmi um það séu umfang skíðaferða.

Gunnar Smári Egilsson, formaður framkvæmdastjórnar Sósíalistaflokksins, á sjálfur barn í tónlistarnámi. Hann segist oft hafa horft í kringum sig á tónleikum í seinni tíð og tekið eftir að aðstandendur tónlistarbarna komi að langmestu leyti úr efnabetri hópum. Það sé sorglegt, enda mörg dæmi um að börn foreldra úr verkamannastétt hafi breytt heiminum. Í listum sem öðru.

„Hvar eru áhrif pólskra innflytjenda á íslenski tónlist?“ spyr Gunnar Smári.

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, segir að ekki hafi fengist fjárheimild til að taka aftur niðurskurð framlaga til tónlistarskóla eftir hrun. Hann bendir á að í Reykjavíkurborg stundi um 500 nemendur tónlist í gegnum skólahljómsveitir, þar sé kostnaður á nemanda mun lægri en í tónlistarskólum eða um 33.000 krónur.

Allur kennslu- og stjórnunar-kostnaður er greiddur af borginni, að sögn Helga. Árleg niðurgreiðsla fyrir hvert barn í einkanámi í tónlist sé um 600.000 krónur. Vandamálið er að sögn Helga að sumir tónlistarskólanna í borginni séu litlir, stjórnunarkostnaður og annar rekstrar-kostnaður há.

„Það eru okkur vonbrigði hve skólagjöldin eru orðin há. En borgin byggir á áratuga hefð, að skólarnir séu sjálfstætt starfandi.“ ■



Málþing í tilefni Alþjóðadags krabbameinsrannsókna:

Enn liggur leiðin fram á við

Krabbameinsfélagið og Samtök um krabbameinsrannsóknir á Íslandi (SKÍ) standa fyrir málþingi tileinkað Vigdís Finnbogadóttur, verndara Krabbameinsfélagsins, miðvikudaginn 21. september kl. 17:30-20:00 í Veröld – húsi Vigdísar.

Léttar veitingar í boði frá kl. 17:00.

Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.
Nánari upplýsingar og skráning á krabb.is



Krabbameinsfélagið

Sportlegur og alrafmagnaður

Škoda Enyaq Coupé RS iV.



ŠKODA

Framsýning í dag!

Kíktu við og þiggðu léttar veitingar



Bókstaflega grænn ferðamáti.

Škoda Enyaq Coupé RS iV er sportlegur, fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll sem er kvikur, framsækinn, nýjungagjarn og reiðubúinn í nýtt ferðalag með þér. Með alla sömu frábæru eiginleikana sem lét Enyaq slá í gegn en nú með sportlegri línunum og enn krafmeiri rafmóturum. Panorama glerþak, Cristal Face LED lýsing í grilli, svartur útlitspakki og RS stuðningar gefa honum skarpt útlit sem tekið er eftir. Sport þægindasæti, RS innrétting, Tiptronic pedalar, sportfjöðrun og styttri stýrissnúningur (e. progressive steering) kórónar upplifunina. Sjón er sögu ríkari svo kíktu í heimsókn!

Verð frá **8.190.000 kr.**



Laugavegi 174, 105 Rvk. → Sími 590 5000 → www.hekla.is
Höldur Akureyri → Bílasala Selfoss → Bílakjarninn Reykjanesbæ → BVA Egilstöðum

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum Heklu að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála.
Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd.

Fylgdu okkur @skoda →



Flóttafólkið dvelur í Camp Bondsteel herstöðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Vilja senda Afgani til Súrínam

thp@frettabladid.is

SÚRÍNAM Bandarísk og súrí-nömsk yfirvöld ræða nú um hvort síðarnefnda ríkið geti tekið á móti afgönskum flóttafólki sem ekki fær dvalarleyfi í Bandaríkjunum af öryggisástæðum.

Fólkið er nú í bandarísku herstöðinni Camp Bondsteel í Kósóvó eftir að hafa flúið heimaland sitt er Talibanar komust aftur til valda í fyrra. Nokkur hafa kosið að snúa aftur heim í stað þess að dvelja í Kósóvó, eða bíða eftir að komast annað.

„Við íhugum þetta,“ segir Marten Schalkwijk, sendiherra Súrínam í Washington. Landið sé vel í stakk búið til að taka við fólki. ■



Ráðist var á Blom Bank í Beirút í gær.

Líbanskir bankar loka vegna árása

thp@frettabladid.is

LÍBANON Síðan árið 2019 hefur verið mikil efnahagskreppa í Líbanon. Aðgengi sparifjäreigenda að fjármunum sínum í bönkum hefur verið mjög takmarkað og eru margir þeirra komnir með nóg af ástandinu.

Undanfarið hafa nokkrir þeirra gripað til þess ráðs að endurheimta sparifé sitt með valdi vopnaðir skotvopnum. Í gær urðu slík atvik í átta bönkum víðs vegar um landið og nú hefur verið ákveðið að loka öllum bönkum landsins fyrstu þrjá dagana í næstu viku. ■

Míla hyggst ráðast í þrjátíu milljarða fjárfestingu í innviðum á næstu árum

Framkvæmdastjóri innviða-fjárfestinga hjá Ardian segir það fagnaðarefni að kaupin á Mílu skuli loks vera gengin í gegn. Ferlið hafi vissulega tekið á, en nú geti fyrirtækið einbeitt sér að 30 milljarða fjárfestingunni sem sé í pípuunum hér á landi.

ggunnars@frettabladid

FJARSKIPTI Eftir samningaviðræður sem staðið hafa yfir í tæpt ár hefur Samkeppniseftirlitið loks lagt blessun sína yfir kaup franska sjóðstýringarfyrirtækisins Ardian á Mílu. Þar með er ljóst að upphaflegur verðmiði Mílu hefur lækkað um samtals 8,5 milljarða króna frá því sem upphaflega var kynnt. Þá hefur jafnframt náðst samkomulag um öll þau skilyrði sem eftirlitið setti fyrir sölu.

Kaup Ardian á Mílu ganga formlega í gegn þann 30. september næstkomandi, en þar með verða hlutabréfin í Mílu formlega komin í fangið á dr. Daniel Graf von der Schulenburg, framkvæmdastjóra innviðafjárfestinga fyrirtækisins í Norður-Evrópu. Daniel segist ánægður með að samningar séu í höfn en viðurkennir að ferlið hafi tekið á.

„Fyrsta tilfinningin er einhvers konar blanda af þreytu og spennu. Þetta voru flóknari viðræður en við gerðum ráð fyrir í upphafi, ég get alveg viðurkennt það, en að vissu leyti skiljum við flækjustigið. Þetta er risastór erlend fjárfesting. Það er eðlilegt að eftirlitsstofnanir vilji fara varlega,“ segir Daniel, en bætir við að nú sé loks hægt að beina kröftunum að uppbyggingu fjarskiptainnviða á Íslandi. „Við höfum tröllatru á þessari fjárfestingu. Sú afstaða hefur ekkert breyst.“

En hvað felst í þessum áformum og hvernig verður uppbyggingu fjarskiptainnviða háttað nú þegar kaup Ardian á Mílu eru orðin að veruleika?

„Við höfum sett okkur háleit markmið hvað Mílu varðar. Við ætlum að spýta hraustlega í lófana á næstu árum og erum ekkert feimin við að tala um það. Áherslan verður á að efla 5G-fjarskiptakerfi



Ljósleiðari lagður við Suðurstrandarveg. Kaup Ardian á Mílu ganga formlega í gegn 30. september. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Við höfum sett okkur háleit markmið hvað Mílu varðar. Við ætlum að spýta hraustlega í lófana á næstu árum og erum ekkert feimin við að tala um það.



Daniel Graf von der Schulenburg, framkvæmdastjóri hjá Ardian

og ljósleiðara fyrirtækisins um allt land.“

Til að gefa fólki einhverja hugmynd um umfangið segist Daniel vel geta sett hlutina í fjárhagslegt samhengi.

„Við erum að tala um fjárfestingu upp á 30 milljarða króna á næstu sjö til átta árum. Það er áætlunin sem við vinnum eftir. Hvort okkur tekst að ná settu marki verður að koma í ljós, en við erum sannarlega reiðubúin að leggja hart að okkur. Við sjáum einfaldlega fyrir okkur að Ísland verði meðal fyrstu landa heims sem reida sig alfarið á ljósleiðara og 5G-tengingar. Ef allt gengur upp.“

Að mati Daniels eru markmiðin vissulega metnaðarfull en hann telur Mílu hafa alla burði til að hrinda slíkum áformum í framkvæmd.

„Fjárfestingargeta Mílu hefur aukist umtalsvert með þessum viðskiptum. Á því leikur enginn vafi. En þá þurfum við líka að hafa í huga að Ardian er ekki sjóður sem stundar áhættufjárfestingar. Við erum ein-

göngu á höttunum eftir langtíma-fjárfestingum og kaupin á Mílu eru slík fjárfesting.“

Hann segir mikilvægt að halda til haga að breytt eignarhald muni hafa jákvæðar breytingar í för með sér hvað samkeppni varðar.

„Míla verður hér eftir opin fyrir viðskiptum við öll fjarskiptafyrirtæki landsins. Það er mikilvæg breyting frá því sem verið hefur. Ekki sist út frá sjónarhóli neytenda.“

En þá kunna margir að velta fyrir sér af hverju Ardian leggi upp í slíka fjárfestingu í landi sem er bæði strjálbýlt og fámenn. Eftir hverju er Ardian að slægjast?

Daniel segir eðlilegt að slíkar spurningar vakni. „En ef við horfum bara á vöxtinn í gagnaumferð á Íslandi undanfarin ár þá sjáum við að landið er á hvínandi siglingu í síbreytilegu tæknilegu umhverfi. Við værum ekki að þessu ef við værum ekki sannfærð um að fjárfesting af þessari stærðargráðu muni bera ávöxt á endanum. Fyrir alla aðila,“ segir Daniel. ■

Fulltrúi Miðflokksins segist sviptur málfrelsi eftir að vera vikið af fundi

kristinnpall@frettabladid.is

SVEITARSTJÓRNIR Jónína Brynjólfssdóttir, forseti sveitarstjórnar Múlapings, segir tvö lögfræðialit hafa verið lögð til grundvallar er einum fulltrúa í sveitarstjórninni var gert að vika af fundi og varamaður hans kallaður inn í staðinn.

„Það var búin að koma upp til laga um vanhæfi í þessu máli fyrr á þessu ári á sveitarstjórnarfundi þar sem við vorum með álit bæjarlögmannsins,“ segir Jónína sem kveður á liti lögmanns Sambands íslenskra sveitarfélaga einnig hafa verið aflað.

Fulltrúa Miðflokksins, Þresti Jónssyni, var vikið af fundinum vegna vanhæfis er kom að aðalskipulagsbreytingu vegna Fjardarheiðarganga og með atkvæðum allra nema Þrastar sjálfs.

„Vegna vensla teljum við að Þröstur sé vanhæfur og lögfræðialitin styðja það,“ segir Jónína.

Sjálfur sagði Þröstur um að ræða



Jónína Brynjólfssdóttir, forseti sveitarstjórnar Múlapings



Þröstur Jónsson, meðlimur sveitarstjórnar Múlapings

pólíttískt ofbeldi sem ætti sér engin fordæmi á Íslandi. Sagðist hann vera með álit lögmanns sem staðfesti að hann sé ekki vanhæfur og telur að þetta sé brot á málfrelsi.

„Það er búin að svipta mann málfrelsi. Yfirleitt er maður ekki víttur í pontu nema maður sé með dólglæti,“ sagði Þröstur í viðtali á vef Fréttablaðsins í gær.

Jónína segir að það sé í raun ekkert óeðlilegt í þessu tilvik.

„Til þess að tryggja réttláta málsmeðferð var þessi tillaga lögð til og tíu sveitarstjórnarmenn af ellefu

voru samþykkrir því og kom varamaður inn í hans stað úr Miðflokkinum. Það er ekkert endilega óalgengt í minni sveitarfélögum að einstaklingar séu vanhæfir,“ segir Jónína.

„Þegar meirihlutinn er kominn í rökþrot, gripur hann til slíkra óyndisúræða. Slíkt er alvarleg ógn við lýðræðið og málfrelsið í landinu sem er stjórnaðskrárbundið,“ bókaði Þröstur á fundinum. Verið væri að „þagga niður skodanir sem eru andstæðar sköðunum meirihlutans“. ■



Styrkir úr Tónlistarsjóði 2023

Auglýst er eftir styrkumsóknum úr Tónlistarsjóði til verkefna sem efnt verður til á tímabilinu: 1. janúar – 30. júní 2023.

Hlutverk Tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra.

Umsóknarfrestur rennur út 1. nóvember 2022 kl. 15.00.

Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á www.rannis.is. Umsóknnum og lokaskýrslum er skilað rafrænt.

Rannís,
Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími: 515 5800
tonlistarsjodur@rannis.is



rannis
www.rannis.is

NÝR RENAULT MEGANE E-TECH

100% rafmagn



Pantaðu tímanlega

Renault Megane E-Tech er spennandi 100% rafbíll með allt að 470 kílómetra drægni*. Hrein hönnun, hrein tækni og hrein tilfinning í rúmgóðum og snjallvæddum bíl sem er tilbúinn að flytja þig inn í framtíðina. Hafðu samband og við tökum einn frá fyrir þig.

Verð frá: **5.390.000 kr.**

FLEX leiguverð frá: 134.290 kr. á mánuði.

Miðað við 36 mánuði og 18 þ.km. á ári. Nánari upplýsingar á www.flex.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ**

**Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggji og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.renault.is

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

**OPIÐ Í DAG
FRÁ 12-16**

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



ENNE MW / SIA / NMD/2528
*Uppgöfnun um drægni, taka mið af nýjum WLTP prófum. Akkerólög, líkæstig og ástand vegna hafa áferandi áhrif á drægni rafbúa.



Lilja Alfreðsdóttir stuðaði stjórn Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Harma niðurskurð til kvikmynda

benediktboas@frettabladid.is

KVIKMYNDIR Stjórn Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda harmar þá stöðu sem upp er komin í kvikmyndaíðnaði, þar sem boðaður er niðurskurður í frumvarpi til fjárlaga 2023 sem gangi þvert gegn Kvikmyndastefnu stjórnvalda til ársins 2030.

Í yfirlýsingu SÍK frá því í gær segir að niðurskurðurinn sem boðaður er nemi 433 milljónum króna og muni hafa alvarlegar afleiðingar fyrir framleiðslu verkefna. Þá er

stjórnin ósátt með ummæli Lilju Alfreðsdóttur, menningar- og viðskiptaráðherra, sem í Bitinu á Bylgjunni í gær gaf til kynna að gagnrýnin byggði á misskilningi.

Stjórnin bendir á að fyrirsjáanleiki kvikmyndaíðnaðar skipti sköpum enda sé ferli kvikmynda-verkefna frá hugmynd til sýninga oft langt og telji stundum mörg ár. Stjórnin vonast til að stjórnvöld endurskoði umræddan fjárlagalið og væntir áframhaldandi samtals við menningar- og viðskiptaráðherra um málið á næstu dögum. ■

Aðstaða krabbameinssjúkra sprungin

ninarichter@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL „Veikt fólk getur ekki beðið,“ segir Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins, um aðstöðumál krabbameinssjúkra á dagdeild á Landspítala. Að sögn Höllu er von á 40 prósentu aukningu í krabbameinstilfellum til ársins 2035, og byggja þær spár á NORDCAN-gagnagrunni norrænu krabbameinsskránnar. „Sömu spár gera ráð fyrir að lifendum fjölgi um 50 prósent á sama tíma, sem er auðvitað vegna þess að greiningu og meðferð fleygir fram.“

Halla segir aðstöðuna á dagdeild Landspítala núna löngu sprungna. „Hún ber ekki þessa meðferð. Starfsfólkið lætur þetta reddast og það er á kostnað alls konar þátta.“

Það verða miklar framfarir á Landspítalanum þegar nýr meðferðarkjarni verður tilbúinn. En staðreyndin er að það liggur ekkert fyrir í dag hvernig aðstöðu þessarar deildar verður fyrir komið á næstu árum,“ segir Halla.



Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins

„Það er engin aðstaða fyrir aðstandendur, það er ekki pláss til að setjast niður og borða, matur er ekki í boði og það er ekki einu sinni pláss fyrir sjálfsala með samlokum. Fólk situr mjög þétt og verður óhjákvæmilega vitni að alls konar samtölum og samskiptum.“

Halla nefnir að í krabbameinsveikindum geti ýmislegt komið upp sem fólk þarf að geta rætt við sinn hjúkrunarfræðing. „Samlíf, hægðir, verkir, sár og þunglyndi og kvíði sem dæmi,“ segir hún. „En það er engin almennileg aðstaða til þess.“

Nánar á [frettabladid.is](https://www.frettabladid.is)



Bátfillir af ferðamönnum lagði úr höfn í Reykjavíkurböfn í gær á leið í hvalaskoðun á Faxaflóa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gott sumar en háir vextir erfiðir fyrir gistipjónustuna

Ferðapjónustan hefur náð svipuðum styrk og árið 2019 eftir sumar sem gekk framfarvönunum í greininni. Erfiðleikar á helstu markaðssvæðum og háir vextir innanlands gætu sett strik í reikninginn.

gar@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA „Þetta fór rólega af stað í júní en júlí og ágúst voru vonum framfarvönunum í greininni. Erfiðleikar á helstu markaðssvæðum og háir vextir innanlands gætu sett strik í reikninginn.“

Komið hefur fram að umsvif ferðapjónustunnar í ár eru á pari við árið 2019 sem þó var lakara en metárið 2018. Það var árið 2019 sem rekstur WOW air komst í þrot.

Kristófer segir að haustið liti ágætlega út. Innan greinarinnar hafi verið áhyggjur af hækkanði orkuverði og öðrum erfiðleikum á okkar helstu markaðssvæðum. „En veruleikinn fram að þessu er í raun og veru annar. Kannski af því að það er svona mikill uppsafnaður ferðavilji,“ segir hann.

Að sögn Kristófers hafa Bretar verið að sækja í sig veðrið í flugi til Íslands. „Þeir eru okkar bestu

vetrarkunnar ásamt Bandaríkjamönnum,“ bendir hann á.

Kinverjar og ferðalangar frá öðrum löndum Asíu, sem hafa einnig verið sterkur hópur í ferðapjónustunni að vetrarlagi, hafa hins vegar enn ekki byrjað að skila sér aftur eftir Covid. Kristófer segir það meðal annars vera vegna lokunar leiða yfir Rússlandi sem gerir flugleiðir lengri og einnig vegna strangrar aðferðafræði kínverskra stjórnvalda við að hefta útbreiðslu kórónaveirunnar.

Kristófer minnir á að hægt sé að horfa á málin frá mörgum sjónarhornum og vitnar til orða Ásgeirs Jónssonar seðlabankastjóra á Ferðapjónustudeginum á miðvikudaginn. „Ásgeir sagði að við ættum að muna að horfa til þess að á Íslandi sé skattkerfið þannig að stór hluti af því byggji á neyslusköttum. Þannig að um leið og ferðamennirnir eru lentir eru þeir farnir að borga skatta á fullu og skila svo miklu inn í samfélagið.“

Markmið síns eigin fyrirtækis, Centerhotels, kveður Kristófer vera að endurheimta fyrri styrk eftir gríðarleg áföll Covid-tímabilsins með tveggja ára tekjuleysi. Hann kveður verðbólgu og háa vexti vera



Um leið og ferðamennirnir eru lentir eru þeir farnir að borga skatta á fullu og skila svo miklu inn í samfélagið.



Kristófer Oliverson, formaður Fyrirtækja í hotel- og gistipjónustu

helsta vandamál hotelgeirans um þessar mundir.

„Fjármagnskostnaðurinn tekur alveg svakalega í,“ segir Kristófer. Óvissuþættirnir séu enn margir. „En ef fluglögin meta það sem svo að Ísland sé góður áfangastaður þá skilar það sér. Og maður getur ekki verið annað en þakklátur fyrir hversu miklu betur hefur ræst við þessu en maður þorði að vona.“ ■

Prinsarnir standa vaktina í kvöld

odduraevar@frettabladid.is

BRETLAND Barnabörn Elisabetar Bretadrottningar munu standa svokallaða vakt prinsanna við kistu hennar í fimmtán mínútur í Westminster Hall í kvöld. Ekki kemur fram í breskum miðlum nákvæmlega hvenær.

Vilhjálmur Bretaprins mun standa við höfuð drottningarinnar þar sem hún liggur í kistunni á meðan bróðir hans Harry mun standa til fóta.

Báðir verða prinsarnir í herklæðum að beiðni Karls konungs hins þriðja. Hin sex barnabörnin verða í dökkum kjólfötum og munu standa við hlið prinsanna á vaktinni.

Við hlið Vilhjálms verður frænka hans og frændi Zara Tin-



Karl konungur og önnur börn Elisabetar II. heitinnar stóðu vakt við kistu móður sinnar á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

dall og Peter Phillips, börn Önnu prinsessu. Við hlið Harrys verða börn Andrésar Bretaprins, Beatris prinsessa og Eugenie. Við miðju kistunnar verða börn Játvarðar, sem er yngstur barna Elisabetar, þau lafði Lovisa og vísigreifinn James. Mökum er ekki boðið.

Um er að ræða hefð sem nær tæpa öld aftur í tímann frá því þegar Georg fimmti, langafi Karls þriðja, lést árið 1936. Við það tilefni stóðu prinsarnir Játvarður áttundi, Albert prins, Hinrik prins og Georg prins vörð við líklistu föður síns í Westminster Hall. ■

Borg draumanna...

Flórens

17. nóvember

í 3 nætur

Frábært verð

Flug & hótél frá

119.000

á mann

SKANNAÐU MIG

Heimsferðir 595 1000




221 HAFNARFJÖRÐUR


STEKKJARBERG 9

NÝ RAÐ- OG PARHÚS Í SÖLU

NÝTT!



NEÐRI HÆÐ



EFRI HÆÐ

STAÐSETNING

Einstök staðsetning í rótgrónu hverfi, mikið grænt svæði í kring.

Húsunum er skilað rúmlega tilbúnum til innréttinga að innan en fullkláruð að utan með fullkláraðri lóð og verönd.

Ál tré gluggar, húsin klædd að utan, bílskúrar fylgja öllum húsum. Húsin verða afhent í lok nóv-byrjun des 2022.

Stærð: **175-237 fm.**



ALLAR UPPLÝSINGAR VEITA



Hannes
Löggiltur fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is



Sigrún
Löggiltur fasteignasali
773 7617
sigrun@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is



Verkamenn í Kína vinna að lagningu gasleiðslu milli Rússlands og Kína í Austur-Jiangsu-héraði.
FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Rússar auka sölu á orku til Kína með nýrri gasleiðslu

Rússar og Kínverjar hafa gert með sér samning um nýja risavaxna gasleiðslu sem færa mun gas frá Síberíu til Kína. Leiðslan er talin eiga að koma í stað NordStream 2 gasleiðslunnar sem auka átti gasflutning frá Rússlandi til Þýskalands en verður ekki tekin í notkun.

ragnarjon@frettabladid.is

ORKUMÁL Risavaxin gasleiðsla sem ber nafnið Power of Siberia 2 eða „Kraftur Síberíu 2“ er nú á undirbúningsstigi en leiðslan mun sjá um að dreifa rússnesku jarðgasi frá Síberíu til Kína í gríðarlegu magni.

Leiðslan mun geta flutt yfir 50 milljarða rúmmetra af gasi á hverju ári er hún verður tekin í notkun en búist er við að lagningu hennar ljúki árið 2030. Það samsvarar flutningsgetu NordStream 1 leiðslunnar sem

áður sá um flutning á gasi frá Rússlandi til Evrópu. Sú leiðsla hefur verið lokuð síðan 2. september en Rússar skrúfuðu fyrir gasflutninga til Evrópu í kjölfar viðskiptaþvingana gagnvart landinu síðan innrás þeirra í Úkraínu hófst.

Áður hafði staðið til að NordStream 2 gasleiðslan yrði tekin í notkun sem myndi sjá meginlandi Evrópu fyrir samsvarandi magni af gasi og Kraftur Síberíu 2 mun geta flutt. Rússar horfa nú í auknum mæli til Kína og Asíu um sölu á gasi sínu eftir að tengsl Evrópulanda og Rússlands hafa dvínað í kjölfar stríðsins.

Gasleiðslan hefur lengi verið í hugmyndabanka Rússa og á sér fyrirmynd í leiðslu sem nú þegar flytur gas frá Síberíu til Kína og nefnist Kraftur Síberíu 1. Sú gasleiðsla var tekin í notkun árið 2019 en lagning leiðslunnar hefur staðið yfir í átta ár.



Vladímír Pútín Rússlandsforseti og Xi Jinping, forseti Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Leiðslan mun geta flutt yfir 50 milljarða rúmmetra af gasi á ári hverju er hún verður tekin í notkun en búist er við að lagningu hennar ljúki árið 2030.

Evrópa brást of seint við

Svo virðist sem efnahagsaðgerðir Evrópulanda og Bandaríkjanna hafi ekki eins mikil áhrif á Rússland og vonast var til. Samdráttur í rússneskum efnahag hefur mælst 4 prósent en Rússar hafa grætt gríðarlega á sölu jarðefnaeldsneytis eftir að verð á orku rauk upp vegna stríðsins. Heildarverðmæti orkusölu Rússa er talið 93

milljarðar evra á fyrstu hundrað dögum stríðsins samkvæmt Orku- og umhverfisránnsóknarstofnun Finnlands. Sérfræðingar segja að líklegast muni efnahagsaðgerðir vestrænna ríkja því ekki hafa áhrif fyrr en á næsta ári. Á meðan stefni allt í að orkukrísan muni geisa í Evrópu eftir að innflutningur á rússnesku gasi stöðvast.

Fara í gegnum Mongólíu

Forseti Mongólíu Ukhnaagiin Khurelsukh tók þátt í sameiginlegum fundi með Vladímír Pútín Rússlandsforseta og Xi Jinping, forseta Kína, nú á fimmtudaginn en Khurelsukh hefur lýst yfir stuðningi sínum við uppbyggingu leiðslunnar. „Við styðjum við uppbyggingu olíu- og gasleiðsla sem flytja munu gas frá Rússlandi til Kína en tæknilegar og efnahagslegar aðstæður réttlæta bygginguna að okkar mati,“ sagði forseti Mongólíu á fundinum en þó hafa engar áætlanir um olíuleiðslu verið formlega lagðar fram. ■

Rammar inn mikilvægi sjálfstæðis í orkumálum

bth@frettabladid.is

Evrópa hefur ekki byggt upp innviði sem skyldi til að tækla orkukrísuna í kjölfar Úkraínustríðsins. Þetta segir Halla Hrund Logadóttir orkumálastjóri.

„Þess vegna er Þýskaland að auka raforku frá kolum um 30 prósent milli ára. Sem dæmi hafa ekki verið byggðar upp stöðvar í Þýskalandi til að taka á móti fljóttandi gasi frá öðrum ríkjum en Rússlandi.“

Ef Kínverjar ákveða að kaupa stórfellt magn af Rússum í gegnum risavaxna gasleiðslu milli landanna gæti það þýtt að Evrópa þurfi að hugsa öll sín orkumál upp á nýtt. Innviðakrísan

er annað nafn yfir orkukreppuna að sögn Höllu Hrundar.

„Átökin í Úkraínu endurspeglar ósjálfstæði Evrópu í orkumálum,“ segir Halla, einkum er kemur að loftslagsmarkmiðum. Evrópa hafi veðjað á ódyrt gas frá Rússlandi í þeim efnum. Nú kvikni spurningar um hvort Þýskalandi sé stætt á að loka síðustu kjarnorkuverunum eins og stefnt hefur verið að.

„Kjarnorka hefur átt mikinn þátt í að ekki hefur farið enn verr á þessum krisutímum. Það verður áhugavert að sjá hvaða svör Evrópa hefur í innviðaupbyggingunni þegar og ef samskiptin við Rússland halda áfram að versna.“



Það má gera ráð fyrir aukinni eftirspurn eftir orku hér heima vegna þessa ástands.



Halla Hrund Logadóttir, orkumálastjóri

Orkuverð hefur hækkað margfalt í sumum ríkjum frá upphafi innrásarinnar. Verðþaki hefur verið komið á til dæmis í Bretlandi. Heimili þar munu ekki greiða nema 2.500 pund á ári sem þó gæti aðeins orðið brot af því sem orkan mun kosta.

Mikil umræða er um að Evrópusambandið hafi brugðist og að endurskoða þurfi löggjöf um orkumarkað. Endurhanna þurfi regluverk um orkumarkaðinn til að hann þjóni almenningi betur, líka á krisutímum.

„Hér heima finnum við mun minna fyrir þessu ástandi samanborið við löndin á meginlandi Evrópu, vegna þess hve langt við höfum náð nú þegar í

orkuskiptum. En það má gera ráð fyrir aukinni eftirspurn eftir orku hér heima vegna þessa ástands,“ segir Halla Hrund.

Orkumálastjóri minnir einnig á að tækifæri geti falist í krisum. Krefjandi aðstæður hafi leitt til lagningar hitaveitu í flestar byggðir hér á landi og gríðarlegar uppbyggingar íslensks orkuviðnaðar.

„Við sjáum það nú hve gott er að vera sjálfstæði í orkumálum. Á sama tíma er mikilvægt að við setjum í forgang að klára orkuskiptin. Mikil er eftir í flugi og í siglingum en ekki eftir neinu að biða að klára orkuskiptin í landi. Orkuöryggi og loftslagsmál eru efst á baugi,“ segir Halla Hrund.

Fjölögum íbúðum

Stofnframlögum þegar úthlutað vegna 3.076 almennra íbúða

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun úthlutar stofnframlögum til samfélagssinnaðra leigusala til að kaupa eða byggja almennar íbúðir.

Markmiðið er að fjölga hagkvæmum leiguíbúðum og bæta húsnæðisöryggi eignalítilla og tekjulágra. Húsnæðiskostnaður á að vera í samræmi við greiðslugetu og að jafnaði ekki umfram fjórðung tekna.

Almenna íbúðakerfið var sett á stofn árið 2016 og hefur nú þegar 19 milljörðum króna verið úthlutað til byggingar og kaupa á 3.076 íbúðum víðsvegar um landið. Heildarfjárfesting í uppbyggingu nemur um 99 milljörðum króna.

Sveitarfélög þar sem veitt
hefur verið stofnframlag



Opið fyrir umsóknir um stofnframlög

Auglýst er eftir umsóknum í síðari úthlutun fyrir árið 2022 um stofnframlög ríkisins til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 183/2020.

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnæðisöryggi þeirra sem eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu. Stofnframlög eru veitt til byggingar og kaupa á almennum íbúðum.

Við mat á umsóknum er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi þætti:

- Nýbyggingar og fjölgun leiguíbúða.
- Íbúðir á svæðum þar sem þörf er fyrir leiguíbúðir fyrir leigjendur undir tekju- og eignamörkum.

Auk þess verður lögð áhersla á:

- Hagkvæmar íbúðir hvað stærð og herbergjafjölda varðar.
- Hagkvæmar aðferðir við íbúðabyggingar í því skyni að lækka byggingarkostnað.

- Íbúðir sem uppfylla mismunandi þarfir ólíkra hópa á hverju svæði.
- Að stuðla að fjölbreyttri samsetningu íbúa og félagslegri blöndun.

Athygli er vakin á hækkun á hámarksbyggingakostnaði í reglugerð nr. 183/2020.

Umsóknarfrestur til 16. október 2022

Umsóknum skal skila inn á rafrænu formi á heimasíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Til þess að hægt sé að meta umsókn þurfa öll gögn skv. 14. gr. reglugerðar nr. 183/2020 að skila sér innan umsóknarfrests.

Nánari upplýsingar er að finna á

heimasíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, www.hms.is

Ævintýri handan hornsins.

Ný og enn rafmagnaðri kynslóð Kia Niro.
Frumssýning í dag milli 12-16 um land allt.



Movement that inspires

Nýr Kia Niro gefur nýja ásýnd á götunum og ryður brautina fyrir rafknúnum samgöngum til framtíðar. Nýr Niro verður fáanlegur með 100% rafmagni með allt að 460 km drægi, Plug-in Hybrid með allt að 65 km drægi bara á rafmagni og Hybrid. Honum fylgir nýtt útlit, nýstárlegt farþegarými og ný yfirbygging sem gerð eru úr sjálfbærum efnum og undirstrikar framtíðarsýn Kia. Með því að bjóða upp á umhverfisvænni valkosti býðst þér útfærsla sem stuðlar að grænni framtíð.

Nýr Niro verður frumsýndur í dag milli 12-16 í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 13.



Nýr Niro verður einnig frumsýndur samtímis hjá umboðsaðilum Kia um land allt.

Höldur, Tryggvabraut 12, Akureyri
KSteinarsson, Njarðarbraut 15, Reykjanesbær
BVA, Miðás 2, Egilsstaðir

Bílasala Selfoss, Hrísmýri 3, Selfoss
Bílás, Smiðjuvöllum 17, Akranes

Komdu og upplifðu töfrana, hvar sem þú ert á landinu.
Við hlökkum til að sjá þig.



*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuefirlit sem kaupandi ber kostnað af.
Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánari upplýsingar askja.is/hledslulausnir

Átta töpuð ár



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Allar líkur eru á því að þegar yfirstandandi kjörtímabil kemst á enda sitji þjóðin uppi með átta töpuð ár. Engar raunverulegar umbætur hafi orðið í samfélaginu, almenningi til hagsbóta. Allt sitji við það sama.

Kyrrstöðustjórnin sem nú situr að völdum hefur öðlast það heiti af eigin verkleysi. Hún er sett saman af þremur íhaldssömum stjórnsmálaflokkum sem líta á það sem eitt af sínum meginverkefnum í íslenski pólitík að gera engar stórvægilegar breytingar á helstu kerfum og stöðum þjóðríkisins. Miklu heldur hefur það verið helsta hlutverk hennar að standa vörð um óbreytt ástand – og gæta sérstaklega að því að fjármunirnir sem myndast hér á landi fari í réttar hendur og haldist þar.

Auðvitað er þetta raunaleg lýsing á ríkisstjórn sem komst til valda eftir einstaklega mikið umrót í stjórnmalum á sínum tíma – og fékk starfsfrið í fyrstu til að koma á tímabærri festu í landsstjórninni. Sá pólitíski ómöguleiki varð að veruleika að mynda þverpólitíska stjórn frá vinstri og yfir miðjuna til hægri – og haft var á orði á þeim tíma að hér væri komin einhvers konar þjóðstjórn eftir margra ára stjórnsmálaófrið.

Það varð svo helsta lán þessarar undarlegu landsstjórnar, eftir að hveitibrauðsdagarnir voru að baki, að hún gat afhent völd sín með áberandi hætti til vísindasamfélagsins þegar heimsfaraldurinn reid yfir með öllum sínum ósköpum. Og það var einmitt klókt hjá valdhöfnum að víkja til hliðar á þeim tíma til að fela eigið erindisleysi í íslenski pólitík.

Eftir síðustu alþingiskosningar hélt stjórnin velli. Eina ástæðan fyrir því að forkólfar hennar afréðu að halda samstarfinu áfram var að þeir gátu það. Tilgangur þeirra var sá eini að halda áfram völdum með það að markmiði að breyta engu.

Og það verður vandlega gert.


Þegar átta töpuð ár verða að baki munu engar breytingar hafa verið gerðar á fiskveiðistjórnkerfinu þar sem íslenskum ólígörkum er leyft að maka krókinn svo ofboðslega á kostnað almennings að í reyndinni er sjávarauðlindin orðin að erfðagóssi. Því síður verða nokkrar breytingar gerðar á algerlega stöðnuðu landbúnaðarkerfi sem heldur bændum landsins í fátæktargildru. Krónan mun áfram kvelja heimili og atvinnulíf með sínum heimsmiðuðu breytilegu vöxtum – og ungt fólk skal áfram greiða fjórum sinnum fyrir íbúðir sínar allt til æviloka.

Átta töpuð ár. Og kannski tólf. En það er langur tími. ■



Tilgangur þeirra var sá eini að halda áfram völdum með það að markmiði að breyta engu.

■ Gunnar



■ Mín skoðun

Að flóði loknu



Sif Sigmarsdóttir

Ég sit við eldhúsbordið heima hjá mér í Lundúnum. Mjólk súrnar í morgunverðarskál og bananahýði tekur á sig lit, hægt en örugglega eins og Íslendingur við sundlaugarbakka á Tene. Venjulega verða þessar hugleiðingar til yfir kaffi með froðu (og smjördeigshorni ef ég er ekki í aðhaldi, fjárhagslegu eða líkamlegu) á litlu kaffihúsi í næstu götu við mig. En ekki núna. Ástæðan er kapitalískur misbrestur, eða eins og það kallast á mannamáli: græðgi.

Það veitir mér enga gleði að sjá kapitalismanum verða á. Mér þykir vænt um hann. Ég nýt góðs af honum á mörgum sviðum. Froðukaffið og smjördeigshornið er aðeins brot af því besta. Það fýkur því í mig þegar þeir, sem segja sig heitustu boðbera markaðshagkerfisins, standa því fyrir þrifum.

Fyrir mánuði varð stórfloð hér í Islington-hverfi þar sem ég bý. Þungur straumur sem náði mönnum upp að mitti flæddi um götur. Hálfan dag tók að dæla vatninu burt. Fjöldi heimila og fyrirtækja varð fyrir skemmdum. Nýuppsett kaffihúsið, sem ég notaði sem skrifstofu, gjöreýðilagðist. Íþróttamiðstöð barna hverfisins hefur verið lokað um ófyrirsjáanlega framtíð.

Þegar upptök flóðsins urðu ljós greip um sig reiði. Orsökina var sprungin vatnsleiðsla. Árið 1989 var vatnsveita á Englandi einkavædd. Var þeirri ákvörðun ætlað að auka skilvirkni og fjárfestingar í innviðum. Raunin varð önnur.

Nokkrum dögum eftir flóðið í Islington bað vatnsveitan í London viðskiptavinum um að minnka vatnsnotkun sína; ekki fara í bað, bara sturtu; ekki vökva garðinn. Vatns-skortur blasti við, að sögn vegna þurrka yfir sumarmánuðina. Bónin féll í grýttan jarðveg; málið var ekki svo klippt og skorið.

Frá árinu 1989 hafa fjárfestingar í viðhaldi vatnsleiðslna á Englandi verið af svo skornum skammti að tuttugu prósent alls neysluvatns fara til spillis vegna leka. Ástæðan sést í efnahagsreikningum. Á

árunum 2007-2016 voru níutíu og fimm prósent hagnaðar vatnsveitufyrirtækja greidd út sem arður. Meira að segja dagblaðið Financial Time, Pravda frjálshyggjunnar, boðaði á dögnum að „tími væri kominn til að viðurkenna að það hefðu verið mistök að einkavæða vatnsveituna.“

Í óþökk almennings

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra steig fram á völlinn í vikunni og kynnti fjárlagafrumvarp næsta árs. Þar gaf hann hluta liðs síns langt nef og einspilaði í átt að markinu – eða takmarkinu sem virtist vera aukinn einkarekstur í heilbrigðiskerfinu. „Ég tel að við munum ná mun meiri árangri ef við aukum samstarf opinberra aðila við einkaaðila,“ sagði Bjarni.

Stefnubreytingin kom samstarfsflokki Bjarna, Vinstri grænum, í opna skjöldu. „Sterkt opinbert heilbrigðiskerfi hefur verið kjarni íslenskrar heilbrigðisþjónustu allar götur,“ sagði Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra og fyrrverandi heilbrigðisráðherra. „Ekkert er að finna í stjórnarsáttmála um að það kunni að vera til endurskoðunar.“

Einkavæðing vatnsveitunnar á Englandi var gerð í óþökk almennings. Jonathan Portes er hagfræðiprófessor við einn virtasta háskóla Bretlands. Hann vann við að útfæra einkavæðinguna árið 1989. Hann segir skattgreiðendur hafa stórtapað þegar ríkiseignir voru seldar á undirverði og neytendur hafa verið ofrukkaða fyrir grunnþjónustuna allar götur síðan.

Það er hvítleið bókstafstrú að halda að all farist einkaaðilum sjálfkrafa betur úr hendi. Fátt kemur að auki jafnmiklu óorði á kapitalismann og illa ígrunduð einkavæðing.

Stendur aukinn einkarekstur innan heilbrigðiskerfisins fyrir dyrum? Bjarni segir já. Svandís segir nei. En hvert er svarið? Samræðu er þörf. Heilsa þjóðar – og kapitalismans – er í húfi. ■

Námskeið fyrir matsmenn 19. og 20. október 2022

Lögmannafélag Íslands og dómstólasýslan standa fyrir námskeiði fyrir dómkvadda matsmenn. Farið verður yfir hlutverk matsmanna og starf þeirra frá dómkvæðningu og þar til þeir skila matsgerð og/eda mæta fyrir dóm. Þá verður farið yfir ákvæði einkamálalaga sem varða störf matsmanna og samningu matsgerða, undirbúning matsfunda, uppsetningu matsgerða og störf á vettvangi.

Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem hafa verið matsmenn eða vilja gefa kost á sér sem matsmenn fyrir dómi.

Handbók með ítarlegum leiðbeiningum fyrir dómkvadda matsmenn er innifalinn námskeiðsgjaldi.

Kennarar: Viðar Lúðvíksson lögmaður hjá Landslögum og Ragnar Ómarsson byggingafræðingur á Verkfræðistofunni Verkís, formaður Matsmannafélags Íslands.

Staður: Fundarsalur Bládamannafélags Íslands, Síðumúla 23, 3. hæð, 108 Reykjavík. og Héraðsdómur Reykjavíkur.

Tími: Alls 7 klst. Miðvikudagur 19. október kl. 13.00-16.00 og fimmtudagur 20. október kl. 12.30-16.30

Verð: kr. 47.000,-

Nánari upplýsingar og skráning á www.lmf.is



LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS
DÓMSTÓLASÝSLAN



VIÐ ERUM KOMIN AFTUR

**VÖRUHÚSIÐ ER AFTUR OPIÐ
FYRIR ALMENNING.**

**PERSNESK TEPPI Á VERÐI
SEM ENGINN GETUR KEPPT VIÐ!**

**Opið í dag laugardag kl. 10-22
og á morgun sunnudag kl. 12-22**

Cromwell Rugs® ehf.

Víkurbvarf 2 • Sími 835 70 70



Heimir kom Íslandi á HM í fyrsta sinn árið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Heimir á Jamaíku næstu fjögur ár

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Staðfest var í gærkvöldi að Heimir Hallgrímsson yrði næsti þjálfari karlalíðs Jamaíku í knattspyrnu, Reggístrákanna eins og þeir kallast. Heimir skrifaði undir fjögurra ára samning í Kingston og stýrir liðinu í fyrsta sinn gegn Argentínu þann 27. september næstkomandi. Þetta er fyrsta starf Heimís í rúmt ár eða frá því að hann lét af störfum hjá Al-Arabi í Katar.



Jamaíka er einu sæti fyrir ofan Ísland á heimslista FIFA.

Heimir tekur við liðinu af heimamanninum Paul Hall sem sagði upp störfum fyrr á þessu ári eftir deilur við knattspyrnusambandið um aðstöðu og aðbúnað. Heimir verður tólfti erlendi þjálfari Jamaíku frá upphafi og tekur við liðinu í 62. sæti heimslistans, einu sæti ofar en Ísland.

Reggístrákarnir hafa ekki komist í lokakeppni HM frá 1998 en eru í dauðafæri á að komast á næsta mót þar sem sex þjódir frá Norður- og Mið-Ameríku komast inn á næsta HM og tvær þjódir til viðbótar fá sæti í umspili. ■



Kvinnaliðið í gólfæfingu á fimmtudaginn. MYND/STEFÁN ÞÓR FRÍÐRIKSSON

Verja gullið í dag

kristinnpall@frettabladid.is

FIMLEIKAR Karla- og kvinnalandslið Íslands keppa í úrslitum á Evrópumótinu í hópfimleikum í Lúxemborg í dag. Kvinnalandsliðið hefur gull að verja frá því í fyrra en karlalandsliðið náði í silfurverðlaun á síðasta ári. Fylgst verður með gangi mála á vef Fréttablaðsins.



Kvinnalið Íslands hefur þrisvar orðið Evrópumeistari.

Kvinnalandsliðið lenti í þriðja sæti í undanúrslitunum á fimmtudag þrátt fyrir nokkur smávægileg mistök og getur liðið hæglega náð að endurtaka leikinn frá því í fyrra með góðri frammistöðu í dag.

Það sama má segja um karlalíðið sem lenti í fimmta sæti í undanúrslitunum þrátt fyrir nokkur mistök á undanúrslitakvöldinu. ■

Mun fá fyrirlíðabandið á nýjan leik

Landsliðshópur íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu fyrir komandi verkefni liðsins undir lok septembermánaðar var opinberaður í höfuðstöðvum Knattspyrnusambands Íslands í gær. Reynslumiklir leikmenn bætast við hópinn.

aron@frettabladid.is

FÓTBOLTI Íslenska landsliðið leikur tvo leiki í komandi verkefni. Æfingaleik gegn Venesúela í Austurríki og þá mætir liðið Albaníu á úti-velli í Þjóðadeild UEFA, leikur sem gæti orðið úrslitaleikur um það hvort liðið fái sæti í A-deild næsta árs.

Aron Einar Gunnarsson, Guðlaugur Victor Pálsson og Alfreð Finnbogason koma allir inn á nýjan leik í landsliðið eftir mismikla fjarveru en það er kærkomin viðbót í hópinn fyrir Arnar.

Fær fyrirlíðabandið á ný

Áhugaverðasta viðbótin er án efa Aron Einar Gunnarsson sem mun bera fyrirlíðabandið á ný í íslenska landsliðinu. Aron Einar hefur ekki spilað landsleik síðan í júní á síðasta ári. Um miðvik síðasta árs komu fram áskanir á hendur honum og kollega hans Eggert Gunnþór Jónssyni, leikmanni FH.

Aron og Eggert voru sakaðir um að hafa nauðgað konu í Kaupmannahöfn árið 2010 og kynferðisbrotamál höfðað gegn þeim. Ríkissaksóknari hefur nú staðfest niðurfellingu Héraðssaksóknara á málinu og því ekkert sem meinar Arnari Þór, miðað við gildandi reglur KSÍ, að velja Aron á ný í landsliðið.

Íslenska landsliðið undanfarið ár hefur verið meðal yngstu landsliða Evrópu. Arnar Þór segir áskoranir felast í því, það hægi á þróuninni hjá liðinu.

„Þetta hefur oft ekki verið besta blandan, það hefur vantað reynslumeiri leikmenn inn með þessum yngri. Þessir reyndari leikmenn sem koma inn núna jafna þessa blöndu,“ sagði Arnar Þór á blaðamannafundi gær dagsins. „Þetta er kjörið fyrir okkur því reynslumeiri leikmenn koma til með að hjálpa þeim yngri innan sem utan vallar.“

Það stóð ekki á svörum hjá Arn-



Aron Einar Gunnarsson, snýr aftur í íslenska landsliðið í komandi verkefni liðsins undir lok september. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Vita allir hvað hann getur gefið þessu liði



Arnar Þór Viðarsson, landsliðsþjálfari íslenska karlalandsliðsins

ari er hann var spurður hvað Aron Einar gæfi landsliðinu í endurkomunni. „Aron Einar var að sjálf-sögðu í mínum fyrstu hópum og það vita allir hvað hann getur gefið þessu liði. Hann hefur verið fyrirlíði liðsins í mörg ár og hvað reynsluna varðar getur hann gefið mikið af sér.“

Lið fram yfir leikmann

Önnur stór frétt varðandi ný tilkynntan landsliðshóp er sú að Albert Guðmundsson, leikmaður ítalska félagsins Genoa, er ekki í hópnum. Arnar Þór talaði hreint og beint um stöðu Alberts í landsliðinu. Hann er ekki ánægður með hugarfar leikmannsins.

„Ég var bara mjög óánægður og svektur með hugarfar Alberts í síðasta landsliðsverkefni. Fyrir mér er það þannig að það felst í því mikill heiður að spila fyrir íslenska landsliðið, það kallar á hundrað prósent hugarfar alla daga og alltaf. Annað hvort ertu hundrað prósent með í því sem við erum að gera eða ekki.“

Arnar lokar þó ekki á þann möguleika að Albert verði í hans landsliðshópum í framtíðinni. „Við þurfum ekki að horfa langt aftur í tímann til að sjá að allir bestu leikmenn landsliðsins undanfarin ár hafa alltaf sett frammistöðu liðsins fram yfir sína eigin frammistöðu. Það er eina leiðin til að ná árangri.“

Hefur trú á fremstu mönnum

Framherjastadan hefur verið hausverkur fyrir íslenska landsliðið

undanfarið og í landsliðshópnum voru opinberaðir þrír hreinræktaðir framherjar landsliðsins, bræðurnir Sveinn Aron og Andri Lucas Guð-johnsen. Þá snýr Alfreð Finnbogason aftur í landsliðið eftir meidslahrjáða fjarveru.

Alfreð er kominn á skrið með danska úrvalsdeildarfélaginu Lyngby og Arnar Þór er ánægður með framherjana sem hann hefur úr að velja.

„Alfreð hefur spilað alla þá leiki sem hann hefur getað spilað síðan hann skrifaði undir hjá Lyngby. Að sjálf-sögðu þarf hann í kjölfarið að koma sér í betra leikform en það er alveg ljóst í mínum augum að Alfreð Finnbogason á sæti í íslenska landsliðinu skilið. Ég er mjög ánægður með að hann sé kominn aftur eftir erfið ár.“

Sveinn Aron og Andri Lucas hafa verið í undanförmum landsliðshópum hjá mér.

Þetta eru leikmenn sem ég hef mikla trú á og veit að þeir munu skila vel af sér því hlutverki sem við gefum þeim. Ég er mjög ánægður og ber mikið traust til þessara þriggja framherja.“ ■

Möguleikinn sé til staðar gegn góðum mótherja

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Karlalandslið Íslands í flokki 21 árs og yngri mætir Tékklandi í umspilsleikjum um sæti í lokakeppni Evrópumótsins á næsta ári. Davíð Snorri Jónasson, þjálfari liðsins, er brattur fyrir komandi verkefni.

Fyrri leikur liðanna fer fram á Víkingsvelli á föstudag en sá síðari ytra fjórum dögum síðar.

„Þetta leggst mjög vel í mig. Maður er búinn að biða lengi eftir þessum leikjum,“ segir Davíð í samtali við Fréttablaðið.

„Við erum með góðan hóp og að fara að spila við hörkulið. Þetta verður gott einvígi.“

Davíð telur Ísland eiga góða möguleika gegn Tékkum en tekur þó fram að liðið sé afar sterkt.

„Tékkneskur fótbolti er kannski ekki mest á radarnum hér á Íslandi. Þeir spiluðu góða leiki við England, unnu örugga sigra heima og fóru í útileiki sem voru erfiðir og unnu góða sigra.“

Kristall Máni Ingason, leikmaður



Fram undan eru afar mikilvægir umspilsleikir hjá undir 21 árs landsliði Íslands



Við erum með góðan hóp og að fara spila við hörkulið. Þetta verður gott einvígi

Davíð Snorri Jónasson

Rosenborg, er hluti af hópnum sem mætir Tékkum. Hann hefur verið að glíma við meidslu og komu tíðindin því nokkuð á óvart.

„Tímalínan með meidslin hans er svolítið þannig að það er hver dagur sem skiptir máli. Hann kemur hingað heim og við munum skoda hann þegar þar að kemur.“

Nokkrir leikmenn sem eru í hópi A-landsliðs karla fyrir komandi verk-

efni þar eru gjaldgengir í U-21 árs liðið. Það er hugsanlegt að einhverjir þeirra verði kallaðir yfir í yngra liðið fyrir seinni leikinn gegn Tékkum. Það fer eftir því hvort A-landsliðið eigi möguleika fyrir leik sinn gegn Albaníu í Þjóðadeildinni. Hann fer fram sama dag.

„Þegar við erum að undirbúa svona er ýmislegt rætt, en við erum ekki komnir í það mikil smáatriði.

Eins og staðan er núna leggjum við upp með að klára gluggann svona,“ segir Davíð og bætir við að sambandið á milli hans og þjálfara A-landsliðsins sé gott.

Davíð segir mikilvægt að fólk fylli stúkuna í fyrri leiknum hér heima.

„Það var þvítíkt gaman að spila hér heima í júní fyrir framan frábæra áhorfendur. Hér eru tvö lið að fara að spila úrslitaleik og það er eitthvað sem fólk vill ekki missa af.“ ■



Glæsileg sjávarútvegssýning í Laugardalshöllinni

21. – 23. september 2022




Sýningin er opin:

Miðvikudag: 21. sept. 14.00-19.00

Fimmtudag: 22. sept. 10.00-18.00

Föstudag: 23. sept. 10.00-18.00



**ICELAND FISHING
EXPO 2022**

Sjávarútvegur 2022

www.icelandfishexpo.is


LÝKUR Á MÁNUDAG

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
DÖNSKUM VÖRUM*



Danskir
DAGAR



CHRISTO

Fallegt hringlaga borðstofuborð. Hvítaður olíuborinn eikarspónn. Ø120 x 75 cm.

111.992 kr. ~~139.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR
AF SMÁVÖRU FRÁ

b
BROSTE
COPENHAGEN



Bitz

evasolo

ester & erik

Verti
OPENHAGEN*

by Sommer



KAY
BOJESEN
DENMARK

bodum



NORDAL KAUAI

Skál á fótum.

Ø35 cm. **15.992 kr.** ~~19.990 kr.~~

Ø26 cm. **7.992 kr.** ~~9.990 kr.~~



BITZ GALAXY

Pastaskál Ø20 cm. **3.192 kr.** ~~3.990 kr.~~



CES'T BON

Kristalkertastjakar. Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá **3.192 kr.** ~~3.990 kr.~~



BROSTE VANILLA

Skál. Ø17 cm

1.432 kr. ~~1.790 kr.~~

Reykjavík 11 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



SALTO

Hornsófi. Hægri eða vinstri. Koníak bonded leðuráklæði. 275 x 216 x 85 cm.

295.992 kr. ~~369.990 kr.~~



HELGA

3ja sæta sófi. Natur áklæði. 218 x 97 x 81 cm.

207.992 kr. ~~259.990 kr.~~



MATIS

U-sófi. Hægri eða vinstri. Abba ljósgrátt áklæði. 317 x 186 x 78 cm.

223.992 kr. ~~279.990 kr.~~



FRIDAY

Tungusófi. Þægilegur og notalegur sófi í gráu Bari áklæði. 256 x 175 x 91 cm.

175.992 kr. ~~219.990 kr.~~



FLORIDA

Hornsófi, vinstri eða hægri. Svart, grátt eða brúnt leður. 260 x 218 x 95 cm.

399.992 kr. ~~499.990 kr.~~



BÅSTAD

Hornsófi, vinstri eða hægri. Grátt áklæði.

306 x 193 x 78 cm. **463.992 kr.** ~~579.990 kr.~~



SIXTY

3ja sæta sófi. Blátt eða Silver velvet.

225 x 95 x 94 cm. **267.992 kr.** ~~334.990 kr.~~



CHARLIETOWN

3ja sæta sófi. Dökkgrátt Vic sléttflauel.

219 x 88 x 78 cm. **135.992 kr.** ~~169.990 kr.~~



DC 8900

Fallegur 3ja sæta sófi með mjúku savoy/split leðri. 224 x 86 x 80 cm.

263.992 kr. ~~329.990 kr.~~



BRISTOL

Hægindastóll.

Grátt eða blátt velvet.

79.992 kr. ~~99.900 kr.~~



MADISON

Hægindastóll.

Ýmsir litir.

39.992 kr. ~~49.900 kr.~~



HORSENS

Hægindastóll. Svart, grátt eða

koníaksbrúnt leður. **215.920 kr.** ~~269.900 kr.~~



CANNES

Hægindastóll, ýmsir litir.

159.992 kr. ~~199.990 kr.~~



Rut Kára kynnir nýju motturnar í Höllinni milli kl. 13-15 í dag laugardag

Rut Kára verður í Húsgagna-höllinni í Reykjavík í dag laugardag, 17. september, milli klukkan 13 og 15.

En nýjar mottulínur Hallarinnar, Ró, Kyrrð og Friður, eru einmitt hannaðar í samvinnu við Rut.

Þér er boðið að koma og þiggja

faglega ráðgjöf við val á mottu fyrir þitt heimili eða ráðleggingar um það hvernig þú nærð því besta út úr mottunni sem þú átt þegar.

Við hvetjum þig eindregið til að koma með góðar myndir af rýminu sem þú ætlar að fá ráðleggingar fyrir svo auðvelt sé að sjá t.d.

hvaða lögun, litur og stærð mottu passar við húsgögnin og rýmið í heild. Ráðgjöfin er viðskiptavinum okkar að kostnaðarlausu.

20%
kynningar-
afsláttur
laugardag og sunnudag



* Gildir ekki af sérpöntunum eða vörum frá Skovby.

HÚSGAGNA HÖLLIN



BJORK@FRETABLADID.IS

Þvílíkt ævistarf

Í vor fjallaði Fréttablaðið um mál Melissu Lucio sem taka átti aflífi í Texas. Melissa er fátæk fjórtán barna móðir sem sökuð var um að hafa banað þá yngsta barni sínu, tólf árum fyrr. Gísli Guðjónsson, réttarsálfræðingur og frumkvöðull á því sviði, veitti sérfræðiálit sitt í málinu þrátt fyrir að hafa að nafninu til farið á eftirlaun fyrir áratug. Hann sagði málið eitt það alvarlegasta sem hann hefði komið að en málin eru nú komin yfir eitt þúsund.

Dómurinn var byggður á játningu Melissu sem hafði ítrekað neitað að hafa valdið dauða barnsins. Lögreglumenn beittu hana miklum þrýstingi og hún hafði ekki lögmenn sér til halds og trausts. Að lokum gafst hún upp og sagði: „Ætli ég hafi þá ekki gert þetta, ég ber ábyrgð á þessu.“

Gísli kom að málinu í febrúar en aftakan var ráðgerð í apríl og byggði á módeli sem hann sjálfur hefur þróað um áhættuþætti sem geta haft áhrif á áreiðanleika játninga og er byggt á aðferð sem hann notaði til að meta játningar í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum.

Skemmt er frá því að segja að ríkisstjóri Texas sló aftöku Melissu á frest ótímabundið í kjölfar greininger Gísla.

Saga Melissu er aðeins ein margra slíkra sagna. ■



Hann sagði málið eitt það alvarlegasta sem hann hefði komið að en þau mál eru nú komin yfir eitt þúsund.

Við mælum með



Abbababb! í bió

Hin glænýja íslenska dans- og söngvamynd Abbababb! er komin í sýningar í Háskóla- og Smárabíó. Kvikmyndin sem er stúttfull af gleði og glimmeri er byggð upp í kringum tónlist samnefndrar plötu Dr. Gunna frá árinu 1997 þó að ný lög bættist við. Yfir 200 börn leika í myndinni og hefur annað eins sjónarspil í litríkum búningum, pallíettum, hárspreyi, dansi og glimrandi gleði varla sést áður í íslenskri kvikmynd og mælum við með að ungir sem aldnir smelli sér í bió og komi út í stuði!

Verzlanahöllinni

Á efri hæðinni við Laugaveg 26 er Verzlanahöllin sem stendur fyrir umboðssölu á notuðum fatnaði frá einstaklingum. Verslunin er sérlega vel staðsett, aðgengileg og vel uppsett og þar leynast gullmolar af skvísium í miðbænum, fyrir skvísur í miðbænum og alla aðra. Enda er gott úrval af fatnaði í ólíkum stærðum og vintage fatnaði. ■



Rassamælar og dapurlegt ástarlíf á sviði Bæjarbíós

Þær Snjólaug Lúðvíksdóttir og Saga Garðarsdóttir eru sagðar eðlilegustu og fyndnustu konur landsins í kynningu uppistandssýningarinnar Allt eðlilegt hér sem fram fer í Bæjarbíói í kvöld

bjork@frettabladid.is

Við kynntumst í gegnum sameiginlega vini og uppistandið,“ segir Snjólaug þegar blaðamaður spyr hana út í kynni þeirra. „Við höfðum oft talað um að gera eitthvert grín saman en það fannst aldrei tími – svona eins og þegar fólk segir „tökum kaffi bráðlega“ og svo talast það aldrei aftur við,“ segir hún í léttum tón. „En allt í einu kom einhver óskiljanlegur drifkraftur yfir okkur og við höfðum samband við Bæjarbíó og bara kýldum þetta í gegn. Held við höfum verið soldið ástar eftir allt slenið í Covid, það hefur hjálpað.“

Þó að þær Snjólaug og Saga eigi grínið sameiginlegt eru aðstæður þeirra ólíkar og er það meðal umfjöllunarefna sýningarinnar, önnur ráðsett og hin í eilífri leit að ástinni.

„Saga er með rassamæla á heilanum og talar soldið um þá. Svo gerir hún grín að eiginmanni sínum og foreldrum, líkamsræktardellu Íslendinga og Tenerife-ferðalögum og alls konar annarri þvælu,“ segir Snjólaug.

„Ég tala um dapurleg ástarmál mín og slæmar stefnumótasögur, svo á ég sjöttíu systkini og flókna samsetta fjölskyldu og geri soldið grín að stjúpungslum og flækjum tengdum þeim,“ segir hún og bætir við að í sameiningu nái þær að dekkja íslenskt samfélag ágætlega.

Ég er skithrædd við hana

Stöllurnar skrifuðu hvor í sinu lagi og eru hvor með sitt uppistandið.

„Svo hittumst við nokkrum sinnum og fengum saman taugaáfall yfir því að vera mögulega ekkert fyndnar – en peppuðum hvor aðra upp úr þeirri holu fljótt.“

Snjólaug segir viðbrögðin hafa verið virkilega góð. „Fólk hlær og hlær og slær sér á lær – við erum í skýjunum eftir hverja sýningu og bara frekar góðar með okkur.“

Þegar hún er svo spurð um mögulegar uppkomur í ferlinu má greina örhlittinn alvarleika í Snjólaugur. „Saga er í mjög falletum grænum silkikjól á sýningunum sem hún er agalega stressuð yfir að krumpa, hún fer í hanska og gufar hann fyrir hverja sýningu – svo sest hún ekki niður



Snjólaug Lúðvíksdóttir gerir grín að dapurlegum ástarmálum sínum en einnig stjúp fjölskyldum enda segist hún sjálf eiga sjöttíu systkini. MYNDIR/ADSENDAR



Ólíkar aðstæður þeirra Snjólaugar og Sögu eru uppspretta uppstands þeirra, önnur er ráðsett móðir en hin í eilífri leit að ástinni en hvoru tveggja getur verið uppspretta kómískra aðstæðna.

í honum og það má bara helst ekki líta í áttina að henni þegar hún er í kjólnum. Fólk gerir sér engan veginn grein fyrir því hversu mikil diva hún er. Ég er skithrædd við hana.“

Samkvæmt tix.is eru einhver sæti laus á sýninguna í kvöld sem er sú síðasta í bili en aðspurðar segja þær þó mögulegt að sýningin verði aftur tekin upp í nóvember. ■

Í vikulokin

Vitlaust gefið í hvert einasta sinn



Ólafur Arnarson

Sagt er að hver þjóð fái þá valdhafa sem hún á skilið. Sé þetta rétt eigum við Íslendingar fátt gott skilið.

Niðurstöður kosninga hér á landi eru oft með slíkum ólíkindum að velta má fyrir sér hvort við Íslendingar séum einstaklega skyni skroppið fólk. Eða, eru allar talningar eins og í Norðvestur og ekki greidd atkvæði sem ráða úrslitum?

Í Bandaríkjunum hefur stundum verið gantast með að ekki skipti öllu máli að vinna kosninguna, öllu máli skipti að vinna talninguna.

Hér á Íslandi er landsbyggðin er með allt að tvöfaldan atkvæðisrétt á við okkur sem búum á höfuðborgarsvæðinu. Ákveðinn hroki felst í því að kenna slíkt fyrirkomulag við lýðræði. Talningin er unnin fyrirfram.

Reyndar sagði Karl Marx að lýðræðið væri blekking. Fólk héldi að það hefði val en staðreyndin væri hins vegar sú að valda- og fjármála-elítan leyfði fólk einungis að halda á nokkurra ára fresti að það væri að velja fulltrúa og stefnu.

Þegar horft er yfir svið íslenskra

stjórn mála koma orð Marx upp í hugann. Margir kjósa Sjálfstæðisflokkinn til að skattheimtu sé haldið í skefjum. Flokkurinn hefur stýrt fjármálaráðuneytinu með stuttum hléum frá stofnun. Skattar og álögur hér á landi eru með þeim hæstu í heiminum og fara síhækkandi undir forystu Sjálfstæðisflokksins. Raunar er öll gjaldtaka af fólk og fyrirtækjum hömlulaus, nema af fyrirtækjunum sem flokkurinn gefur fiskinn í sjónum.

Margir kjósa Vinstri græn sem



Reyndar sagði Karl Marx að lýðræðið væri blekking.

verkalýðsflokk og gegn NATO. Horfa síðan á eftir flokknum í samstarf með Sjálfstæðisflokknum og formanninum á fínar ráðstefnur með helstu leiðtogum NATO hér og hvar um heiminn.

Eftir situr almenningur í fátæktargildru krónuhagkerfisins, með dýrustu húsnæðislán í heimi, á meðan valda- og fjármálaelítan leikur sér og veit að næstu kosningar skipta engu máli. Kannski talningin en ekki kosningin. Það er nefnilega vitlaust gefið. ■

20%

af gæludýravörum
og fóðri



- ★ FJÖLDI SKEMMTILEGRA SMÁHUNDA SEM GAMAN ER AÐ KYNNA SÉR, S.S. TIBETIAN TERRIER, SHIS TZU, JAPANSKUR SPITS OG FLEIRI.
- ★ GÓÐIR GESTIR VERÐA Á SVÆÐINU; HULDA KLARA HUNDAÞJÁLFARI, DÝRALÆKNAR, DÝRFINNA, DÝRAHJÁLP ÍSLANDS.
- ★ FÓÐURKYNNINGAR Á VEGUM BELCANDO, HILLS OG ROYAL CANIN FÁÐU RÁÐLEGGINGAR UM HENTUGT FÆÐI FYRIR HUNDINN ÞINN.

**Haustlaukarnir
komnir!**



Verið velkomin á
**smáhunda-
kynningu**

Garðheima og HRFÍ

17.-18. september
frá kl 13-16



**Glæsilegt úrval
af haustlyngi**



GARÐHEIMAR

opið alla daga 10 - 21 & allan sólarhringinn á gardheimar.is



Hann hefur sett mark sitt á yfir þúsund sakamál víða um heim. Fjölda refsidóma hefur verið hrundið eftir aðkomu hans og minnst fjórir fangar sem beðið hafa dauðarefsingar eiga honum líf sitt að þakka. Margir telja aðkomu hans eiga stærstan þátt í að Guðmundar- og Geirfinnsmál voru endurupptekin.

Réttarsálfræðingurinn Gísli Guðjónsson er prófessor emeritus við King's College í Lundúnum og heiðursprófessor við Háskólann í Reykjavík. Hann er frumkvöðull á sviði réttarsálfræði og þrátt fyrir að hafa farið á eftirlaun fyrir áratug er hann enn á fullu. Í dag velur hann vandlega og tekur aðeins þau flóknu mál sem hann getur ekki vísað annað. Auk Guðmundar- og Geirfinnsmála má nefna mál hinnar dauðadæmdu Melissa Lucio sem Fréttablaðið fjallaði um í vor, en ríkisstjóri Texas sló aftöku hennar á frest ótímabundið í kjölfar greiningar Gísla á játningu hennar.

Mörg þeirra mála sem Gísli hefur komið að hafa hlotið heimsathygli og má þar nefna mál Henry Lee Lucas í Texas, sem fjallað er um í heimildarmyndinni The Confession Killer og hryðjuverkamálin frægu frá Birmingham og Guildford í Bretlandi, sem Óskarsverðlaunamyndin In the Name of the Father byggir á.

Hvaðan kemur ástríðan?

„Það var forvitnin,“ segir Gísli og ljóst er að hann telur forvitnina vera frumskyldu hvers vísindamanns. „Að vera réttarsálfræðingur er eins og að vera keppnisíþróttamaður. Þú þarft stöðugt að halda þér í þjálfun,“ segir Gísli sem hugsar jöfnum höndum um réttlætið og framþróun vísindanna. „Í öllum málum sem ég hef tekið að mér hef ég spurt mig: Hvað hef ég lært af þessu máli? Hvað get ég gert betur og kennt öðrum með því að skrifa greinar um málið?“ segir Gísli og fullyrðir að hvert einasta mál hafi haft þýðingu fyrir fræðin.

Forvitnin er frumskylda



Adalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Það var forvitnin sem rak Gísla utan í nám en hann vissi ekki að hans sérsvið yrði á dekkri hliðum mannlífsins þegar hann skráði sig í hagfræði við Brunel-háskólann á Englandi árið 1971. Eftir fyrstu önnina var gerð krafa um sex mánaða verklegt nám og tilviljun réð því að Gísli réð sig á áfangaheimili fyrir vandræðaunglinga í Bristol þar sem hann starfaði í sex mánuði.

„Þetta vakti mikla forvitni hjá mér því sjálfur var ég ansi saklaus. Ég reykti ekki, neytti ekki áfengis, var í íþróttum og þekkti eiginlega ekkert inn á lífið. Ég var svo saklaus, trúði heils hugar á réttarkerfið, dómskerfið, lögregluna og hafði almennt fulla trú á öllu hinu góða og hafði ekki séð neitt vont eða slæmt,“ segir Gísli.

Ári síðar var aftur komið að verknámi og Gísli ákvað að koma heim til Íslands. Hann fékk sumarstarf hjá lögreglunni og var spenntur að sjá hvort saklausa Reykjavík gæti átt sér dekkri hliðar en hann hafði séð. Með forvitnina í fyrirrúmi vildi hann helst vera þar sem mestur fyrirgangur var, leitaðist eftir aukavöktum og ekki síst á nóttunni.

Trúnaðarmál um Breiðavík

Á þriðja ári hafði Gísli fært sig yfir í sálfræði og hóf undirbúning að lokaverkefni. Hann tók síðustu verklegu törnina hjá Félagsmálstofnun Reykjavíkur. Það reyndist örlogarík ákvörðun.

„Þar er þá svo mikið verið að tala um heimili sem heitir Breiðavík og tekur börn sem hafa lent í vandræðum. Þetta sé svo góð stofnun að þeir sem fari þarna lendi aldrei í vandræðum aftur, þetta er svona góður staður. Þá vaknar spurning hjá mér. Er hægt að staðfesta að þetta sé svona góður staður eins og

af er látið?“ segir Gísli. Árið er 1974 og Gísli hefur gert hina vel þokkuðu Breiðavík að sínu fyrsta rannsóknarverkefni.

„Þessir 72 strákar í rannsókninni minni voru flestir með hegðunarvandamál sem erfitt var að ráða við. Sumir þeirra höfðu ekki verið í afbrotum áður en þeir komu í Breiðavík en gerðust síðan afbrotamenn,“ segir Gísli sem hafði líka reynt að afangaheimili í Bristol að byggja á. „Ég vissi að unglingar eru ekki annað hvort góðir eða slæmir að upplagi og áhugi vaknaði á hvernig væri hægt að forða því að börn fremdu afbrot með því að bæta stöðu þeirra. Um þetta átti þessi fyrsta rannsókn mín að vera; um þetta heimili fyrir vestan sem fór svo gott orð af,“ segir hann.

„Niðurstaðan var að þetta var algerlega öfugt,“ segir Gísli, en það var rannsókn hans sem veitti heimilinu náðarhögg við nokkrum árum síðar. Meðal niðurstaðna Gísla um Breiðavík var að um 83 prósent drengja sem þangað höfðu komið áttu eftir að komast í kast við lögin síðar. Þar af höfðu 75 prósent fengið skráningu um hegningarlagaþrot í sakaskrá.

Gísli fékk fyrstu ágætiseinkunn fyrir lokaverkefnið og tók við sérstöku verðlaunum fyrir frammi- stöðu sína við útskriftina. Ekki voru þó allir jafn ánægðir með niðurstöður BS-ritgerðar hans.

Ritgerðin var prentuð út á Félagsmálstofnun Reykjavíkur. „Það voru um tuttugu eintök prentuð og þá sást hver niðurstaðan var,“ segir Gísli. Þá voru eintökin stimpluð „trúnaðarmál“ á forsiðuna. Sjálfur hafði Gísli fengið þrjú eintök áður en stimpillinn fór á loft en brýnt var fyrir honum að fara varlega með niðurstöðuna, sem hann gerði.

„Ég var þarna í minni fyrstu rannsókn byrjaður að valda vandamálum,“ segir Gísli og kímur. „Þetta var hneyksli, að niðurstöðurnar hjá mér voru ekki í samræmi við þá ímynd sem fólk hafði um staðinn. Ég tel að þær hafi haft áhrif á að heimilinu var lokað árið 1979. Niðurstöður mínar komu ekki fram í fjölmiðlum



Þau voru orðin rugluð af einangrun og yfirheyrslum. Þetta var ekki þannig að þau myndu atburði beinlínis heldur var þetta efi.

af því að þessu var haldið ofan í skúffu sem trúnaðarmáli.“

Rúmum þremur áratugum síðar var Gísli skipaður sérfræðingur í nefnd á vegum ríkisins sem rannsakaði aðstæður og illa meðferð á vistheimilinu. „Þá var mín gamla skýrsla meðal gagna sem fyrir lágu en það var lítið til af öðrum gögnum. Ég birti bókarkafla um rannsóknina 1981 til að aðrir gætu lært af þessu máli en svo lá þetta bara kyrrt í mörg ár,“ segir Gísli.

Hvaða áhrif hafði Breiðavík á þróun ferilsins?

„Breiðavíkurrannsóknin gerði mig að vísindamanni, af því að ég lærði af henni að maður getur ekki gefið sér að það sem talið er sé svo í raun. Ekki er allt sem sýnist og þess vegna þarf alltaf að lita undir yfirborðið.

Ég lærði strax þarna í upphafi að maður þarf að rannsaka hlutina sjálfur og getur ekki gefið sér neitt, nema rannsaka sjálfstætt. Rannsóknin mun tala sínu máli, óháð því hverju haldið er fram,“ segir Gísli, sem hefur haft þetta að leiðarljósi allan sinn feril.

Gísli hefur ekki aðeins komið að gífurlegum fjölda sakamála heldur er hann afkastamikill fræðimaður. Hann var ráðinn til Lundúna-háskóla árið 1980, fyrstur réttarsálfræðinga, og varð síðar fyrsti prófessorinn í fræðigreininni við þann skóla. Eftir hann hafa birst um 500 ritrýndar fræðigreinar, bækur og bókarkaflar.

Gísli hefur þegið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir ævi- starf sitt og er auk þess hand- hafi í hinnar virtu CBD-orðu sem Elisabet Bretadrottning veitti honum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



„Ég merki á þessari mynd fyrstu vísbindinguna um forvitnina,“ segir Gísli sem skoðar eitthvað utan rammans árs gamall í fangi móður sinnar.

„Frá því ég byrjaði við Lundúna-háskóla hefur það verið mitt markmið að þróa réttarsálfræðina og gera hana að sjálfstæðri vísindagrein,“ segir Gísli. Þegar hann var að stíga sín fyrstu skref komu sálfræðingarnir helst að framkvæmd prófa en það voru oft geðlæknarnir sem notuðu niðurstöðurnar í sinni skýrslu og báru vitni um þær fyrir dómi. Þetta fannst Gísli ekki ganga upp.

„Ég sagði við kollega mína, ef þið viljið fá mig í málið látið þá þann sem vísaði málinu til ykkar hafa samband við mig og ég mun vinna að sjálfstæðri skýrslu um málið og gefa vitnisburð fyrir dómi ef á þarf að halda,“ segir hann og bætir við: „Ef við viljum að réttarsálfræðin sé vísindalegt fag, þurfum við að vera sjálfstæðir fræðimenn en ekki bara einhverjir tæknimenn hjá geðlækni. Við verðum að gefa okkar eigin vitnisburð í málum og getum ekki látið geðlækni bera vitni um okkar vinnu.“

Litinn hornauga og uppnefndur

Það var á brattann að sækja hjá Gísla fyrstu árin. Hann einsetti sér að vinna jöfnum höndum að kennslu, rannsóknum og klínískri vinnu með skjólstæðingum. Það er ekki síst klínísk vinnan og aðkoma að sakamálum sem hefur hjálpað Gísla að þróa vísindin áfram, enda sú vinna sem dregur fram það sem órannsakað er.

Sem dæmi segir Gísli sögu af breskri greindarskertri konu sem sakað hafði fimm einstaklinga um kynferðisbrot. Ríkissaksóknari Bretlands óskaði eftir álitum Gísla haustið 1980 um hvort hún væri hæf til að bera vitni og ef svo væri hvort unnt væri að reida sig á framburð hennar. Greindarvísitala konunnar var 47.

„Ég tek hana í viðtal og reyni að finna hennar styrkleika og veikleika og geri tilraun um sefnæmi til að kanna hve auðvelt er að hafa áhrif á hana. Slík tilraun hafði aldrei verið gerð áður og ekkert sálfræðiþróf til sem ég gat notað. En ég vissi hvað ég þurfti svo ég bjó þróf til sjálfur og það var upphafið að þróun minni á þessum tækjum,“ segir Gísli og bætir við: „Og ég gaf svo vitnisburð fyrir dómi og sagði nákvæmlega hvert vandamál konunnar væri og hvernig kvíðadómur gæti metið framburð hennar. Málinu lauk með því að fjórir af þeim fimm sem hún sakaði um að brjóta gegn sér voru dæmdir. Þetta mál var stór sigur fyrir réttarsálfræðina.“

Gísli rifjar upp annað mál af manni sem tekinn var fyrir grun um ölvunarakstur árið 1981 og dæmdur. Hann áfrýjaði málinu og vörninn fólst í því að hann var svo afbrigðilega hræddur við sprautur að hann gat ekki gefið blóð á lög-reglustöðinni. Gísli þurfti að finna upp nýtt þróf til að sanna sprautu-hræðsluna og gat sýnt fyrir dómi með vísindalegri aðferð að hún væri raunveruleg. Maðurinn var sýknaður. Þetta var í árdaga ferils Gísla og kerfið hafði efasemdir. Myndu ekki opnast flóðgáttir og allir glæpa-

menn slyppu með skrekkin? En Gísli stóð fast á því að réttarkerfið þyrfti ekki að óttast vísindalegar sannanir.

Gísli segir málin sem hann tók að sér snemma á níunda áratugnum hafa verið sér erfið og tregða kerfisins til að viðurkenna framlag hans mikil.

„Ég var litinn hornauga,“ segir hann. Í fyrsta vitnisburðinum sem Gísli gaf í Old Bailey, einum frægasta sakamáladómstól Bretlands, var hann í vitnastúkunni í þrjú daga. Skjólstæðingur hans hafði skerta greind og var ákærður fyrir fjárvik. „Ég lagði fyrir hann ýmis próf og var svo í vitnastúkunni í þrjú daga að fara í gegnum hvert einasta próf sem ég hafði lagt fyrir hann. Það var reynt að hrekja þau öll sem bull. Saksóknarinn kallaði mig útlending, „expert witness of foreign extraction“, eins og ég væri geimvera,“ rifjar Gísli upp og minnst þess að hafa mótmælt þegar ríkissaksóknarinn síðar kallaði hann Skandínaviúbúa. „Þarna var sem sagt verið að niðasta á mér í þrjú daga og allt gert til að reyna að hanka mig og niðurlægja mig.“

Hryðjuverk og falskar játningar

Þegar Gísli var fenginn til að aðstoða við hryðjuverkamálin frægu í Bretlandi á síðari hluta níunda áratugarins höfðu mörg af prófum hans þegar öðlast viðurkenningu. „Árið 1986 var ég fenginn til að vinna í málum fjórmeninganna frá Guildford og sexmenninganna frá Birmingham. Það var þriggja ára vinna og mikil barátta, enda tregða til að viðurkenna mistök lögreglunnar í svona stórum og alvarlegum málum,“ segir Gísli, en dómum í báðum málum var að lokum hnekktt árin 1989 og 1991 og fólkinu öllu sleppt úr fangelsi.

„Það var út af þessum málum sem lögregluyfirheyrslur í Bretlandi breyttust. Þetta hafði áhrif á vinnubrögð lögreglunnar og reglugerðum var breytt. Maður sér það í lögum að nú er minnst formlega á að kenna eigi lögreglumönnum sannleiksregluna og að hafa augun opin, en ekki rannsaka mál með lokuð augun. Í nútíma leiðbeiningum um yfirheyrslur er tekið tillit til rannsókna minna,“ segir Gísli.

Gísli er best þekktur fyrir framlag sitt á sviði falskra og óáreiðanlegra játninga og á því sviði hefur hann sett mark sitt á íslenska réttarsögu, vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála. Þau mál, segir Gísli, hafa gefið réttarsálfræðinni mikið, sem er til marks um að fræðigreinin er enn í lifandi þróun.

Ósannar játningar geta komið til með ýmsum hætti, segir Gísli. Hægt er að kalla fram falska játningu með hótunum eða þvingunum og í því tilviki er sá sem játar jafnvel meðvitauður um að játningin er ósönn, en það eru líka til dæmi um svokallað minnisvafaheilkenni sem getur framkallast af því að fólk verður ruglað í ríminu meðan á varðhaldi eða yfirheyrslum stendur.

Gísli tekur dæmi um Einar Bollason sem sat í því 100 daga í varð-



Birmingham-sexmenningarnir fyrir utan Old Bailey fangelsið í London eftir að dómi yfir þeim var hnekktt.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

haldi vegna Geirfinnsmálsins. „Eftir viku í haldi var hann farinn að trúa því að kannski hefði eitthvað skeð sem hann mundi ekki eftir. Það sama kom fyrir Guðjón Skarphéðinsson,“ segir Gísli. „En ef við lítum hins vegar á Sævar til dæmis, hann treysti ekki lögreglunni. Þeir gerðu hann ruglaðan á tímabili en hann treysti aldrei því sem þeir voru að segja og var verndaður af tortryggni sinni. En það var ekki þannig með þau hin. Þau voru orðin rugluð af einangrun og yfirheyrslum. Þetta var ekki þannig að þau myndu atburði beinlínis, heldur var þetta efi.“

Í slíkum kringumstæðum fullyrða sakborningar yfirleitt ekki að þeir muni eftir að hafa framið glæpin heldur hafa talið sér trú um að það sé hugsanlegt. Svo fara þeir að ímynda sér hvernig þeir hafi framið glæpin og búa til sögu um það, oft með aðstoð rannsakanda. Sagan verður síðar notuð fyrir dómi sem þeirra játning. Ég hef unnið að mörgum slíkum málum víða um heim.“

Lausir endar

Gísli er illa við ókláraða anga í málum og vísindastarfið hefur ekki síst gengið út á að halda áfram með mál og gefast ekki upp fyrir en öllum spurningum hefur verið svarað. En síðustu svara í Guðmundar- og Geirfinnsmálum verður líklega að leita á öðrum vettvangi en í réttarsálfræðinni.

Af hverju heldurðu að mál Erlu Bolladóttur hafi verið skilið eftir þegar mál hinna voru endurupptekin?

„Þetta er mjög furðulegt, því skýrslur endurupptökunefndarinnar voru til fyrirmyndar nema í þessum anga sem varðaði Erlu,“ segir Gísli, um úrskurði endurupptökunefndar í Guðmundar- og Geirfinnsmálum, sem kveðnir voru upp árið 2017. „Það má þó sjá í þeim tilhneigingu til að gera of lítið úr göllum um á lögreglurannsókninni og þá helst varðandi röngu sakargiftirnar. Þá var okkur Jóni Friðriki kennt um mistök í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra sem við gerðum ekki. Nefndin byggði þannig niður-

Erla Bolladóttir sat á fremsta bekk þegar Guðmundar- og Geirfinnsmál voru tekin fyrir í Hæstarétti árið 1980.

MYND/
LJÓSMYNDASAFN
REYKJAVÍKUR



stöðu sína varðandi röngu sakargiftirnar á röngum forsendum þar sem látið var að því liggja að við Jón Friðrik hefðum klúðrað þeim þætti er varðaði Erlu, sem er fjarstæðukennt og óréttlátt. Ef maður lítur á hve ítarlega endurupptökunefndin fór í allt nema þennan anga málsins, þá fer maður að velta fyrir sér og spyrja, af hverju er það? Því það er ekki út af því að þessir menn kunni ekki til verka. Þarna hefur eitthvað annað komið til og spilað inn í. Það er ljóst af þessu að endurupptökunefndin leit ekki á málið algerlega í heild. Það er eins og einhver mótstaða hafi verið í kerfinu og ekki talið henta að hafa röngu sakargiftirnar með í endurupptöku,“ segir Gísli.

Synjun á beiðni Erlu Bolladóttur um endurupptöku hefur verið felld úr gildi og nú er beiðni úrskurðar endurupptökudómstóls í máli hennar.

„Lögreglan og kerfið þarf alltaf að horfast í augu við mistök sín og læra af þeim. Bresk yfirvöld hafa gert það í mörgum málum, þar á meðal í hryðjuverkamálum og morðmálum. Það skapaði bæði réttssýni og réttlæti sem og aukið traust almennings á réttarkerfinu,“ segir Gísli. ■

Gerry Conlon, einn Guildford-fjórmeninganna, sat inni í sex ár áður en dóminum var snúið við 1991. Hann fagnar hér með systur sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

“
Lögreglan og kerfið þarf alltaf að horfast í augu við mistök sín og læra af þeim.





Þitt fyrirtæki í aðalhlutverki

Við höfum reynslu, réttu lausnirnar og ástríðu fyrir því að fyrirtækið þitt eigi stórleik á sínu sviði atvinnulífsins.

Kraftmikil verðmætasköpun stendur undir þeirri velsæld sem Íslendingar búa við. Við erum stolt af því að stór hluti fyrirtækja, af öllum stærðargráðum, treysta okkur fyrir sínum viðskiptum.

Heilandi og frelsandi söngleikur



Þorvaldur S. Helgason tsh

@frettabladid.is

Þjóðleikhúsið frumsýndi í gær söngleikinn *Sem á himni*. Með aðalhlutverk fara Elmar Gilbertsson og Salka Sól sem sameinuðust í gegnum sönginn þrátt fyrir að koma frá ólíkum tónlistarbakgrunni.

Elmar Gilbertsson og Salka Sól Eyfeld fara með aðalhlutverkin í söngleiknum *Sem á himni* sem var frumsýndur í Þjóðleikhúsinu í gær. *Sem á himni* er byggður á sænsku kvikmyndinni *Så som i himmelen* sem vakti mikla athygli þegar hún kom út 2004 og var síðar aðlöguð söngleikjaforminu af upprunalegum handritshöfundum upprunalegu myndarinnar, hjónunum Carin og Kay Pollak, með tónlist eftir Fredrik Kempe.

Salka segir *Sem á himni* vera frábrugðinn flestum öðrum söngleikjum sem hún hefur tekið þátt í.

Salka: „Það sem gerir kannski þennan söngleik ólíkan þeim sem ég þekki er að þetta er nánast leikrit með söng.“

Elmar: „Þetta er ekki Broadway-sýning. Við erum að gera þetta á svölitið einlægán hátt. Það er boðskapur í þessari sögu sem þarf að komast til skila.“

Að sögn Sölku er það sem kveikti mestan áhuga hennar á verkinu það að um er að ræða hversdagslega sögu sem er bæði stór og djúp. Elmar tekur undir það.

Elmar: „Þetta er saga af venjulegu fólki og það eru skírskotanir í karakterunum við alla í þjóðfélaginu. Við erum öll að glíma við einhver aföll. Leikstjórinn Unnur Ösp nálgast viðfangsefnið af miklu hjarta, einlægni og heidarleika.“

Stórt listrænt teymi tekur þátt í uppsetningunni, alls um fjórutíu manns, þar af tólf manna hljómsveit. Með tónlistarstjórn fer Jón Ólafsson, leikmyndin er eftir Ilmi Stefánsdóttur, lýsing er gerð af Birni Bergsteini Guðmundssyni, búningar eftir Filippíu I. Elísdóttur og danshöfundur er Lee Proud.

Dreyndi um að verða leikari

Elmar fer með hlutverk Daniels, heimsþekkt hljómsveitarstjóra sem flytur í litlið þorp á landsbyggðinni til að jafna sig eftir hjartaveikindi. Elmar er búsettur í Þýskalandi og er fastráðinn tenór við Staatsoper í Stuttgart.

Þú ert einn af okkar þekktustu óperusöngvurum en þetta er þitt fyrsta hlutverk sem leikari. Hvernig var að takast á við það?

Elmar: „Það var bara alveg ótrúlega skemmtilegt og gefandi. Ég átti mér alltaf draum þegar ég var yngri um að verða leikari og þess vegna er ákveðinn draumur að rætast hjá mér að fá að standa á Stóra sviði Þjóðleikhússins og vinna með öllu því frábæra fólki sem er þar. Þetta var náttúrlega svölitið öðruvísi, þetta er öðruvísi meðgöngutími og öðruvísi nálgun en ég fékk mjög mikið út úr þessu og þetta er þroskandi fyrir mig.“

Setur aðra í fyrsta sæti

Salka Sól fer með hlutverk Lenu, ungrar konu úr þorpinu sem tengist Daniel nánnum böndum í gegnum tónlistina. Spurð um hvers konar karakter Lena hafi að geyma segir hún:

Salka: „Það sem einkennir hana er að hún elst upp á þessum litla stað, ég held að margir Íslendingar tengi við það að alast upp í annað-



Elmar Gilbertsson og Salka Sól fara með aðalhlutverkin í *Sem á himni* sem þau lýsa sem frelsandi verki.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



hvort litlum bæjum eða litlum hverfum. Hún hefur kannski ekki leitað mikið út fyrir þann stað en hún er ofboðslega hjartahly og á auðvelt með að ná til annarra. Fólk sækir í hana og leitar huggunar en hún hefur kannski ekki alltaf náð að hugga sjálfa sig nógu vel.“

Elmar: „Þetta er svona manneskja sem setur alltaf alla aðra í fyrsta sæti.“

Ólíkir en samstíga söngvarar

Þau Elmar og Salka koma úr ólíkum áttum í tónlistinni, hann óperusöngvari og hún poppsöngkona, en fundu þó fljótt að þau pössuðu mjög vel saman sem söngvarar. Salka segir það hafa verið frábært að leika á móti Elmar.

Salka: „Við erum mjög ólíkir söngvarar og syngjum mjög mikið saman en ég held að við séum með frábæra tengingu okkar á milli. Við erum bæði svölitið blaut á bak við eyrun miðað við meðleikara okkar eins og Örn Arnason, Eddu Björgvins og Sigga Sigurjóns. En þetta æfingafærlí hefur verið svo mikil samvinna og samstada að mér hefur aldrei liðið eins og ég sé eitthvað minni leikkona en þau.“

Elmar tekur undir orð Sölku og segist njóta þess að syngja með henni og aðlaga sig henni.

Elmar: „Það hefur verið ákveðin áskorun fyrir mig að fara út fyrir þægindarammann. Óperusöngvarar eru alltaf að vinna í fáguninni, óperan gengur út á fágadan söng og fegurð tónlistarinnar og ég hef kannski verið svölitið hvattur til að fara á móti því í þessu verkefni. Það hefur verið rosalega þroskandi

Elmar og Salka sameinuðust í gegnum sönginn þrátt fyrir að koma úr gjörólíkum tónlistarbakgrunni.

MYND/JORRI

fyrir mig að fá aðeins að sleppa tókunum.“

Hjartað í sögunni

Elmar, hvernig karakter er Daniel?

Elmar: „Daniel er það sem maður myndi lýsa á góðri íslensku sem fagidjót, hann er algjört nörd og það kemst ekkert annað að hjá honum en tónlist. Hans sýn á músikina er að hún geti hjálpað fólki að komast yfir tilfinningar og hindranir. Eins og karakterinn hennar Sölku þá gleymir hann svölitið að hugsa um sjálfan sig og er að díla við aföll úr æsku. Hjartað í sögunni er svölitið þessi karakter. Hann er með ofboðslega stórt hjarta og kemur í þetta litla bæjarfélag þar sem enginn er í raun og veru tilbúinn fyrir svo stórt hjarta.“

Salka tekur í sama streng og segir það hafa komið skýrt fram á einu af lokarennslum sýningarinnar hversu stórt hjarta sýningarinnar er.

Salka: „Eftir rennslið í gær þá fann ég bara hvað það skilaði sér vel til áhorfenda, hvernig þau horfðu á allt þetta fólk í kórnum opnast. Þetta var bara eins og spilaborg eða keilur að falla.“

Læknaðist af fæðingarþunglyndi

Sem á himni fjallar að miklu leyti um kraft tónlistarinnar og segist Salka hafa fundið það skýrt á eigin skinni hversu heilandi tónlist og söngur geta verið.

Salka: „Það sem er svo ótrúlega fallett í þessu er að ég held að fólk sem stundar kórstarf eigi eftir að finna hvað það er dýrmætt að vera í félagsskap og þenja raddböndin.“

Í byrjun árs eignaðist Salka son-



Eftir að ég átti Frosta fékk ég bara fæðingarþunglyndi og kom inn í æfingatímabilið svölitið þung á því. Svo eftir bara eina viku af því að syngja og hlæja þá leið mér eins og mér væri batnað.

inn Frosta með eiginmanni sínum, tónlistarmanninum Arnari Frey Frostasyni, en fyrir áttu þau hjónin dótturina Unu Lóu.

Salka: „Eftir að ég átti Frosta fékk ég bara fæðingarþunglyndi og kom inn í æfingatímabilið svölitið þung á því. Svo eftir bara eina viku af því að syngja og hlæja þá leið mér eins og mér væri batnað. Þá var ég búin að fara í alls konar meðferðir og ég veit ekki hvað. Þetta var bara eins og heilun og það var svo skrytið að vera að vinna í verki sem fjallar bókstaflega um þetta og upplifa það á eigin skinni.“

Verkið sem þjóðin þarf

Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóri sagði nýlega í viðtali við Fréttablaðið að hann hefði þá trú og tilfinningu að *Sem á himni* væri akkúrat verkið sem þjóðin þyrfti í kjölfar Covid. Elmar og Salka segjast bæði vera sammála því.

Salka: „Hún er á einhvern hátt frelsandi, mér líður eins og fólk muni labba út og vilja opna sig. Ég held að við séum öll svölitið dösuð og skrytin á því eftir þetta tímabil.“

Elmar tekur undir orð Sölku og segist upplifa mikla núvitund í sýningunni.

Salka: „Ég vil hvetja fólk sem hefur áhuga á söngleikjum, fólk sem hefur áhuga á leikhúsi og líka fólk sem hefur það ekkert endilega til að sjá hana. Það er ákveðinn hópur sem gæti haft einhvers konar forðoma fyrir söngleikjum en ég held að sá hópur gæti líka haft gaman af þessu.“

Elmar: „Það er vonandi að fólk sem kemur að sjá þessa sýningu og hefur átt sér draum um að vera í kór eða langar að fara í kór láti bara slag standa og drifi sig.“ ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

LAUGARDAGUR 17. september 2022

Breytingar hafa átt sér stað á vinnu-
markaðnum eftir Covid.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Vilja ekki lengur fasta vinnu

elin@frettabladid.is

Tveggja ára heimsfaraldur hefur leitt til þess að fjöldi fólks um allan heim hefur breytt lífskoðun sinni og á það ekki síst við gagnvart vinnu. Í Bandaríkjunum kveðja að meðaltali fjórar milljónir manna störf sín í hverjum mánuði. Í Hollandi og Tékklandi eru 5% starfa laus og enginn vill þau. Í Kína óttast yfirvöld straum af ungu fólki sem ekki er tilbúið að taka þátt í atvinnulífínu.

Bandaríski prófessorinn Anthony Klotz hefur kallað fyrirbærið „The Big Quit“ og „The Great Resignation“ eða afsógnina miklu. Ráðgjafarfyrtækið McKinsey hefur spurt meira en 13.000 manns um allan heim hvort þeir ihugi að hætta störfum á næstu 3-6 mánuðum. Hlutfall þeirra sem svöruðu játandi var mest á Indlandi og Singapúr en það var líka hátt á Vesturlöndum.

Mun ekki líða hjá

Þetta er ekki þróun sem mun líða hjá og tengist ekki bara heimsfaraldri, er haft eftir Bonnie Dowling sem greindi tölur McKinsey. Hún telur atvinnulífið aldrei verða það sama eftir faraldurinn. „Heimsfaraldurinn gæti hafa verið hvati fyrir marga til breytinga,“ segir Knut Inge Fostervold vinnusálfræðingur við forskning.no. „Margir upplifðu rólegri vinnudag í heimavinnu og fannst léttir að þurfa ekki að ferðast til og frá vinnu.“ ■



Edda Gustafsson segist ekki upplifa nein eftirköst eftir æfingar í OsteoStrong.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Miklu betri líðan með OsteoStrong

Edda Gustafsson bjó í New York og Kaupmannahöfn í 34 ár en flutti heim fyrir nokkrum árum. Laxveiði á hug hennar og að henda öngli í sjó. Edda nýtur þess að stunda OsteoStrong og finnst frábært hvað hún finnur mikla breytingu með stuttri vikulegri ástundun. **2**

www.celsus.is



OsteoStrong er byltingarkennt æfingakerfi sem hjálpar fólki á öllum aldri að styrkja sig. Þjálfarar leiðbeina fólki og gæta þess að æfingarnar séu rétt gerðar.

MYNDIR/ERNIR

„Ég byrjaði að æfa hjá OsteoStrong vorið 2020 og varð strax mjög spennit. Þetta var eitthvað fyrir mig, einfaldleikinn heillaði mig. Fjögur tæki og síðan heim,“ segir Edda. „Ég sá sannfærandi myndband á netinu og smellti mér í prufutíma. Ég minnstist á þetta við vinkonu mína sem var til í að koma með mér sem gerði þetta enn skemmtilegra. Ég hef prófað ofboðslega mörg tæki í gegnum tíðina en það sem mér líkar best er að hafa leiðbeinanda sem fylgist með að æfingin sé rétt gerð. Það skiptir auðvitað mestu máli,“ segir hún.

Styrkir líkamann

„Annað sem mér finnst frábært við OsteoStrong og gerir að verkum að maður nennir að mæta; það þarf ekki að skipta um fót eða vera í einhverjum leggins og svitna, heldur mætir maður bara, tekur á og býið. Þetta tekur svo stuttan tíma. Ég hef náttúrlega talað fyrir þessu æfingakerfi úti um allan bæ, ég finn mun, vinir mínir sjá hann líka auk þess sem líkamleg geta mín hefur styrkst mikið. Ég finn hvernig líkaminn styrkist eftir hvert skipti og tækin hjá OsteoStrong geta sömuleiðis sýnt árangurinn. Þannig getur maður fylgst með styrktaraukningunni. Það gleður mig að sjá muninn, ekki bara finna hann,“ segir Edda og bætir við:

„Ég er með vefjagigt og gáttatíf í hjarta þannig að ég get alls ekki stundað hvaða íþrótt sem er. Það er mjög mikilvægt fyrir mig að fara ekki fram úr mér því þá verða verkirnir lamandi. Ég hef mjög oft lent í því að fara út að ganga og fá í framhaldinu mikla verki, stundum svo mikla að ég næ ekki að labba heim. Eftir æfingar í OsteoStrong upplifi ég ekki nein eftirköst þótt



OsteoStrong er á tveimur stöðum í Reykjavík, Hátúni 12 og Ögurhvarfi 2.

Hvað er OsteoStrong:

OsteoStrong er byltingarkennt æfingakerfi sem hjálpar fólki á öllum aldri að styrkja sig. Meðlimir OsteoStrong mæta einu sinni í viku og ná í 20 mínútna heimsókn að þétta vöðva, sinar, liðbönd og bein, bæta árangur og fyrirbyggja meiðsli.

Ég taki á því. Ég fann fljótt hvernig verkirnir í líkamanum hjóðnuðu við ástundun sem lætur mann líða svo miklu betur andlega,“ segir Edda sem hefur glímt við vefjagigt

frá því um tvítugt. Með aldrinum hefur sjúkdómurinn versnað. „Gigtin hverfur aldrei en með því að stunda æfingar hjá OsteoStrong get ég haldið verkjunum í skefjum og mér liður betur,“ segir hún.

Frábært starfsfólk

„Vinkona mín sem hefur komið með mér í OsteoStrong fór á heilsustofnun í Austurríki í tvær vikur um daginn. Þar er allt mælt hátt og lágt í heilsumatinu og sagði hún lækningunum að hún stundaði OsteoStrong á Íslandi. Hann var ánægður með það og hvatti hana til að halda því áfram. Læknirinn í Austurríki var greinilega með

puttann á púlsinum,“ segir Edda.

„Það var skrítið að flytja aftur til Íslands eftir búsetu í útlöndum svona mörg ár. Mjög mikilvægt er fyrir mig að geta farið reglulega til útlanda og þá er OsteoStrong frábær staður. Starfsfólkið er sveigjanlegt við mig og það er ekkert mál að leggja meðlimakortið inn ef maður þarf þess,“ segir Edda sem flutti aftur á áskuslóiðinnar í Vesturbænum. Hún var í KR á yngri árum og stundaði sund í Vesturbæjarlauginni. „Ég er því svolítið rötgróinn Vesturbæingur.“

Edda, eins og margir aðrir, dró sig út úr æfingum í Covid en byrjaði aftur fyrir tveimur

Meðlimir OsteoStrong geta átt von á að:

- Auka styrk sinn um 73% á ári að meðaltali
- Auka jafnvægi um 77% á fimm skiptum
- Minnka líkur á meiðslum
- Bæta líkamsstöðu
- Minnka verki í baki og liðamótum
- Lækka langtíma blóðsykur
- Auka beinþéttni

mánuðum. „Vá, hvað ég þurfti á því að halda,“ segir hún. „Ég var fljót að ná því upp sem ég hafði misst niður og fann fljótt mun. Ég sagði vinkonu minni hversu gígtarverkirnir hefðu minnkað og hversu fljótt það gerðist. Hún hafði sjálf fundið mikinn mun. Við ætlum að stunda OsteoStrong áfram vinkonurnar, þóssum upp á hvor aðra og höldum okkur við efnið. Ég sagði líka við manninn minn að þetta væri eitthvað sem ég ætlaði ekki að hætta að stunda,“ segir hún.

„Ég elska laxveidi, það er toppurinn, en ég er líka alveg til í að fara bara út á sjó. Veidi er mín besta slökun og hefur verið það síðan ég henti fyrst öngli í Þingvallavatn sem barn. Nú hlakka ég til að standa enn lengur við árnar næsta sumar þegar ég verð búin að safna enn meiri styrk í skrokkinn,“ segir hún. ■

Frír prufutími

Það er boðið upp á fría prufutíma á miðvikudögum í Ögurhvarfi 2 og á fimmtudögum í Hátúni 12. Hægt er að bóka sig á osteoststrong.is eða í síma 419 9200.



Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira



Margrét Ágústsdóttir

Margrét Ágústsdóttir er ótrúleg ofurkona þegar kemur að hreyfingu. Hún stundar þríþraut af kappi og lætur það ekki á sig fá að hún verður 65 ára í haust. Til að verja liði tekur hún **Active JOINTS** frá Eylíf.

Margrét segist vera búin að stunda þríþraut í ellefu ár en því fylgir mikið álag á líkamann. „Á þessum aldri og eftir miklar líkamlegar æfingar í gegnum árin þurfti ég að finna eitthvað sem héldi liðamótunum góðum. Ég var búin að prófa ýmislegt þegar ég rambaði á **Active JOINTS** frá Eylíf fyrir svona tveimur árum. Síðan hef ég ekki fundið fyrir neinu í liðunum. **Active JOINTS** virkar svona vel fyrir mig. Þess vegna finnst mér í góðu lagi að mæla með því fyrir aðra.

Ég vil að fólk viti af þessu fæðubótarefni“ segir Margrét.

„Ég var farin að finna fyrir eymslum í liðunum eftir strangar æfingar, sérstaklega á morgnana þegar ég fór fram úr. Ég finn ekki fyrir því lengur. Að keppa og æfa mikið fylgir meiðslahætta. Ef það gerist þarf að slaka aðeins á, ég fer til sjúkrapjálfa og passa upp á mig,“ heldur Margrét áfram. „Fyrir tveimur árum náði ég mér í beinmar í hné og þarf stundum að nota spelku frá Össuri ef ég finn mikið fyrir því. Liðimur eru fínir og það þakka ég **Active JOINTS**.“

Margrét tekur þrjú hylki af **Active JOINTS** frá Eylíf á morgnana eins og mælt er með. „Ég fann mjög fljótlega eftir að ég byrjaði að taka **Active JOINTS** að liðleikinn var allt annar. Ég er því ákveðinn í að halda áfram að taka **Active JOINTS**. Mér finnst mikill plús að **Active JOINTS** er íslenskt fæðubótarefni með hreinum efnum úr okkar náttúruauðlindum.“



Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS**, **Stronger BONES**, **Smoother SKIN & HAIR**, **Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum á Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum gæðahráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.

„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra“ segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum. Öll framleiðsla Eylífar fer fram á Grenivík.

„Við vitum öll að heilsan er dýrmætust því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsuvandamál. Heilbrigð melting er grunnurinn að góðri heilsu, þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna, **Happier GUTS**“ segir Ólöf Rún.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungur frá Bildudal
- Smáþörungur (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtindar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

Hreint óerfðabreytt hráefni Íslensk framleiðsla

Heilsan er dýrmætust

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Guðrún Jónsdóttir

Guðrún segist hafa fundið fyrir ýmsum óþægindum árum saman.

„Þrátt fyrir að ég hafi farið í vel heppnaða hnéaðgerð hef ég veriðgjörðsamlega ónýtt í líkamanum og gat varla gengið vegna mikils sársauka. Ég hafði farið til læknis og prófað að taka inn ýmis konar náttúruvefni sem áttu að hjálpa og sömuleiðis hef ég farið í endurhæfingu. Það hjálpaði mér talsvert, en óþægindin héldu áfram að hrjá mig,“ bætir hún við.

Guðrún sá umfjöllun og ummæli um **Active JOINTS** frá Eylíf heilsuvörum

„Ég las innihaldslýsingar og þær hvöttu mig til að prófa. Einnig hafði vinkona mín mælt með **Active JOINTS**, svo það var ekkert annað í stöðunni en að prófa. Vá, hvað ég er þakklát, því eftir einungis tvær vikur var eins og ég væri leyst úr fjötrum, eða bönd hefðu verið skorin utan af mér. Allar mínar hreyfingar urðu auðveldari og án óþæginda,“ segir hún.

Guðrún segist finna örflíði fyrir öðru hnénu, en að öðru leyti sé þetta nýtt og betra líf. Undanfarið hef ég ekki getað stundað æfingar vegna COVID-19. „Það eru tveir mánuðir síðan ég byrjaði að taka inn **Active JOINTS** og ég get gengið um í dag, sem ég gat ekki áður með góðu móti. Fyrr í vetur hélt ég að ég væri útbrunnin, en svo er aldeilis ekki. Ég get því hiklaust mælt með **Active JOINTS** frá Eylíf. Það sem ég hef upplifað er stórkostlegt og ég þreystist því ekki á að dásama þessa vöru.“

Bórdís S. Hannesdóttir

Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** frá Eylíf það hefur reynst mér mjög vel. Ég hef alltaf verið með lata þarmastarfsemi og hef verið að prófa ýmislegt í gegnum tíðina til að laga meltinguna en var bara hætt að hugsa um þetta því ekkert virtist koma að gagni og ég hugsaði bara „ég er bara svona og lítið við því að gera“.

Ég var svo heppin að kynnast **Happier GUTS** nýlega eftir ábendingu um að þetta virkaði vel, en ég var búin að vera í langri hvíld frá öðrum bætiefnum. Ég ákvað ég að prófa **Happier GUTS** sem ég sé ekki eftir, því eftir ca 2ja mánaða notkun fann ég gríðalegan mun á mér, allt annað líf en áður. Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** því það hefur hjálpað mér mjög mikið.



Fann lífskraft með túrmerikinu

Sirry Ágústsdóttir heyrði fyrst af krafti túrmeriks árið 2015. Þá var hún í seinni krabbameinsmeðferð sinni og leitaði meðal annars lausna við bjúgsöfnun. „Ég er enn bólgusækin og fæ auðveldlega bjúg og liðverki. Þar finnst mér hjálpa mjög að taka túrmerik og önnur bætiefni,“ segir hún.

Sirry greindist fyrst með leg-hálskrabbamein árið 2010. „Ég var nýbúin að eiga fjórða barnið mitt svo þetta var ákveðið áfall,“ segir Sirry. Fimm árum síðar tók krabbameinið sig upp aftur. „Ég fór í tvær þungar meðferðir sem reyndu mjög á kroppinn. Eftir svona harkalega meðferð fer maður til dæmis á ótímabært breytingaskeið. Einnig eykur meðferðin á beinþynningu og orsakar bólgur í líkamanum. Það fylgja miklir liðverkir og svefnraskanir. Einnig fylgir léleg upptaka á bætiefnum í maga. Ég hætti til dæmis alveg að framleiða B12 og þarf að hafa fyrir því að halda vítamína- og steinefnamagni í líkamanum í lagi.“

Kynntist krafti túrmeriks

„Ég heyrði fyrst af túrmeriki 2015 frá vinkonu minni, Mörtu Ernstsóttur hlaupara og byrjaði að taka það inn í olíuformi og í hylkjum. Þegar ég prófaði túrmerik frá ICEHERBS fann ég hvað það fór vel í magann á mér og mér leið vel af því. Túrmerik-hylkin frá ICEHERBS eru kröftug og ég fann mun á mér á sjötta eða sjöunda degi, aðallega í bólg-



Sirry segir túrmerik hjálpa við að halda niðri bólgum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

söfnun. Hylkin fannst mér virka vatnslosandi og ég fann fyrir mun minni þota í fingrum og fótum. Áður var ég í vandræðum með að hafa giftingarhringinn á mér. Ég var með æxli vinstra megin upp við sogæð og síðan hefur sogæðakerfið virkað illa. Ég bólga því almennt meira í vinstri helmingi líkamans og túrmerik virðist hjálpa mér að halda bólgum niðri. Margar konur, og örugglega karlar líka, glíma við bólgur og eru viðkvæm fyrir bjúgsöfnun. Ég get ímyndað mér að túrmerik frá ICEHERBS geti verið hjálplegt fyrir mjög marga.“

Hraustari með ICEHERBS

„Regluleg inntaka bætiefna hjálpar mér að vinna á sýkingum. Eftir meðferðirnar er ég með lélegt ónæmiskerfi, enda drepur meðferðin hvítu blóðkornin sem vernda okkur gegn ýmsum sýkingum. Þarna skiptir auðvitað líka

máli gott og heilbrigt mataræði og svo hreyfing.“

Lífskraftur Sirryjar

Sirry stofnaði Lífskraft fyrir rúmum tveimur árum. „Lífskraftur er góðgerðarfélag sem hefur staðið á bak við krabbameinsdeildina og meðal annars safnað fyrir endurbótum á tækjakosti. Við förum í göngu á Hvannadalshnjúk og Vatnajökul fyrir ekki svo löngu síðan. Ef faraldurinn leyfir kynnum við fljótlega næsta verkefni.“

Ég sæk mikið í hreyfingu og útivist og finn að það skiptir miklu máli að taka rétt bætiefni þegar ég er undir álagi. Bætiefin frá ICEHERBS virðast hafa þau áhrif að ég verð sjaldan, eða eiginlega aldrei veik. Þegar við Snjódrifurnar vorum að æfa fyrir Lífskraft fann ég augljósan dagamun á mér ef ég gleymdi að taka inn túrmerik og önnur bætiefni. Ég fékk ýmist



meiri bjúg, var stanslaust að fá sinadrætti, var lengur að jafna mig í vöðvunum eftir æfingar og var almennt þreyttari. Orkan var einfaldlega minni. Ég finn líka mikinn mun á mér í vinnunni og heima, en ég starfa hjá Epal og stend í fæturna allan daginn. Svo er ég með stórt heimili. Það skiptir því miklu fyrir mig að gera allt sem ég get til þess að vera heilsuhaus.

Mér líður vel í dag og ég lifi ekki í ótta við að krabbameinið taki sig upp að nýju. Ég nýt þess að vera til alla daga og hef gaman af því að stunda útivist og hreyfa mig. Heilsan skiptir mig gríðarlega miklu máli upp á að njóta þess að vera til, að vera heilbrigð og hraust. Ég finn líka að ég er öflugri ef ég er dugleg að nýta mér þau úrræði sem mér standa til boða, eins og að taka inn bætiefni sem hafa áhrif á mína heilsu.“

Árangursrík blanda

Túrmerik hefur verið notað í þúsundir ára til þess að vinna gegn ýmsum bólgum og sjúkdómum en virka efnið kúrkúmin er talið hafa sterk bólgueyðandi og andoxandi áhrif. Þá hafa bólgueyðandi eiginleikar túmeriks gefið sérstaklega góða raun gegn gigtarsjúkdómum og liðverkjum auk þess sem það örvar blóðflæði og hefur góð áhrif á húðvandamál og sár. Blandan inniheldur svartan pipar sem margfaldar upptöku túrmeriks. Túrmerik blandan frá ICEHERBS inniheldur fjallagrös en virkni þeirrar lækningarjurtar hefur gefið henni viðurnefnið ginseng Íslands. Í fjallagrösnum er að finna svokallaðar betaglúkantrefjar sem eru taldar aðstoða við þyngdartap, draga úr bjúg, bæta meltingu og styrkja þarmana, sér í lagi ristilinn. Þau hafa meðal annars reynst árangursrík gegn slímmyndun og óæskilegum bakteríum. Fjallagrösinn gera ICEHERBS blönduna að ofurblöndu en þau hafa öldum saman verið notuð sem náttúruleg og viðurkennd lækningajurt á Íslandi. Þau eru rík af steinefnum og eru talin auka skilvirkni í upptöku næringarefna sem gera bæði innihaldsefnið sterkari saman. ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum. Sjá nánar á iceherbs.is.

Húsbíll og hjól í afmælisferðinni



Guðmundur Hilmarsson gummih @frettabladid.is

Adolf Ingi Erlingsson og eiginkona hans, Þórunn Sigurðardóttir, hafa notið lífsins á Norður-Spáni og í Portúgal undanfarnar vikur en í tilefni 60 ára afmælis Adolfs þann 8. þessa mánaðar ákváðu þau hjónin að fara í mánaðarreis, sem er rétt hálfnuð.

Dolli og Systa, eins þau eru oftast kölluð, leigðu sér húsbíl og tvö rafmagnshjól og hafa þvælst um í afar fallegu umhverfi á Norður-Spáni og eru nú komin til Portúgals.

„Fyrir fjórum árum þegar við höldum upp á þrjátíu ára brúðkaupsafmæli okkar leigðum við okkur húsbíl, keyptum hjól og ferðudumst um Toskana á Ítalíu og Króatíu. Okkur fannst þetta svo rosalega skemmtilegt að við erum búin að vera að bíða eftir því að komast aftur í svona ferð. Núna ákváðum við að taka Spán og Portúgal,“ segir Adolf, sem um árabíl var fastagestur á skjáum landsmanna sem íþróttafrettamáður á RÚV.

Adolf segir að þessi ferðamáti sé afar skemmtilegur.

„Það skiptir mjög miklu að vera með hjól í svona ferð. Í þetta skipti ákváðum við að leigja okkur rafmagnshjól sem gerir það að verkum að við förum lengra og víðar og gerir okkur kleift að fara upp brekkur sem maður mundi ekki leggja í að fara í á venjulegu hjóli. Við vorum til að mynda í litlu fiskiþorpi, Cudillero, sem er á norðurströnd Spánar. Þetta er eitt skemmtilegasta og fallegasta svæði sem ég hef komið á og minnir mann svolítið á Cinque Terre-þorpin á Ítalíu en er vinallega og með færri ferðamenn. Brekkan þar upp er sú brattasta sem ég hef tekist á við.“



Adolf og Þórunn hafa verið saman í 44 ár og njóta nú lífsins á Iberískagranum.

MYND/ADSEND

Þetta eru ofsalega skemmtileg ferðalög. Ef fólk ætlar að ferðast í húsbíl á það endilega að hafa með sér góð hjól eða rafmagnshjól.

Þótt við værum á rafmagnshjóli ætlaði ég varla að hafa brekkuna og ég þurfti að halla mér fram svo hjólið þrjónaði ekki. Maður kemst yfir svo miklu meira svæði með hjólunum, sér miklu meira, hreyfingin verður meiri og ég mæli svo sannarlega með þessum ferðamáta. Þetta eru ofsalega skemmtileg ferðalög. Ef fólk ætlar að velja að ferðast í húsbíl þá á það endilega að hafa með sér góð hjól eða rafmagnshjól,“ segir Adolf Ingi.

Rómantískt og skemmtilegt

Adolf segir að það sé mjög þægilegt að ferðast í húsbílunum.

„Það er frekar dýrt að leigja svona húsbíla en í vor datt ég inn á góða síðu, eins konar Airbnb fyrir húsbíla, og við fengum bílinn á hálfvirdi miðað við það sem maður fær á bílaleigum. Það er fin aðstæða í bílnum og gott að sofa í

honum. Að vísu er ekki loftræsting svo þegar hitinn var yfir 30 stig fyrstu dagana þá svitnaði maður svolítið mikið. Við eldum ekki mikið í bílnum en borðum heilmikið í og við hann. Að sitja úti á kvöldin fyrir utan bílinn og borða í rólegheitum er rómantískt og skemmtilegt. En auðvitað förum við líka af og til út að borða. Þessi ferðamáti gefur manni svo mikið frelsi,“ segir Adolf Ingi.

„Við Systa þolum hvort annað alveg þokkalega í þessu litla rými í bílnum,“ segir Adolf en þau skótu hjú hafa verið saman í 44 ár. „Maður þarf svolítið að læra og aðlagast því að umgangast svona rými. Það er ekki pláss fyrir báða aðila að vera að gera eitthvað. Við höfum hins vegar komið okkur upp ákveðinni rútínu til vera ekki að þvælast fyrir hvort öðru. Hlutir sem lenda á mér eru til dæmis

ad tæma klósettið, fylla á vatnið og sjá um rafmagnnið en Systa sér meira um að reyna að halda öllu í horfinu í bílnum. Vanalega veljum við okkur tjaldstæði með tilliti til þess að geta hjólað í bæina eða farið í góða hjólatúra. Það eru fin tjaldstæði úti um allt og ég held að Google Maps hafi bjargað mörgum hjónaböndum,“ segir Adolf og hlær.

„Nú þarf ekki annar aðilinn að vera með kortið á lofti til að reyna að rata réttu leiðina. Stundum erum við ekki búin að ákveða hvar eigi að leggja bílnum fyrr en langt er liðið á daginn. Við reynum alltaf að finna svæði með sundlaug. Ég hef verið duglegur og hef synt í hálf tíma á hverjum morgni. Við sameinum flakk, hreyfingu, að sjá marga fallega hluti og upplifum góðan mat og drykk. Þetta er geggjald lif.“ ■

Atvinnublaðið



JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

Háskólinn í Reykjavík hefur haslað sér völl sem öflugur rannsóknaháskóli á alþjóðavísu. Háskólinn stenst samanburð við erlenda háskóla í fremstu röð og fræðafólk skólans hefur náð framúrskarandi árangri. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfaglegt samstarf, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu.

HR er eftirsóknarverður vinnustaður og þar er lögð áhersla á fyrsta flokks aðstöðu í nærandi umhverfi, persónuleg samskipti, framsæknar kennsluáferðir og nútímalega starfshætti. HR fagnar fjölbreytileika og mikið er lagt upp úr jafnrétti og virðingu fyrir einstaklingum og störfum þeirra. Nemendur Háskólans í Reykjavík eru um 4.000 í sjö deildum og starfsfólk er um 300 talsins, auk 350 stundakennara.

Háskólinn í Reykjavík leitar að leiðtogum

Forseti tæknisviðs

Starf forseta tæknisviðs Háskólans í Reykjavík er laust til umsóknar. Í Háskólanum í Reykjavík starfa tveir sviðsforsetar sem ásamt rektor eiga frumkvæði að mótun stefnu fyrir háskólann, hafa umsjón með innleiðingu hennar og ábyrgð á akademískri uppbyggingu innan HR. Forsetar fræðasviða eru staðgenglar rektors. Umfangsmikil alþjóðleg reynsla í akademísku starfsumhverfi er mikill kostur í þessu starfi.

STARFSSVIÐ

- Stuðla að samræmi milli stefnu HR, tæknisviðs og deilda á sviðinu.
- Stuðningur við rekstur deilda sviðsins.
- Langtíma- og árleg fjárhagsáætlun tæknisviðs og deilda þess.
- Kennsla og rannsóknir háskólans í samræði við rektor og í samvinnu við sviðsforseta samfélagssviðs.
- Samráð við deildir og aðrar einingar HR um þróun stoðþjónustu.
- Samskipti við aðila innan og utan háskólans.

Forstöðumaður kennslusviðs

Háskólinn í Reykjavík leitar að metnaðarfullum og drífandi einstaklingi í stöðu forstöðumanns kennslusviðs. Hlutverk kennslusviðs er að leiða þróun kennslumála við háskólann, móta og taka þátt í að framfylgja kennslustefnu HR, veita stuðning við kennslu og hafa eftirlit með gæðum náms. Þá ber kennslusvið ábyrgð á stundatöflu- og próftöflugerð, skráningum nemenda, prófahaldi og umsjón með brautskráningarskráningum nemenda.

STARFSSVIÐ

- Mótun, þróun og eftirfylgni kennslustefnu í samvinnu við yfirstjórn HR og námsráð.
- Dagleg stjórnun kennslusviðs, verkefnastýring, fjármál og starfsmannahald.
- Framþróun kennsluhátta, mælingar og eftirlit með gæðum náms við HR, mótun og þróun almennra viðmiða varðandi gæði, samræming verklags vegna gæðaúttekta og eftirfylgd gæðamælikvarða.
- Ábyrgð á kennslu-, stundatöflu- og prófakerfum og þátttaka í stafrænni þróun.
- Ábyrgð á skipulagi, mati á námi, innritun, prófum og brautskráningu nemenda.
- Samskipti og upplýsingamiðlun til kennara, stjórnenda og starfsfólks háskólans varðandi kennslu- og skipulagsmál.
- Samstarf við aðila innan og utan skólans vegna málefna er tengjast kennslu, svo sem tölulegra upplýsinga, viðurkenninga námsbrauta, vottana og úttekta.

Framkvæmdastjóri rekstrar

Háskólinn í Reykjavík leitar að árangursdrifnum og framsýnum framkvæmdastjóra rekstrarsviðs HR til að leiða þau svið er snúa að rekstri innviða skólans, þar með töldum fjármálum, upplýsingatækni, fasteignum, Opna háskólanum í HR og fjölbreyttri nemendajónustu. Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs tekur virkan þátt í stefnumótun og þróun HR og hefur leiðandi hlutverk í að tryggja fjárhagsstöðu og rekstrarhagkvæmni háskólans í heild og tengdra félaga.

STARFSSVIÐ

- Mótun framtíðarsýnar og stefnu sinna eininga, í takti við stefnu Háskólans í Reykjavík og annarra eininga.
- Fjárhagsáætlun háskólans til hvers árs og langtíma ásamt yfirumsjón með fjármálum háskólans í heild.
- Umsjón með rekstrarsviðum, nemendajónustu og margvíslegri annarri stoðþjónustu innan skólans.
- Ábyrgð á upplýsingatækni, það er framþróun kerfa, hugbúnaðarþróun, upplýsingaöryggi, gagnastýringu, gagnavörslu og upplýsingatækniþjónustu.
- Ábyrgð á rekstri og viðhaldi fasteigna, útteilingu húsnæðis og framkvæmdum.
- Fjármögnun, uppbygging og þróun landsvæðis og bygginga.
- Samstarf við hagsmunaaðila innan og utan háskólans.

Forstöðumaður Opna háskólans í HR

Háskólinn í Reykjavík leitar að metnaðarfullum og lausnamiðuðum leiðtoga í starf forstöðumanns Opna háskólans. Starfið felst í umsjón með og ábyrgð á Opna háskólanum, áætlanagerð, yfirsýn fjárhags og tengdri eftirfylgni. Tækifæri gefast til nýsköpunar og þróunar nýrra verkferla til að bæta skipulag og upplýsingagjöf. Kostur ef viðkomandi hefur reynslu af sölu- og markaðsmálum. Brennandi áhugi á endurmenntun, símenntun og starfsþróun er skilyrði.

STARFSSVIÐ

- Fjárhagsáætlunir, viðskiptaþróun, nýsköpun og tekjuöflun Opna háskólans.
- Gerð markaðsáætlana og kynningarefnis í samstarfi við markaðs- og samskiptasvið HR.
- Samskipti við viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila innan sem utan HR.
- Upplýsingagjöf til stjórnenda, starfsfólks og nemenda skólans.

Nánari upplýsingar veita Ragnhildur Helgadóttir rektor (ragnhildurh@ru.is) og Ester Gústavsdóttir mannauðsstjóri (esterg@ru.is). Umsóknum skal skilað á ráðningarvef Háskólans í Reykjavík, jobs.50skills.com/ru/is, eigi síðar en **9. október 2022**. Á ráðningarvef HR eru einnig ítarlegri upplýsingar um þessi störf. Fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Bifvélavirki

Óskum eftir að ráða bifvélavirkja með reynslu af bílaviðgerðum til starfa á verkstæði Suzuki bíla h/f.

Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og helst að geta hafð störf sem fyrst.

Áhugasamir sendið tölvupóst með ferilskrá á verkstaedi@suzuki.is fyrir 20. september



KENNSLUSTJÓRI SÉRNÁMS Í HEIMILISLÆKNINGUM ÞRÓUNARMÍÐSTÖÐ ÍSLENSKRAR HEILSUGÆSLU

Laust er til umsóknar starf kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum hjá Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu. Um er að ræða 70% starf sem veitist frá 1. desember 2022 eða eftir nánara samkomulagi. Umsóknarfrestur er til og með 26. september 2022.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Umsjón með skipulagningu sérnáms í heimilislækningum á landsvísu
- Seta í nefndum sem tilheyra starfi kennslustjóra
- Umsjón, ráðgjöf og þátttaka í stefnumótun varðandi sérnám í heimilislækningum
- Umsjón og þátttaka í akademískum viðfangsefnum sem tengjast ÞÍH
- Vinna að gerð klínískra verkferla sem unnir verða á vegum ÞÍH
- Leiðbeinandi lækna í sérnámi kandidata og læknanema
- Þátttaka í vísindarannsóknum, gæða- og umbótaverkefnum
- Önnur verkefni sem forstöðumaður ÞÍH felur viðkomandi

HÆFNIKRÖFUR

- Sérfræðimenntun í heimilislækningum
- Sjálfstæði í starfi
- Óguð vinnubrögð og skipulagshæfni
- Reynsla sem leiðbeinandi sérnámslækna í verklegu og bóklegu námi
- Reynsla af rannsóknarvinnu, gæða- og umbótaverkefnum æskileg
- Góð íslensku- og enskukunnátta ásamt góðri almennri tölvukunnáttu

Starfshlutfall er 70%. Umsóknarfrestur er til og með 26.09.2022

Nánari upplýsingar veitir Emil Lárus Sigurðsson - emil.larus.sigurdsson@heilsugaeslan.is

Sjá nánar á www.starfatorg.is og á www.heilsugaeslan.is undir laus störf



VIRÐING - SAMVINNA - FAGMENNSKA

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Sjálandsskóli

- Starfsmaður á frístundaheimili
- Stuðningsfulltrúar

Urriðaholtsskóli

- Grunnskólakennari í afleysingu
- Leiðbeinandi
- Leikskólakennari
- Starfsfólk í Frístund

Leikskólinn Akrar

- Leiðbeinandi
- Leikskólakennari

Leikskólinn Holtakot

- Leikskólakennari

Leikskólinn Mánahvoll

- Háskólamenntaðir starfsmenn
- Leiðbeinandi
- Leikskólakennarar

Leikskólinn Sunnhvoll

- Leikskólakennari

Fjölskyldusvið

- Starf á heimili ungrar konu

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár



HAGVANGUR

hagvangur.is

Framkvæmdastjóri

Neyðarlínan ohf. leitar að öflugum stjórnanda til að leiða fyrirtækið áfram en fram undan eru mikilvæg verkefni í stefnumótun og skipulagsbreytingum. Leitað er að leiðtoga með góða reynslu af stjórnun og rekstri, framúrskarandi félagslega færni, getu til tengslamyndunar og traust orðspor. Í boði er krefjandi og spennandi framtíðarstarf þar sem unnið er að mikilvægri þjónustu við almenning.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Daglegur rekstur félagsins
- Samskipti við hið opinbera og aðra samstarfsaðila
- Yfirumsjón með fjármálum
- Leiðandi í gerð samninga við stærstu viðskiptavinum og birgja
- Stefnumótun í samvinnu við stjórn

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Góð reynsla af samningagerð
- Framtíðarsýn og reynsla af breytingastjórnun
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Ákveðni og kraftur
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Góð enskukunnátta nauðsynleg




Neyðarlínan sér um neyðar- og öryggisþjónustu á Íslandi og starfrækir til þess 112, Vaktstöð siglinga og Tetra fjarskiptakerfið. Rekstur neyðarvaktstöðvar er í samræmi við lög um samræmda neyðarsvörun nr. 40/2008. Neyðarlínan boðar björgunar- og neyðarsveitir á öllu landinu og er tengiliður milli almennings og viðbragðsaðila.



Sótt er um starfið á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með **28. september nk.**
Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is.

hagvangur.is



Verkefnastjóri öryggis- og gæðamála

Isavia leitar að öflugum verkefnastjóra á sviði öryggis- og gæðamála í flugturninn á Keflavíkurflugvelli

Við leitum að einstaklingi til þess að slást í lið með fjölbreyttum og samheldnum hópi sem veitir öllum loftförum er fara um Keflavíkurflugvöll þjónustu. Við leggjum áherslu á skilvirkni og fagleg vinnubrögð, erum lausnamiðuð í nálgun okkar á fjölbreytt og spennandi verkefni sem snerta ferðalanga vallarins.

Helstu verkefni

- Viðhalda og styðja við öryggismenningu innan flugturns
- Tryggja að öryggisáætlu þjónustunnar sé stýrt í samræmi við verklag
- Skýrslugerð vegna þjónustunnar
- Viðhald og umsjón með skjölum stjórnunarkerfisins vegna ATS málefna
- Eftirlit með skráningu atvika og eftirfylgni
- Samskipti og samstarf við hagaðila og aðrar einingar vegna öryggis- og gæðamála

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Hagnýt þekking og reynsla á flugleiðsöguþjónustu eða sambærilegu
- Þekking á lögum og reglugerðum sem gilda um þjónustuna æskileg
- Reynsla af verkefnastjórnun kostur
- Þekking og/eða reynsla af öryggis- og gæðastjórnun
- Mjög góð íslensku og ensku kunnátta í ræðu og riti

Sótt er um starfið á isavia.is/atvinna

Umsóknarfrestur er til og með **3. október.**

Frekari upplýsingar um starfið veitir Bjarni Páll Tryggvason: bjarni.tryggvason@isavia.is

Umsóknum skal fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi með rökstuðningi um hæfni viðkomandi í starfið. Við hvetjum áhugasama aðila, án tillits til kyns og uppruna, til að sækja um.

Saman náum við árangri

Isavia er vinnustaður þar sem við sýnum hvert öðru virðingu og erum heiðarleg gagnvart sjálfum okkur og öðrum. Við gætum þess að viðhalda gleðinni, erum hugrökk, uppbyggileg og tökum ábyrgð á eigin frammistöðu.



ISAVIA



Fulltrúi í lífeyrisdeild

Gildi er fjölmennasti lífeyrissjóður landsins með um 26 þúsund lífeyrisþega og 53 þúsund greiðandi sjóðfélaga en yfir 250.000 einstaklingar eiga réttindi hjá sjóðnum. Heildareignir sjóðsins námu 916 milljörðum króna um síðustu áramót.

Áhersla er lögð á að sjóðurinn hafi á að skipa hæfu starfsfólki sem vinnur sem ein heild í góðu starfsumhverfi. Gildi hefur sett sér stefnu í starfsmanna- og jafnlaunamálum og hefur hlotið jafnlaunavottun.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hildur J. Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).

Gildi-lífeyrissjóður auglýsir eftir einstaklingi til að vinna að fjölbreyttum verkefnum í lífeyrisdeild sjóðsins. Hjá sjóðnum starfar samhentur fjörutíu og fjögurra manna hópur og leggur Gildi áherslu á góðan starfsanda, góð starfsskilyrði og jafnræði kynjanna. Gildi var Fyrirmyndarfyrirtæki VR árið 2021.

Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á að veita fyrsta flokks þjónustu og ráðgjöf til sjóðfélaga, með reynslu af starfi innan lífeyrissjóðs og af margþættum verkefnum á skrifstofu. Viðkomandi þarf að búa yfir sjálfstæði í starfi, vilja til að tileinka sér nýjungar og takast á við fjölbreytt verkefni. Næsti yfirmaður er deildarstjóri lífeyrisdeildar.

Starfssvið:

- Upplýsingagjöf og samskipti við viðskiptavini.
- Ráðgjöf varðandi réttindi sjóðfélaga.
- Móttaka, meðhöndlun og úrvinnsla umsókna.
- Lífeyrisútreikningar og skráningar.
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við yfirmann.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af starfi innan lífeyrissjóðs er kostur.
- Góð starfsreynsla af alhliða skrifstofustörfum.
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Sjálfstæði í starfi, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar.
- Góð íslenskukunnátta.
- Góð tölvukunnátta skilyrði.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 26. september nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Heimaleiga er hratt vaxandi fyrirtæki sem þjónustar 200 hótélíbúðir í skammtímaleigu. Meðal helstu verkefna Heimaleigu má nefna Sif Apartments, Blue Mountain Apartments og Iceland Comfort Apartments.

www.heimaleiga.is.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og settur fram rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Garðar Ó. Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).

Markaðsstjóri

Heimaleiga leitar að jákvæðum og drífandi einstaklingi til þess að leiða markaðsstarf fyrirtækisins. Markaðsstjóri sér um uppbyggingu vörumerkja fyrirtækisins ásamt umsjón með öllu markaðsstarfi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Áætlanagerð og stefnumótun á sviði markaðsmála.
- Uppbygging og markaðssetning vörumerkja.
- Stafræn markaðssetning og vefumsjón, ásamt textagerð og ábyrgð á öllu kynningarefni.
- Umsjón með samfélagsmiðlum, þar með talið auglýsingum.
- Sölu- og markaðsgreiningar, greining markhópa ásamt leitarvélabestun.
- Google Analytics og greiningar.
- Yfirumsjón með framsetningu íbúða á sölurásam, Booking.com, Airbnb o.fl.
- Þátttaka í stefnumótun og hugmyndavinnu.
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af markaðsmálum.
- Þekking og reynsla af vefumsjón, stafrænni markaðssetningu og samfélagsmiðlum.
- Reynsla af greiningum og Google Analytics.
- Reynsla af gerð kynningarefnis og textagerð.
- Frumkvæði, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri.
- Jákvætt viðmót og framúrskarandi samskiptahæfni.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Umsóknarfrestur er til og með 26. september nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Framkvæmdastjóri Orlofssjóðs

Kennarasamband Íslands var stofnað 1. janúar árið 2000. Félagsmenn eru ríflega 10.500 og starfa í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og tónlistarskólum.

Kennarasamband Íslands starfar á landsvísi og innan þess eru átta aðildarfélög. Hlutverk KÍ er að gæta hagsmuna og réttinda félagsmanna, fara með samningsrétt um kaup og kjör, efla fag- og stéttarvitund, efla skólastarf, kennaramenntun og starfsþróun félagsmanna.

Kennarasamband Íslands (KÍ) leitar að framkvæmdastjóra fyrir Orlofssjóð KÍ. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á og stýrir daglegri starfsemi sjóðsins og vinnur náið með stjórn hans.

Leitað er að einstaklingi sem hefur farsæla reynslu af rekstri og stjórnun, á gott með samstarf og samskipti og hefur áhuga á þróun og innleiðingu nýjunga. Á skrifstofu KÍ starfar öflugur hópur fólks í verkefnaþuðnu vinnuumhverfi.

Helstu verkefni:

- Daglegur rekstur og stjórnun Orlofssjóðs KÍ.
- Þátttaka í áætlanagerð og kostnaðareftirlit.
- Samningagerð og samskipti.
- Ábyrgð á innkaupum.
- Starfsmannamál.
- Þróunarvinna og innleiðing breytinga.
- Upplýsingagjöf til félagsmanna.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun, rekstri og áætlanagerð.
- Leiðtogaþæfni og framúrskarandi samskiptahæfni.
- Jákvætt viðmót, drifkraftur, framsýni og lausnamiðuð nálgun.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Orlofssjóður á tæplega sextíu orlofseignir en auk þess tekur sjóðurinn á leigu orlofseignir yfir sumartímann og endurleigir félagsmönnum.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 27. september nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

Umsjón með störfunum hafa **Auður Bjarnadóttir** (audur@vinnvinn.is) og **Hildur J. Ragnarsdóttir** (hildur@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Vefst fátt fyrir þér?

Umbrá leitar að liðsfélögum í öflugt vefteymi hjá Stjórnarráði Íslands.

Umbrá sér um rekstur vefja Stjórnarráðsins, innri vefja ráðuneyta og er að taka að sér þjónustu vegna Ísland.is. Umbrá hefur mikinn metnað fyrir því að vefirnir séu til fyrirmyndar og leitar að öflugum einstaklingum við vef- og ritstjórn.



Vefritstjóri sem er góður að skrifa texta fyrir vefi og er annt um upplifun notenda

Vefumsjónarmaður sem er tilbúinn til að annast fjölbreytt vefverkefni og veit hvernig á að koma til móts við þarfir notenda



Nánari upplýsingar og umsóknir á [intellecta.is](https://www.intellecta.is)

Umbrá veitir ráðuneytum og stofnunum margvíslega þjónustu á sviði upplýsingatækni og reksturs. Hjá Umbrá vinnur fjölbreyttur hópur saman að því að veita framúrskarandi þjónustu í góðu umhverfi. Mikil tækifæri eru til staðar til að styðja betur við það markmið stjórnvalda að Ísland verði meðal fremstu þjóða á sviði stafrænnar tækni og þjónustu hins opinbera.

Umsóknarfrestur til og með 28.09.2022



Stjórnarráð Íslands
Umbrá – þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins



Hefur þú áhuga á viðskiptum og fyrirtækjarekstri?

Við leitum nú að öflugum og metnaðarfullum einstaklingum með viðskiptamenntun sem hafa mikinn áhuga á að læra um og vinna við reikningsskil, skatta og endurskoðun ársreikninga.

Við hvetjum áhugasama jafnt á landsbyggðinni sem og á höfuðborgarsvæðinu að sækja um starf á einni af skrifstofum KPMG. Stefnt er að því að taka á móti nýju starfsfólki í nóvember og desember.



Nánari upplýsingar um störfin má finna á [kpmg.is](https://www.kpmg.is) Umsóknarfrestur er til og með 25. september.



KPMG er alþjóðlegt fyrirtæki sem býður upp á tækifæri til starfsþróunar og fræðslu í sveigjanlegu vinnuumhverfi. Hjá KPMG starfa um 300 einstaklingar á 16 skrifstofum um land allt með fjölbreytta menntun og reynslu sem þjónusta viðskiptavini í einka- og opinbera geiranum.

Ertu meira en möppudýr?

Umbrá leitar að liðsfélögum til að vera hluti af spennandi vegferð við að auka samrekstur, bæta tæknilega innviði ríkisins og skapa umhverfi sem styður við aukna sjálfvirkni og samvinnu milli stofnana og ráðuneyta.



Gagnastjóri með áhuga á þróun og innleiðingu stjórnkerfa



Gagnasérfræðingur sem getur smíðað skýrslur og tileinkað sér nýjungar



Ferlasérfræðingur sem kann að innleiða og sjálfvirknivæða verkferla



Viðskiptastjóri Microsoft 365 með ríka þjónustulund



Þjónustulundaður og úrræðagóður liðsfélagi í notendabjónustu



Kerfisstjóri með reynslu af rekstri og innleiðingu tölvukerfa




Verkefnastjóri með þekkingu á upplýsingatækni

Umsóknarfrestur til og með 28.09.2022

Umbrá veitir ráðuneytum og stofnunum margvíslega þjónustu á sviði upplýsingatækni og reksturs. Hjá Umbrú vinnur fjölbreyttur hópur saman að því að veita framúrskarandi þjónustu í góðu umhverfi. Framundan er áframhaldandi innleiðing og stuðningur við Microsoft 365 skrifstofuumhverfi ríkisins með uppbyggingu öflugs þjónustukjarna í góðu samstarfi við tæknibirgja.



Stjórnarráð Íslands
Umbrá – þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins



Nánari upplýsingar og umsóknir á intellecta.is



ERTU FERÐALANGUR MEÐ ÁHUGA Á ALÞJÓÐAMÁLUM?

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir öflugum sérfræðingi til starfa í alþjóðadeild þingsins.

Sérfræðingar deildarinnar veita utanríkismálanefnd og alþjóðanefndum faglega aðstoð og ráðgjöf, m.a. á sviði alþjóðamála, við undirbúning fyrir þátttöku í alþjóðlegum fundum, gagna- og upplýsingaöflun og undirbúning fyrir alþjóðlega þingmannafundi sem haldnir eru á Íslandi. Starfið er fjölbreytt og krefjandi í lífandi starfsumhverfi og því fylgja umtalsverð ferðalög.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Umsjón með starfi alþjóðanefnda
- Fagleg ráðgjöf á sviði alþjóðamála
- Upplýsinga- og greiningarvinna, svo sem ritun minnisblaða og talpunkta
- Skipulag alþjóðlegra funda og ráðstefna hérlendis
- Skipulag þátttöku í fundum og ráðstefnum erlendis
- Gerð þingmála

HÆFNISKRÖFUR

- Meistarapróf á sviði alþjóðastjórn mála
- Góð þekking á alþjóðamálum
- Starfsreynsla á sviði alþjóðlegs samstarfs er kostur
- Reynsla af skipulagningu funda og ráðstefna er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni og sveigjanleiki
- Frumkvæði, sjálfstæði, jákvæðni og skipulagshæfni
- Framúrskarandi færni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Góð kunnátta í dönsku eða öðru Norðurlandamáli

FRÉKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem forseti Alþingis og Félag starfsmanna Alþingis hafa gert.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Starfið hentar öllum kynjum og áhugasöm eru hvött til að sækja um.

Umsóknir gilda í sex mánuði frá auglýsingu þessari.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 26.09.2022.

Sótt er um starfið á Starfatorgi.

Nánari upplýsingar veitir:

Hildur Eva Sigurðardóttir, forstöðumaður nefndasviðs - hildureva@althingi.is - 563-0500

GILDI SKRIFSTOFU ALÞINGIS ERU FAGMENNSKA, VIRÐING OG FRAMSÆKNI.



CONSULAR CLERK/CASHIER

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Consular Clerk/Cashier lausa til umsóknar. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/> Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment Application (ERA)

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Consular Clerk/Cashier. Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page: <https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/> Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA)



Við leitum að liðsauka

Tjónamatsfulltrúi eignatjóna

Brennur þú fyrir þjónustuveitingu, ráðgjöf og samskiptum? Átt þú gott með að vinna í teymi starfsfólks sem sinnir fjölbreyttum og ólíkum verkefnum frá degi til dags? Vörður leitar að öflugum liðsauka í teymi þeirra sem vinna að tjónamati innan eignatjóna. Helstu verkefni snúa að þjónustu við viðskiptavinum í tengslum við eignatjón, ákvörðun um bótaskyldu, uppgjör tjóna ásamt kostnaðar- og verkeftirliti sem og vettvangsskoðanir og áhættumat.

Við hvetjum alla áhugasama einstaklinga til að sækja um en umsækjandi þarf að hafa viðeigandi menntun á sviði verkfræði, byggingatæknifræði, iðngreina eða sambærilegrar menntunar sem nýtist í starfi.

Helstu verkefni

- Þjónusta við viðskiptavinum félagsins í tengslum við eignatjón
- Mat á tjónum og bótaskyldu, kostnaðarmat og uppgjör eignatjóna
- Verkumsjón/eftirlit og samskipti við hagaðila og birgja
- Vettvangsskoðanir í tengslum við tjón
- Áhættumat fasteigna

Hæfniskröfur

- Verk- eða byggingatæknifræðimenntun og/eða meistaragráða í iðngrein
- Frumkvæði, þjónustulipurð og fagmennska
- Skipulögð vinnubrögð, vandvirkni og nákvæmni
- Sjálfstæði og metnaður í vinnubrögðum
- Góð samningatækni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

Tekið er á móti umsóknum á ráðningarvef félagsins á vordur.is. Nánari upplýsingar veitir Kristinn Þór Guðmundsson teymisstjóri, kristinn@vordur.is eða Hrefna Kristín Jónsdóttir framkvæmdastjóri tjónaþjónustu, hrefna@vordur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 25. september nk.

Vörður er ört stækkandi tryggingafélag með yfir 65 þúsund viðskiptavinum um land allt, bæði einstaklinga og fyrirtæki. Félagið býður upp á nútímalegt vinnuumhverfi og byggir á umbótamenningu þar sem áhersla er lögð á framsækna hugsun, sveigjanleika, árangur, sjálfbærni, vellíðan og starfsánægju.

Vörður hlaut hvatningarverðlaun jafnréttismála 2021 með áherslu á kynjajafnrétti og hvatningarverðlaun fyrir framúrskarandi samfélagsábyrgð 2020 frá Creditinfo og Festu. Vörður er jafnlaunavottað fyrirtæki frá árinu 2014.



ÖFLUGIR LEIÐTOGAR FYRIR ÞRJÚ NÝ SVIÐ

 Veðurstofa Íslands

Vísindi á vakt

Veðurstofa Íslands auglýsir eftir leiðtogum í störf framkvæmdastjóra þriggja nýrra sviða

Sviðin þrjú eru hluti af breyttu skipulagi Veðurstofunnar þar sem til verða tvö ný kjarnasvið, annars vegar athugana- og upplýsingatæknisvið og hins vegar þjónustu- og rannsóknarsvið. Að auki verður til stoðsvið fjármála og reksturs.

Allt ytra umhverfi Veðurstofunnar einkennist af vaxandi áskorunum, allt frá tækniþróun og kröfum samfélagsins um aukna þjónustu til áskorana vegna loftslagsbreytinga. Með nýju skipulagi verður Veðurstofan betur í stakk búin til að takast á við þessar áskoranir.

Um er að ræða þrjú nýjar stöður framkvæmdastjóra sem bjóða upp á spennandi og krefjandi verkefni í að efla þjónustu við samfélagið og byggja upp hátækni umhverfi þar sem viðfangsefnið er síbreytileg náttúra Íslands.

FRAMKVÆMDASTJÓRI ÞJÓNUSTU- OG RANNSÓKNARSVIÐS

Á þjónustu- og rannsóknarsviði eru þekkingaröflun, rannsóknir, veðurþjónusta, spár, náttúruvörðun og miðlun upplýsinga samþætt á einu sviði. Nýr framkvæmdastjóri mun leiða vinnu við mótun þjónustustefnu Veðurstofunnar og innleiðingu hennar. Framkvæmdastjórinn ber m.a. ábyrgð á forgangsröðun verkefna og samþættingu verkefnavinnu sviðsins ásamt því að bera heildar ábyrgð á því að Veðurstofan sinni lögbundinni og samningsbundinni þjónustu og rannsóknum. Er jafnframt fulltrúi Veðurstofunnar í erlendu samstarfi og samvinnu er vikur að þjónustu og rannsóknum.

FRAMKVÆMDASTJÓRI ATHUGANA- OG UPPLÝSINGATÆKNISVIÐS

Á nýju sviði er verið að samþætta gagnasöfnun Veðurstofunnar, rekstur á mælitækjum og búnaði sem staðsettur er víða um land, rekstur og viðhald upplýsingatækniinnviða og rekstur og þróun á upplýsingatækni. Hlutverk framkvæmdastjóra athugana- og upplýsingatæknisviðs er að leiða uppbyggingu, þróun og rekstur tækniinnviða og ber hann ábyrgð á að tryggja virkni og viðhald tækniinnviða þannig að þeir uppfylli innri og ytri þarfir og kröfur um öryggi. Er jafnframt fulltrúi Veðurstofunnar í erlendu samstarfi og samvinnu er vikur að innviðum.

FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRMÁLA- OG REKSTRARSVIÐS

Fjármála- og rekstrarsvið er nýtt stoðsvið sem sinnir verkefnum á sviði fjármála, reksturs fasteigna, notendabjónustu tölvumála, skjalamála og margs konar innri þjónustu fyrir starfsmenn. Nýr framkvæmdastjóri gegnir veigamiklu hlutverki við að leiða stofnunina inn í nútímalegri umgjörð fyrir verkefna-, rekstrar- og fjárfestingaráætlanir í stofnunarinnar og skapa skilvirkt umhverfi fyrir aðra stjórnendur sem hafa rekstrarlega ábyrgð innan Veðurstofunnar.

HLUTI AF MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUM

Gerð er krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfi og er framhaldsmenntun nauðsynleg. Viðkomandi þarf að hafa víðtæka og farsæla stjórnunarreynslu og reynslu af stefnumótun, áætlunargerð, verkstýringu og innleiðingu breytinga. Gerð er krafa um framúrskarandi samskiptafærni og hæfni til að ná árangri í samvinnu við stjórnvöld og hagaðila og þvert á starfseiningar stofnunarinnar.

HLUTI AF MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUM

Gerð er krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfi og er framhaldsmenntun æskileg. Viðkomandi þarf að hafa víðtæka og farsæla stjórnunarreynslu og haldgóða reynslu af breytingarstjórnun. Gerð er krafa um farsæla reynslu af stefnumótun, áætlunargerð, verkstýringu og innleiðingu breytinga. Viðkomandi þarf að hafa haldgóða innsýn í tækni umhverfi og þau tækifæri og áskoranir sem tengjast fjórðu iðnbýltingunni.

HLUTI AF MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUM

Gerð er krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfi og er framhaldsmenntun æskileg. Viðkomandi þarf að hafa víðtæka og farsæla stjórnunarreynslu og reynslu af stefnumótun, áætlunargerð, verkstýringu og innleiðingu breytinga. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af umsjón með fjármálum, ferli áætlanagerðar og eftirfylgni. Gerð er krafa um framúrskarandi samskiptafærni og hæfni til að ná árangri í samvinnu við stjórnvöld og hagaðila og þvert á starfseiningar stofnunarinnar.



Umsóknir eru fylltar út á heimasíðu Hagvangs, hagvangur.is, en þar eru jafnframt nánari upplýsingar um störfín. Tengiliðir eru Inga S. Arnardóttir (Inga@hagvangur)

og Geirlaug Jóhannsdóttir (geirlaug@hagvangur.is). Umsóknarfrestur er til og með 3. október, nk.

Hlutverk Veðurstofu Íslands er að stuðla að bættu öryggi almennings, eigna og innviða gagnvart öflum náttúrunnar, jafnframt því að styðja sjálfbæra nýtingu náttúrunnar og samfélagslega hagkvæmni. Því hlutverki sinnir starfsfólk Veðurstofunnar með vöktun loftslags, láðs og lagar, byggðri á öflun, varðveislu og greiningu gagna, rannsóknum, þróun og miðlun upplýsinga.

Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Á Veðurstofunni starfa um 140 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfar fjöldi fólks við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið.



Gildi Veðurstofunnar eru **þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna**. Ráðningar hjá stofnuninni taka mið af þessum gildum.

Nánari upplýsingar um Veðurstofu Íslands má finna á vedur.is

Þjónustufulltrúi

Óskum eftir að ráða þjónustufulltrúa í verkstæðismóttöku Suzuki bíla h/f.

Viðkomandi þarf að vera mikla þekkingu og áhuga á bílum. Vera jákvæður, sterkur í mannlegum samskiptum og með góða þjónustulund.

Áhugasamir sendið tölvupóst með ferilskrá á verkstaedi@suzuki.is fyrir 28 sept.



Framkvæmdastjóri

Félag prófessora við Ríkisháskóla auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra. Um hálf tölva er að ræða.

Félag prófessora við Ríkisháskóla er stéttarfélag prófessora við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands, en starfsstöð framkvæmdastjórans verður í Reykjavík.

Framkvæmdastjórinn vinnur náið með stjórn félagsins að mál-efnum er varða félagið og félagsmenn þess. Í því felst að fylgja eftir ákvörðunum stjórnar og sinna fyrirspurnum og fyrirgreiðslu við einstaka félagsmenn vegna kjaratengdra málefna. Einnig er ætlast til þess að framkvæmdastjóri sýni verulegt frumkvæði varðandi daglegan rekstur skrifstofu og stefnumótun til lengri tíma.

Kröfur um menntun og reynslu:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu er skilyrði.
- Viðamikil reynsla af stjórnun og/eða rekstri félagasamtaka er æskileg.
- Nákvæmni og öryggi í meðferð tölulegra gagna.
- Færni í mannlegum samskiptum og samstarfi.
- Reynsla af launaútreikningum og samingagerð er kostur.
- Reynsla af umsjón með uppfærslu og þróun heimasíðu er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 10. október 2022

Umsókn og fyrirspurnir sendist til Félags prófessora við Ríkisháskóla fpr@hi.is

Í umsókn er mikilvægt að skýrt komi fram hvernig ofangreindum hæfnikröfum er mætt. Geta þarf tveggja meðmælanda.

Rennismiðir og samsetning á Raftjökkum



Vegna aukinna verkefna viljum við ráða 2 starfskrafta í samsetningu á raftjökkum sem við framleiðum. Handlagni skilyrði. Konur velkomnar.

2 rennismiðir óskast. Erum með 3 Okuma rennibekki, 2 Harrison rennibekki og 2 Milltronics fræsivélur allar CNC. Kunnátta á CNC vélar skilyrði. Vélar eru allar nokkuð stórar.

Umsóknir og ferilskrá sendist á isotech@isotech.is
Frekari upplýsingar í síma 5556200

IsoTækni ehf | Dalshrauni 9 - 220 Hafnarfjörður | Sími: 555 6200 | isotech@isotech.is | www.isotech.is

Hagfræðingur

SEÐLABANKI ÍSLANDS

SEÐLABANKI ÍSLANDS óskar eftir að ráða hagfræðing á svið hagfræði og peningastefnu.

Hagfræði og peningastefna annast rannsóknir og greiningu á þróun efnahags- og peningamála, gerir þjóðhags- og verðbólguþátt og tekur þátt í mótun stefnunnar í peningamálum. Sviðið hefur m.a. umsjón með útgáfu ársfjórðungs-risins *Peningamála* og enskrú útgáfu þess *Monetary Bulletin*.

Helstu verkefni:

- Almennar rannsóknir, einkum á sviði peninga- og þjóðhagfræði
- Þátttaka í gerð verðbólgu- og þjóðhagsspáa bankans
- Vinna í tengslum við greiningu og skrif í Peningamál
- Tilfallandi verkefni og ráðgjöf á ábyrgðar-sviðum Seðlabankans

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf í hagfræði
- Reynsla af rannsóknum á sviði peninga- og þjóðhagfræði
- Reynsla af notkun tölfraeðiforrita í hagrannsóknnum
- Gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði íslensku og ensku
- Góð hæfni í að setja fram fræðilegt efni á skýran hátt
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna sjálfstætt og með öðrum
- Frumkvæði, nákvæmni í vinnubrögðum og metnaður í starfi

Nánari upplýsingar um störf veita Þórarinn G. Pétursson, aðalhogfræðingur og framkvæmdastjóri hagfræði og peningastefnu (thorarinn.petursson@sedlabanki.is) og Erla Traustadóttir sérfræðingur á mannauðssviði (mannaudur@sedlabanki.is). Umsóknarfrestur er til og með 3. október.

Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík. Sótt er um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is/storf. Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.



Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun bankans og er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi samtaka starfsmanna fjármálaframtækja. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Vakinn er athygli umsækjenda á því að um ráðningarferlið gilda m.a. stjórnáskilgögn nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem heyrir undir forsætisráðherra. Markmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og trausti og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjald-eyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt og hvetjandi starfsumhverfi sem einkennist af trausti, fagmennsku, þekkingu og framsækni.

VIÐ Á FRIDAYS™ STÖNDUM Í STÓRRÆÐUM OG VANTAR GOTT FÓLK!

ÞJÓNA Í SAL OG Á BAR

Vegna mikilla anna þurfum við að bæta við öflugum þjónum og barþjónum.

Við leitum af skemmtilegu fólki sem er 20 ára og eldra. Brosmildi, metnaður og almennur hressleiki skilyrði ásamt því að hafa gaman að góðum mat og drykk.

Reynsla af þjónustustörfum er mikilvæg.

KOKKA OG AÐSTOD Í ELDHÚS

Við leitum að matreiðslufólki í fullt starf og í hlutastarf á daginn, kvöldin og um helgar.

Unnið er á 2-2-3 vaktafyrirkomulagi. Okkur vantar skemmtilegt fólk sem er til í að hjálpa okkur að tryggja 100% Fridays bragð.


Í RÚM 20 ÁR HEFUR FÓLK Á ÍSLANDI HEIMSÓTT FRIDAY'S Í LEIT AÐ EKTA AMERÍSKUM MAT OG DRYKK.

NÚ ERUM VIÐ AÐ ENDURNÝJA MATSEÐIL OG YFIRFARA HVERT ATRIÐI TIL AÐ TRYGGJA 100% FRIDAYS BRAGÐ OG STEMMINGU.

Umsóknir sendist á johannes@fridays.is



Smáralind, Hagasmára 1 - Sími 570 4400



Veitir þú góða þjónustu?

LV er leiðandi lífeyrissjóður sem byggir trausta fjárhagslega framtíð sjóðfélaga. Fjármunir sjóðfélaga eru ávaxtaðir með gagnsæjum og ábyrgum hætti með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi. Hjá sjóðnum starfar 56 manna samhent liðsheild þar sem hver og einn nær að nýta hæfileika sína og þekkingu til að sinna krefjandi verkefnum. Áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð, þverfaglegt samstarf, góð samskipti, frumkvæði og hæfni til að laga sig að síbreytilegu umhverfi.

LV býður upp á góða starfsaðstöðu þar sem ríkir góður starfsandi í starfsumhverfi þar sem áhersla er meðal annars lögð á jafnrétti og jafnvægi á milli vinnu og einkalífs. LV hefur hlotið jafnlaunavottun.

Við leitum að öflugum aðila með jákvætt viðmót og ríka þjónustulund til að ganga til liðs við góðan hóp starfsfólks Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Starf í þjónustuveri LV

Þjónustuverið veitir úrvalsþjónustu og er til staðar fyrir um 22 þúsund lífeyrisþega, 9 þúsund iðgjaldagreiðendur og sjóðfélaga sem eru alls um 178 þúsund.


Starfsfólk þjónustuvers veitir allar almennar upplýsingar sem tengjast starfsemi sjóðsins. Þjónustuverið veitir m.a. upplýsingar um lífeyrisréttindi og séreign, iðgjöld, innheimtu- og lánamál ásamt því að veita innri þjónustu. Markmið starfsfólks þjónustuvers er að veita góða þjónustu og liðsinna sjóðfélögum sem hafa samband við sjóðinn í síma, með raf-rænum hætti eða koma á skrifstofu sjóðsins.

Hæfniskröfur

- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi þjónustulund
- Góð samskiptahæfni, samkennd og tillitssemi
- Nákvæm vinnubrögð og skipulagshæfni
- Góð tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta er kostur

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda til að gegna starfinu.

Umsóknarfrestur er til og með 27. september. Sótt er um starfið á Alfred eða með því að senda umsókn á netfangið thor.egilsson@live.is.

 Lífeyrissjóður verzlunarmanna



JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025



WE ARE RECRUITING OUTSTANDING SPECIALISTS AND DEVELOPERS

INTERNATIONAL SALES MANAGER

CUSTOMER SERVICE LEAD

QUALITY ASSURANCE ENGINEER

Tern Systems are a trusted provider of Air Traffic Control solutions. We are looking for people with great talents, who are naturals at collaboration, and who have a passion solving meaningful problems. Join us in building a new generation of Air Traffic Control systems

We are a diverse company with over a third of our staff hailing from outside of Iceland - an incredible 16 nationalities in total. Our homegrown and foreign talent work with Air Traffic Navigation industry experts to create solutions that appeal far beyond our borders

_ APPLY @  www.tern.systems



_ ENQUIRIES  jobs@tern.is

Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu og er hlutverk þess að tryggja að allir komi heilir heim úr vinnu.

Lykilþættir í starfsemi stofnunarinnar er að stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi með áherslu á forvarnir og eftirlit með vinnuumhverfi vinnustaða og með vinnuvélum og tækjum.

Einnig annast stofnunin fræðslu um vinnuvernd, virka innleiðingu öryggismenningar á vinnustöðum, gott félagslegt starfsumhverfi, heilsuefningu á vinnustöðum og markvissar aðferðir í vinnuverndarstarfi.

Gildi Vinnueftirlitsins eru frumkvæði, forvarnir og fagmennska.

Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar www.vinnueftirlit.is.

Vinnueftirlitið leitar að öflugum sérfræðingi í hreyfi- og stoðkerfi

Við leitum að metnaðarfullum og drífandi sérfræðingi með þekkingu á hreyfi- og stoðkerfi til að stuðla að aukinni vinnuvernd á innlendum vinnumarkaði.

Hlutverk Vinnueftirlitsins er að styðja við að allt fólk komi heilt heim úr vinnu og stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi með áherslu á forvarnir.

Mögulegt er að sinna starfinu frá starfsstöðvum Vinnueftirlitsins í Reykjavík, Reykjanesbæ, á Akranesi eða á Selfossi.

Umsóknarfrestur er til og með 22. september.
Sótt er um starfið á www.alfred.is.

Allar nánari upplýsingar um verkefni, ábyrgð og hæfniskröfur er að finna á vinnueftirlitid.is



Vinnueftirlitið



Viltu hafa rafmögnuð áhrif?

Sérfræðingur í kerfisgreiningum og áætlanagerð

Þróunar- og tæknisvið Landsnets óskar eftir að ráða til starfa öflugan sérfræðing sem vill hafa áhrif á framtíðina. Viðkomandi verður hluti af teymi sérfræðinga sem vinnur áætlanir um uppbyggingu og þróun raforkukerfisins fyrir framkvæmdir á vegum Landsnets. Sviðið vinnur rannsóknir og greiningar, framkvæmir umhverfismat og undirbúningsverk sem nauðsynleg eru til að taka ákvörðun um framkvæmdir í flutningskerfi raforku.

Starf sérfræðings í kerfisgreiningum er fjölbreytt og krefjandi. Helstu verkefni felast í kerfisgreiningum, eignastýringu og áætlanagerð sem leggur grunninn að fjárfestingum Landsnets í flutningsmannvirkjum, bæði endurnýjun eldri virkja sem og vegna framtíðarþróunar kerfisins. Framundan eru spennandi tímar orkuskipta í landinu sem gera miklar kröfur til afkastagetu og áreiðanleika flutningskerfisins og því fjölmargar áskoranir sem þarf að bregðast við á lausnamiðaðan og faglegan hátt.

Næsti yfirmaður er Gnýr Guðmundsson, yfirmaður greininga og áætlana í raforkukerfinu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði tækni- eða verkfræði. Mikil starfsreynsla getur vegið upp á móti formlegri menntun
- Reynsla af greiningum, gagnavinnslu og framsetningu gagna (t.d. Power BI)
- Hæfni í uppbyggilegum samskiptum og samvinnu.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Hæfni og þor til að taka ákvarðanir og tjá sig
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og staðfesta við úrvinnslu verkefna

Umsóknarfrestur er til og með 28. september nk.
Sótt er um starfið á landsnet.is.

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar veitir Jason Már Bergsteinsson, [mannauðssérfræðingur, mannaudur@landsnet.is](mailto:mannauðssérfræðingur@landsnet.is).

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að miðla orku sem drifur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við leggjum áherslu á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Við erum framsækið þekkingarfyrirtæki sem býður kraftmiklu starfsfólki spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrúmi.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

LANDSNET

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



Erum við
að leita
að þér?



ERTU FERÐALANGUR MEÐ ÁHUGA Á ALÞJÓÐAMÁLUM?

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir öflugum sérfræðingi til starfa í alþjóðadeild þingsins.

Sérfræðingar deildarinnar veita utanríkismálanefnd og alþjóðanefndum faglega aðstoð og ráðgjöf, m.a. á sviði alþjóðamála, við undirbúning fyrir þátttöku í alþjóðlegum fundum, gagna- og upplýsingaöflun og undirbúning fyrir alþjóðlega þingmannafundi sem haldnir eru á Íslandi. Starfið er fjölbreytt og krefjandi í lífandi starfsumhverfi og því fylgja umtalsverð ferðalög.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Umsjón með starfi alþjóðanefnda
- Fagleg ráðgjöf á sviði alþjóðamála
- Upplýsinga- og greiningarvinna, svo sem ritun minnisblaða og talpunkta
- Skipulag alþjóðlegra funda og ráðstefna hérlendis
- Skipulag þátttöku í fundum og ráðstefnum erlendis
- Gerð þingmála

HÆFNISKRÖFUR

- Meistarapróf á sviði alþjóðastjórn mála
- Góð þekking á alþjóðamálum
- Starfsreynsla á sviði alþjóðlegs samstarfs er kostur
- Reynsla af skipulagningu funda og ráðstefna er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni og sveigjanleiki
- Frumkvæði, sjálfstæði, jákvæðni og skipulagshæfni
- Framúrskarandi færni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Góð kunnátta í dönsku eða öðru Norðurlandamáli

FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem forseti Alþingis og Félag starfsmanna Alþingis hafa gert.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Starfið hentar öllum kynjum og áhugasöm eru hvött til að sækja um.

Umsóknir gilda í sex mánuði frá auglýsingu þessari.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 26.09.2022.

Sótt er um starfið á Starfatorgi.

Nánari upplýsingar veitir:

Hildur Eva Sigurðardóttir, forstöðumaður nefndasviðs - hildureva@althingi.is - 563-0500

GILDI SKRIFSTOFU ALÞINGIS ERU FAGMENNSKA, VIRÐING OG FRAMSÆKNI.

Amazing opportunities

Can you see yourself working in an innovative software company where you are empowered to influence the future success and growth of the business?

If the answer is yes, LS Retail might have an exciting opportunity for you!

Are you business minded lawyer?

LS Retail is looking for a business-minded individual with a law degree to join our Partner Operations team as a Partner Success Specialist.

Do you want to be a software licenses expert?

If you have knowledge about process improvements and a keen interest in selling software licenses globally, this is a great opportunity for you!

Partner Operations provides LS Retail partners and customers around the world with LS Retail software licenses and related services, including central management of partner agreements and programs.

STARFSMAÐUR FASTEIGNA & ÚTISVÆÐA LBHÍ Á HVANNEYRI



Starfsmaður óskast í 100% starf til þess að sinna fasteignum og útisvæðum Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- + Húsvarsla og aðstoð við rekstrarsvið og kennsluskrifstofu
- + Umhirða fasteigna, innviða og útisvæða
- + Viðhald og eftirlit með nemendagörðum Lbhí
- + Viðhaldsverkefni innan- og utanhúss
- + Grassláttur, trjáklippingar, umhirða gróðurbeða og almenn útistörf
- + Umsjón með snjómokstri og aðgengismálum að skólanum
- + Önnur tilfallandi verkefni

HÆFNISKRÖFUR

- + Iðnmenntun æskileg (s.s. pípuþagnir, smíði, rafvirkjun, skrúðgarðyrkja)
- + Vinnuvélaréttindi skilyrði
- + Haldgóð reynsla af ýmsum verklegum framkvæmdum
- + Þekking og reynsla af viðhaldi fasteigna og útisvæða
- + Þjónustulund og góð samskiptahæfni
- + Samstarfsvilji og frumkvæði

UMSÓKNARFRESTUR er til og með 5.10. 2022

Sótt er um á starfatorg.is

Hlutverk Landbúnaðarháskóla Íslands er að skapa og miðla þekkingu á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda, umhverfis, skipulags og matvælaframleiðslu á Norðurljóðum.

FREKARI UPPLÝSINGAR

Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri guðmunda@lbhi.is - 433 5000

Kristín Theodóra Ragnarsdóttir, rekstrar- og fjármálastjóri - theodora@lbhi.is - 433 5000

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og hafa gert. Landbúnaðarháskóli Íslands áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



WWW.LBHI.IS · HVANNEYRI · 433 5000

Spennandi starf á sviði gervi- hnattafjarskipta

Inmarsat Solutions ehf.
leitar að þjónustustjóra



Starf þjónustustjóra býður upp á fjölbreytileg og spennandi verkefni samhliða ört vaxandi þróun á sviði internettenginga fyrir skip.

Inmarsat Solutions ehf. er að hluta til í eigu Inmarsat Global Ltd. sem hefur verið leiðandi á sviði gervihnattafjarskipta fyrir sjófarendur í yfir 40 ár, með þjónustuvæði um allan heim.

Ef þú vilt taka þátt í slíkum tækni- og vinnuförum þá skaltu senda okkur umsókn á johann.bjarnason@inmarsat.com.

Umsóknarfrestur er til og með 26. september.

Starfið felur meðal annars í sér

- > uppsetningu, bilanagreiningu og viðgerðir á gervihnattafjarskiptabúnaði fyrir skip
- > innleiðingu og uppsetningu á innra netkerfi fyrir skip
- > ráðgjöf um tæknilegar lausnir til viðskiptavina

Við leitum að einstaklingi með

- > menntun á sviði rafeinda-, fjarskipta- og tölvubúnaðar
- > góða þekkingu á internet- og tölvubúnaði
- > frumkvæði og drifkraft
- > góða enskukunnáttu

AQ-rat
Byggingaverktakar
Þegar fagmennska skiptir þig máli

Smiðir, málarar og múrurur óskast til starfa

AQ-rat ehf byggingaverktakar leggja áherslu á að veita fyrirtækjum, húsfélögum og einstaklingum faglega og góða þjónustu, allt frá nýsmíði til viðhalds og endurbóta. Vegna aukinna verkefna leitum við af öflugum smiðum, málurum og múrurum til að slást í hópinn með okkur og takast á við krefjandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Iðnmenntun og að lámarki 5 ára starfsreynsla
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum skilyrði
- Metnaður til að skila af sér vel unnu verki

Umsóknir skulu sendast ásamt ferilskrá á runar@aqrat.is merkt „Verktakar-1709“

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rúnar í síma 8920688



Það er mikið að gera hjá okkur og þess vegna viljum við bæta við okkur fólki á öll svið!

FRAMKVÆMDARÁÐGGJÖF

Framkvæmdaráðgjöf, eftirlit með verklegum framkvæmdum, verkefnastjórnun, áætlanagerð og öryggismál.

ÞÉTTBÝLISTÆKNI

Hönnun vega, gatna, stíga og veitukerfa. Gerð útboðsgagna og áætlana.

MANNVIRKJAHÖNNUN

Öll almenn hönnun mannvirkja, þ.m.t. burðarþol, hönnun lagna- og loftræsikerfa, rafkerfa o.fl.

UMHVERFISMÁL

Umhverfismál, s.s. sjálfbærni mannvirkja, lífsferils- greiningar (LCA), umhverfisvottanir (BREEAM), vistsporagreiningar o.fl.

Almenn viðmið um ofangreind störf:

- Menntun á sviði verk- eða tæknifræði, eða háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- M.Sc. gráða æskileg.
- Starfsreynsla á umræddum fagsviðum.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð samskiptafærni og jákvætt hugarfar.

Upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.hnit.is og á Facebook síðu fyrirtækisins, <https://www.facebook.com/Hnitverkfraedistofa>

Nánari upplýsingar gefur Þór Gunnarsson, s:6937402
Umsóknir skal senda á starf@hnit.is.
Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til og með 27. sept. 2022.



intellecta.is

RÁÐNINGAR



intellecta



ÖFLUGIR GREINENDUR TAKIÐ EFTIR!

Við leitum að tveimur sérfræðingum í einvalalið fjármála- og efnahagsráðuneytisins – hagfræðingi á sviði skattamála og gagnadrifnum sérfræðingi sem brennur fyrir vinnumarkaðs- og mannauðsmálum. Í boði eru áhugaverð og líflæg störf á krefjandi og skemmtilegum vinnustað þar sem hvatt er til framsækni og sjálfstæðra vinnubragða.

HAGFRÆÐINGUR Á SKRIFSTOFU SKATTAMÁLA

Starfið felur í sér stefnumörkun, áætlanagerð, greiningar og ráðgjöf. Skrifstofan tekur m.a. þátt í mótun stefnu í skattamálum og annarri tekjuöflun ríkisins og meðal helstu verkefna er undirbúningur og gerð lagafrumvarpa á sviði skattamála ásamt mati á áhrifum fyrirhugaðra skattbreytinga, auk ýmissa annarra verkefna, svo sem setningu heildarmarkmiða um tekjuöflun ríkissjóðs og alþjóðlegt samstarf. 11 sérfræðingar starfa á skrifstofunni.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Þátttaka í stefnumörkun og áætlanagerð er varðar tekjuöflun ríkissjóðs.
- Gagnavinnsla og greining á horfum og þróun.
- Almenn umfjöllun í ræðu og riti um skattamál og tekjuöflun ríkissjóðs.
- Stuðningur og ráðgjöf vegna skatta- og tekjumála almennt.
- Ýmis nefndarstörf og þátttaka í starfshópum á verkefnasviði skrifstofunnar.
- Samskipti við innlendir og erlendir stofnanir og hagaðila á sviði skattamála.

Hæfniskröfur

- Hagfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfinu. Meistaragráða kostur.
- Reynsla af áætlanagerð og greiningarvinnu sem nýtist í starfi.
- Góð þekking og reynsla af notkun og þróun reiknilíkana, t.a.m. tölfræðiforritinu R.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Framúrskarandi samskiptahæfni auk hæfileika til að leiða teymisvinnu.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti er skilyrði.

Nánari upplýsingar veita: Helga Jónsdóttir, skrifstofustjóri helga.jonsdottir@fjr.is og Ragnheiður Valdimarsdóttir, mannauðsstjóri ragnheidur.valdimarsdottir@fjr.is

HAGFRÆÐINGUR HJÁ KJARA- OG MANNAUÐSSÝSLU RÍKISINS

Kjara- og mannauðssýsla ríkisins leitar að sérfræðingi til starfa sem er gagnadrifinn og með haldgóða þekkingu á tölfræði. Kjara- og mannauðssýsla ríkisins (KMR) vinnur að stefnumörkun ríkisins í mannauðsmálum og sinnir stefnumarkandi ráðgjöf er varðar mannauðsstjórnun, ákvæði starfsmannalaga og framkvæmd kjarasamninga. KMR fer m.a. með innleiðingu og eftirfylgni kjarasamninga, sinnir starfsþróun og fræðslumálum ríkisstarfsmanna og málefnum forstöðumanna og stuðlar að framþróun í starfsumhverfi hjá ríkinu. 11 sérfræðingar starfa hjá KMR. Fram undan eru krefjandi verkefni á vettvangi kjaramála, í málefnum stjórnenda og stefnumótun mannauðsmála ríkisins. Verkefnið felur í sér mikil tækifæri fyrir einstakling með drifkraft og áhuga á vinnumarkaðsmálum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Greining á þróun og horfum og framsetning vinnumarkaðsupplýsinga.
- Þátttaka í undirbúningi við gerð, framkvæmd og eftirfylgni kjarasamninga.
- Þátttaka í umbótum og framfaraverkefnum á opinberum vinnumarkaði.
- Afgreiðsla erinda m.a. frá stjórnvöldum og stéttarfélagum.
- Ýmis nefndarstörf og þátttaka í starfshópum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólanám sem nýtist í starfi, í hagfræði eða skyldum greinum. Meistarapróf er kostur.
- Reynsla af gagnavinnslu og framsetningu á tölfræðiupplýsingum.
- Mjög góð greiningarhæfni, gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun.
- Góð samskiptahæfni, sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfileiki til að taka þátt í teymisvinnu.
- Þekking og/eða reynsla af vinnumarkaðsmálum er kostur.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti er skilyrði.

Nánari upplýsingar veita: Jökull Heiðdal Úlfsson skrifstofustjóri (jokull.ulfsson@fjr.is) og Ragnheiður Valdimarsdóttir mannauðsstjóri (ragnheidur.valdimarsdottir@fjr.is)

Frekari upplýsingar um störfin:

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Meginhlutverk fjármála- og efnahagsráðuneytis felst í yfirstjórn opinberra fjármála og efnahagsmála. Ráðuneytið fer með málefni fjármálamarkaðsins, ber ábyrgð á bættum stjórnunarháttum og áætlanagerð, hefur með höndum virka stjórn mannauðsmála ríkisins og er leiðandi í umbótum og nýsköpun í rekstri ríkisins. Ráðuneytið hefur frumkvæði, fagmennsku og árangur að leiðarljósi í starfsemi sinni. Um 100 starfsmenn eru í starfsliði ráðuneytisins og nánari upplýsingar um starfsemi þess er að finna á www.stjornarradid.is.

Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá birtingu þessarar auglýsingar, sbr. reglur nr. 1000/2019 um auglýsingu lausra starfa. Sótt er um störfin á vefnum www.starfatorg.is Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 26. september nk.
Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og
efnahagsráðuneytið



Þrjú ný og spennandi störf

Hjá Heilsuvernd er vinnuumhverfið sveigjanlegt og í örur vexti og þróun. Við leitum að einstaklingum sem hafa jákvæðni og góð samskipti að leiðarljósi, eru sjálfstæðir í vinnubrögðum en vilja jafnframt vera hluti af öflugri teymi.



■ Heilbrigðisgagnafræðingur

Gott tækifæri til að byggja upp nýtt starf þar sem áhersla er á gott skipulag, samskiptahæfni og lipurð í sveigjanlegu starfsumhverfi.

Starfshlutfall er 80-100%.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Sérhæfð verkefni, gæðaskráning, upplýsingagjöf, gagnavinnsla og frágangur
- Verkefnaumsýsla
- Afleysing móttökurita
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfnikröfur

- Íslenskt starfsleyfi sem heilbrigðisgagnafræðingur
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Þjónustulund, jákvæðni og lipurð í samskiptum

■ Klínískur lyfjafræðingur

Gott tækifæri til byggja upp nýtt starf, vinna að nýjum hugmyndum og framþróun í í vaxandi starfsemi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þróun á nýju starfi klínískis lyfjafræðings
- Lyfjarýni (medication review) skjólstæðinga
- Lyfjasaga (medication reconciliation) við flutning milli heilbrigðisstiga (transitions of care)
- Eftirlit með hááhættusömum lyfjum (high risk medication)
- Styðja við notkun klínískra leiðbeininga
- Svára lyfjatengdum fyrirspurnum lækna og hjúkrunarfræðinga
- Fræðsla fyrir starfsmenn

Menntunar og hæfnikröfur:

- MS-próf í klínískri lyfjafræði
- Starfsleyfi sem lyfjafræðingur á Íslandi
- Starfsreynsla sem klínískur lyfjafræðingur kostur

■ Verkefnastjóri gæða og umbóta

Gott tækifæri fyrir einstakling með brennandi áhuga á gæðamálum og umbótameningu. Viðkomandi mun byggja upp og leiða gæða- og umbótastarf þvert á starfseiningar Heilsuverndar í samstarfi við framkvæmdastjórn félagsins.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Gæða- og umbótastarf og umsjón með gæðaúttektum
- Þátttaka í stjórnun, stefnumótun og innleiðingu breytinga
- Ábyrgð á fræðslu til starfsmanna varðandi gæðamál og umbætur
- Ferlagreining – endurskoðun, innleiðing og utanumhald verkferla
- Úttektar og umbótaverkefni

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af gæða- og umbótastarfi
- Reynsla af gæðastarfi í heilbrigðisgeiranum er kostur
- Vottun í verkefnastjórnun er kostur
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Drifkraftur, jákvæðni og lipurð í samskiptum

Um Heilsuvernd:

Hjá Heilsuvernd og dótturfélögum starfar öflugt teymi sérfræðinga sem sinna fjölbreyttum störfum á sviði heilbrigðisþjónustu. Markmið Heilsuverndar er að hafa jákvæð áhrif á lífsgæði fólks og efla heilbrigði og vellíðan.

Heilsuvernd er starfrækt í björtu og nýju húsnæði á besta stað við Elliðaárdalinn.

Starfsandi og aðstaða er til fyrirmyndar og við höfum metnað til að bjóða upp á framúrskarandi þjónustu við alla sem til okkar leita.

Nánari upplýsingar um störfin veitir

Elín Hjálmsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs- og markaðsmála elin@hv.is

Tekið er á móti umsóknum á heimasíðu Heilsuverndar

www.hv.is.

Umsóknarfrestur er til og með 22. september.

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Laus störf á tæknisviði Skattsins

Á tæknisviði Skattsins er unnið að fjölbreyttum verkefnum sem miða að liprum og öruggum stafrænum samskiptum við almenning og öruggri og hagkvæmri úrvinnslu upplýsinga sem Skattinum berast. Gildi Skattsins eru fagmennska, framsækni og samvinna.

Öryggisstjóri í upplýsingatækni

Helstu verkefni upplýsingaöryggisstjóra Skattsins:

- Hafa eftirlit með og stuðla að framkvæmd upplýsingaöryggisstefnu embættisins í samræmi við ISO 27001 staðalinn.
- Sinna öryggismálum er snúa að vörslu gagna, aðgengi og öryggisreglum í samskiptum við þjónustuaðila o.fl.
- Yfirumsjón með innleiðingu og rekstri á stjórnkerfi upplýsingaöryggis.
- Annast gerð verkferla og handbóka og sjá um innri úttektir er varða upplýsingaöryggi.
- Framkvæmd áhættumats og þátttaka í neyðarstjórnun.
- Umsjón með þjálfun og fræðslu til starfsmanna um m.a. upplýsingaöryggi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði, tölvunarfræði, kerfisfræði o.fl. (lágmarksmentun er bakkalár gráða).
- Reynsla af stjórnun öryggismála í hugbúnaðar- eða upplýsingatæknigeira.
- Þekking á ISO 27001 staðlinum er nauðsynleg.
- Reynsla af gæðastarfi og verkefnastjórnun er kostur.
- Skipulögð, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð.
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli.
- Sveigjanleiki, frumkvæði og metnaður.
- Fáguð framkoma og lipurð í samskiptum.
- Jákvæðni og rík þjónustulund.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Hreint sakavottorð.

Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð á Laugavegi 166. Nánari upplýsingar um starf öryggisstjóra veitir Jens Þór Svansson, sviðsstjóri tæknisviðs, í síma 442-1000 eða með tölvupósti á netfangið jens.th.svansson@skatturinn.is

Umsóknir skulu fylltar út á vefsíðu Skattsins, skatturinn.is eða á vefsíðu Starfatorgs, starfatorg.is. Ferilskrá, auk kynningarbréfs, sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Umsækjendum um störf hjá Skattinum kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, heildstætt inn í mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Skatturinn hvetur fólk af öllum kynjum til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 27. september 2022 og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

Hugbúnaðarsérfræðingur með brennandi áhuga á stafrænum lausnum

Helstu verkefni hugbúnaðarsérfræðings:

- Greining og hönnun á hugbúnaðarlausnum.
- Verkefnastjórnun á sviði stafrænna lausna og þjónusta við notendur.
- Rekstur á upplýsingakerfum Skattsins.
- Samskipti við samstarfsaðila vegna daglegra verkefna tengt tolla- og skattframkvæmd.
- Prófanir og þjálfun starfsmanna á hugbúnaðarlausnum Skattsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tölvunar-, verkfræði eða annarra raungreina sem nýtast í starfi (lágmarksmentun er bakkalár gráða).
- Þekking og/eða reynsla C#, .NET og SQL.
- Færni í þarfagreiningu og hönnun lausna.
- Skipulögð, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð.
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli.
- Sveigjanleiki, frumkvæði og metnaður.
- Fáguð framkoma og lipurð í samskiptum.
- Jákvæðni og rík þjónustulund.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Hreint sakavottorð.

Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð á Laugavegi 166. Nánari upplýsingar um starf hugbúnaðarsérfræðings veitir Einar Valur Kristinsson, deildarstjóri, í síma 442-1000 eða með tölvupósti á netfangið einar.v.kristinsson@skatturinn.is.



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Verkefnastjóri

Embætti ríkislögreglustjóra leitar að öflugum verkefnastjóra til starfa í notendapjónustu og rekstrardeild sem er hluti af þjónustusviði. Við leitum að einstaklingi sem er lausnarmiðaður, brennur fyrir hönnun og framþróun og hefur áhuga á að starfa í öflugum teymi.

Notendapjónusta og rekstrardeild sinnir m.a. uppsetningu og innleiðingu á stórum tölvukerfum og daglegum rekstri þeirra. Hjá deildinni starfa 7 starfsmenn og starfsstöð er Skúlagata 21, Reykjavík. Um er að ræða 100% starf.

Embætti ríkislögreglustjóra er lifandi þekkingarvinnustaður sem býr að fjölbreyttum og framúrskarandi mannaúði þar sem starfa rúmlega 200 starfsmenn sem sinna margbreytilegum verkefnum. Lögð er áhersla á opin og jákvæð samskipti, markvissa starfsþróun og unnið er í samræmi við stefnu embættisins um samræmingu fjölskyldulífs og vinnu. Embætti ríkislögreglustjóra hefur hlotið jafnlaunavottun.

Stefna embættis ríkislögreglustjóra í hnotskurn: **Okkar tilgangur** er að vernda og virða - **Okkar sýn** er að vinna að öruggara samfélagi - **Okkar markmið** er að vera þjónustudrifin, framsækin og upplýsandi **með áherslu á** þjónustu - fagmennsku - mannaúð - tækni - rekstur.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Að tryggja rekstur og uppitíma kerfa lögreglu.
- Þátttaka í gerð framtíðaráætlana um uppbyggingu og þróun tölvukerfa lögreglunnar.
- Þátttaka í hönnun, innleiðingu og rekstri Microsoft 365 lausna lögreglunnar.
- Þátttaka í hönnun, innleiðingu og rekstri Microsoft Azure lausna lögreglunnar.
- Þátttaka í hönnun, innleiðingu og rekstri öryggislausna lögreglunnar.
- Dagleg störf er snúa að rekstri upplýsingakerfa lögreglu.
- Halda námskeið fyrir starfsmenn um rekstur og innleiðingu tölvukerfa lögreglunnar.
- Verkefnastjórn á uppsetningu og innleiðingu á stórum tölvukerfum.
- Hugbúnaðargerð, viðhald og uppfærslur á hugbúnaði og kemur að samskiptum við stofnanir og fyrirtæki utan lögreglu vegna þess.
- Tekur þátt í að veita fræðslu og aðstoð til embætta í tengslum við lögreglukerfin.
- Tekur þátt með deildarstjóra í vinnslu tillagna- og áætlanagerða verkefna (tími-gæði-kostnaður).
- Samskipti við samstarfsaðila á sviði upplýsingatæknimála bæði innanlands og erlendis.
- Fylgist með nýmælum og framförum á sviði tölvu- og símamála og kemur á framfæri við deildarstjóra og starfsmenn deildarinnar.

Menntunar-, reynslu- og hæfniskröfur

Menntun

- Microsoft vottun í Azure innleiðingu og hönnun.
- Microsoft vottun í Microsoft 365 innleiðingu og hönnun.
- Microsoft vottun í upplýsinga öryggi.
- Microsoft vottun í rekstri Windows netþjóna
- Önnur menntun sem nýtist í starfinu.

Reynsla

- Umfangsmikil þekking og reynsla á tölvumálum, þ.m.t. rekstri tölvu-, net- og símkerfa.
- Staðgóð þekking á og reynsla af þróun og samþættingu upplýsingatæknikerfa.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Reynsla af þjálfun og miðlun upplýsinga.
- Reynsla af hönnun, innleiðingu og samþættingu tölvukerfa.
- Reynsla af sjálfvirknivæðingu í tölvukerfum.
- Reynsla af skráningu vegna innleiðinga tölvukerfa.
- Reynsla af rekstri Active Directory ásamt þjónustum eins og PKI.

Persónulegir eiginleikar/hæfni

- Jákvætt viðmót, lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Faglegur metnaður, frumkvæði og lausnamiðuð nálgun við úrlausn verkefna.
- Góðir skipulagshæfileikar og öguð vinnubrögð.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og hluti af teymi.
- Hæfni til að afla þekkingar á sjálfstæðan hátt.
- Hæfni í miðlun þekkingar skriflega og í formi námskeiða.

Frekari upplýsingar um starfið

- Umsækjendur skulu senda inn ferilskrá að hámarki 2 bls. ásamt kynningarbréfi sem er að hámarki 1 bls. á íslensku þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist til að sinna starfinu í samræmi við þær hæfniskröfur sem fram koma í auglýsingu. Umsóknir skulu berast í gegnum Starfstorg (www.starfatorg.is). Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
- Umsækjendum um störf hjá embætti ríkislögreglustjóra kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, heildstætt inn í mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa.
- **Umsóknarfestur er til 23. september nk.** Öllum umsóknum verður svarað að loknum ráðningum. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá lokum umsóknarfrests. Í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglu og jafnréttis-áætlunar lögreglunnar, eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um.
- Vakin er athygli á því að samkvæmt 28. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996 má engan skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknad sem framinn var eftir að hann varð fullra 18 ára eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu. Með vísan til 24. gr. varnarmálalaga nr. 34/2008 og 20. gr. reglugerðar nr. 959/2012, sbr. einnig 30. og 31. gr. reglugerðarinnar þarf starfsmaður að standast bakgrunnskoðun til að hljóta öryggisvottun vegna starfans.



vinnvinn

Sérfræðingar

Vegna aukinna verkefna viljum við bæta öflugu og metnaðarfullu starfsfólki í hópinn okkar. Við viljum jákvæða einstaklinga sem sýna frumkvæði og sjálfstæði í starfi. Verkefnin okkar byggja að miklu leyti á teymisvinnu sem krefst góðrar samskiptahæfni innanhúss sem utan.

Nánari upplýsingar um störfin eru á umsokn.verkis.is

HÖNNUÐUR VEGA OG STÍGA

Fjölbreytt verkefni tengd samgöngu-mannvirkjum, s.s. hönnun vega, gatna og göngu- og hjólastíga sem eru staðsett í þéttbýli jafnt sem dreifbýli, bæði hér á landi sem erlendis.

SÉRFRÆÐINGUR Í SJÁLFBÆRNI

Verkefnin eru á sviði sjálfbærni bygginga og innviða, þ.m.t. lífsferilsgreiningar (LCA) og umhverfissvottanir s.s. BREEAM, greiningar og aðgerðir vegna vistspora, hringrásarhagkerfis og loftslagsmála.

TÆKNITEIKNARI

Aðstoða hönnuði við gerð teikninga og þrívíddarlíkana í AutoCAD, Civil3D og Revit ásamt útgáfu og utanumhaldi teikninga og teikningaskráa.

HÖNNUÐUR HAFNARMANNVIRKJA

Fjölbreytt verkefni á sviði hafnarframkvæmda sem fela í sér ýmis konar greiningar tengdar fyrirkomulagi og hönnun hafnarmannvirkja.

SÉRFRÆÐINGUR Í HÖNNUN STJÓRNKERFA

Hönnun stjórnkerfa í virkjunum, tengivirkjum, veitukerfum og iðnaði ásamt prófunum og gangsetningu kerfa.

BYGGINGAHÖNNUÐUR

Fjölbreytt hönnunarverkefni, gerð kostnaðaráætlana og eftirlit í verkefnum á sviði virkjana, veitna og iðnaðar.

SÉRFRÆÐINGUR Í UMHVERFISMATI FRAMKVÆMDA

Verkefnin tengjast umhverfismati framkvæmda s.s. gerð matsskýrsla og matskyldufyrirspurna, túlkunar á rannsóknnum og sérfræðiskýrslum sem og öðrum verkefnum sem varða umhverfi og samfélag.

HÖNNUÐUR VATNS- OG HITAVEITNA

Verkefnin felast m.a. í lagnahönnun, kerfisgreiningum, hönnun veitumannvirkja og samræmingarhönnun veitustofnana í þverfaglegri teymisvinnu þar sem löggö er áhersla á sjálfbærni.

VERKEFNASTJÓRI

Starfið felst í verkefnastjórn og skipulagningu fjölbreyttra verkefna á sviði hönnunar og framkvæmda þar sem löggö er áhersla á árangursrík samskipti.

SÉRFRÆÐINGUR Í INNKAUPUM OG SAMNINGAGERÐ

Utanumhald útboðsferla fyrir stór verkefni og aðstoð við gerð samninga fyrir viðskiptavinum, bæði á íslensku og ensku ásamt skipulagningu verkefna og kostnaðargát.

SKJALASTJÓRNUN (E. DOCUMENT CONTROL)

Starfið felst í utanumhaldi og eftirfylgni á skjölum í stærri verkefnum og samskiptum við hönnuði og verkkaupa. Vinnan fer fram með notkun skjalastjórnunarkerfis Verkis og á ýmsum verkefnavefum.

VIÐ BYGGJUM SAMFÉLÖG

VERKÍS veitir trausta ráðgjöf sem styður við uppbyggingu sjálfbærra samfélaga. Við höfum mikla þekkingu á sviði vistvænnar hönnunar og erum leiðandi á heimsvísu þegar kemur að grænni orkuvinnslu og nýtingu jarðvarma. Við vinnum að sjálfbærni verkefnum víða um heim, þar sem við byggjum upp sjálfbær samfélög með því að hafa sjálfbærni alltaf í huga við ákvarðanatöku – allt frá fyrstu hugmynd til förgunar.

Nánari upplýsingar veitir

Áslaug Ósk Alfreðsdóttir, sérfræðingur í mannauðsmálum, aoa@verkis.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. september 2022. Sótt er um á umsokn.verkis.is



Framkvæmdastjóri

Félag prófessora við ríkisháskóla auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra. Um hálf starf er að ræða.

Félag prófessora við ríkisháskóla er stéttarfélag prófessora við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands, en starfsstöð framkvæmdastjórans verður í Reykjavík.

Framkvæmdastjórinn vinnur náð með stjórn félagsins að mál-efnum er varða félagið og félagsmenn þess. Í því felst að fylgja eftir ákvörðunum stjórnar og sinna fyrirspurnum og fyrirgreiðslu við einstaka félagsmenn vegna kjaratengdra málefna. Einnig er ætlast til þess að framkvæmdastjóri sýni verulegt frumkvæði varðandi daglegan rekstur skrifstofu og stefnumótun til lengri tíma.

Kröfur um menntun og reynslu:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu er skilyrði.
- Viðamikil reynsla af stjórnun og/eða rekstri félagasamtaka er æskileg.
- Nákvæmni og öryggi í meðferð tölulegra gagna.
- Færni í mannlegum samskiptum og samstarfi.
- Reynsla af launaútreikningum og samingagerð er kostur.
- Reynsla af umsjón með uppfærslu og þróun heimasíðu er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 10. október 2022

Umsókn og fyrirspurnir sendist til Félagsprófessora við ríkisháskóla fpr@hi.is

Í umsókn er mikilvægt að skýrt komi fram hvernig ofangreindum hæfnikröfum er mætt. Geta þarf tveggja meðmælenda.



Útboð nr. 2022-37 Rekstur mötuneytis í Kröflu og Þeistareykjum

Óskað er eftir tilboðum í þjónustuna rekstur mötuneytis í Kröflu og Þeistareykjum samkvæmt útboðsgögnum nr. 2022-37.




Sinum viðhaldinu saman og notum öruggar lausnir við framkvæmdir

Heilsa

Heilsuvörur



Nudd



HEILSUNUDD KLASSÍSKT

Demanta húðflögnunarmeðferð 60 mín, anditsmaskameðferð, axlanudd og handanudd. Tilboð 33% afsláttur. Verð 23.900-kr en með afslátt 16.000-kr Hringdu í síma 7701739 eða sendu SMS til að panta tíma. Heilsunudd Snryrtstofa. Laugavegur 71, 101 Reykjavík

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Skólar & Námskeið

Námskeið



ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA

Only 1-4 students per course!
! Also Special Icelandic for Thais, Vietnamese and Chinese. Sérnámskeið: Íslenska f. Tælendinga, Vietnama og Kinverja. Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk/Also Special courses for Health Personnel. Enska fyrir Leiðsögumenn/ Icelandic for Guides. Start: 19/9, 3/10, 17/10, 31/10, 28/11, 12/12. * 4 weeks x 5 workdays or/eða * 10 weeks/vikur x Sat/Sun/lau/sun. AM & PM/f.h&e.h. Price/verð: 49.500. Labour Unions pay back 50-90% of price. Stéttarfélag endurgreiða 50-90% námsgjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans.is - [facebook.com/icetrans](https://www.facebook.com/icetrans). IceSchool-Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5. 108, s. 8981175.

Húsnæði

Húsnæði í boði

2-3ja herbergja íbúð til leigu í Þingholtunum. Með öllum húsbúnaði. Reglusemi og reykleysi skilyrði. Er laus strax. Uppl. í síma 861-6841

Geymsluhúsnæði

FERDAVAGNAGEYMSLA

Til leigu vetrargeymsla fyrir fellí- og hjólahýsi á góðum stað í Reykjavík. Uppl. í s. 846 2986.

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

LITALÍNAN EHF

Óskar eftir lærðum málurum og menn vana málningsvinnu einnig nema. Uppl. í S. 898 9591 & 896 5445

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF KOSTAR AÐEINS 24.500 kr.*

Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.

Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafar og dv.is *Verð er án vsk.

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is

» Ódýrt

- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

» Skilvirkt

- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

» Auðvelt í notkun

- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttekur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.

Metum ástand og gerum við.

www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og búrústál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Haðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is



ÞJÓNUSTU AUGLÝSINGAR

HAÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Fasteignir til sölu á Spáni



Yfir 1.000 fasteignir til sölu á Costa Blanca svæðinu.

Sumareignir

sumareignir.is - sumareignir@gmail.com - S: 6168880

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is



Leitum að kraftmiklu starfsfólki

Kraftur leitar að drífandi einstaklingum með hjarta fyrir málstaðnum. Við leitum að viðburða- og fjáröflunarfulltrúa sem og markaðs- og kynningarfulltrúa í 100% starf.

Kraftur er stuðningsfélag sem brennur fyrir félagsmenn sína. Meginmarkmið Krafts eru að styðja við ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur með því að halda úti jafningjastuðningi, hagsmunagæslu, öflugri fræðslu, samveru á jafningjagrunni, veita hagnýtar upplýsingar og stuðla að samvinnu félagasamtaka, heilbrigðisstarfsmanna og annarra sem koma að málefnum þeirra sem tengjast sjúkdómnum.



Viðburða- og fjáröflunarfulltrúi

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með vefverslun félagsins, innkaupum og afgreiðslu pantana og söluvarnings í verslanir
- Umsjón með uppgjöri og birgðaskráningu söluvarnings félagsins
- Umsjón, kynning og skipulagning á fjáröflunarviðburðum félagsins
- Koma að þróun vefverslunar og framleiðslu á nýjum styrktarvörum
- Umsjón með viðburðum og dagskrá félagsins er snýr að félagsmönnum
- Umsjón með kynningu styrktarvarnings og viðburðum á samfélagsmiðlum félagsins
- Almenn upplýsingagjöf og þjónusta við félagsmenn
- Annast önnur tilfallandi verkefni sem rúmast innan starfshlutfalls starfsmanns

Umsóknarfrestur er til og með **21. september nk.**

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi fyrir starfið.

Nánari upplýsingar veitir Hlynur Atli Magnússon, ráðgjafi hjá Hagvangi, hlynur@hagvangur.is.

Markaðs- og kynningarfulltrúi

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á markaðs- og kynningarstarfi Krafts
- Umsjón með vitundarvakningu félagsins
- Umsjón með vef og samfélagsmiðlum félagsins
- Fréttir og almannatengsl
- Koma að útgáfu og kynningarefni félagsins
- Umsjón með textagerð/prófarkalestur fyrir markaðs- og útgáfuefni félagsins
- Ábyrgð á viðburðum er varðar markaðs- og kynningarstarf félagsins
- Önnur tilfallandi störf samkvæmt óskum framkvæmdastjóra

Umsóknarfrestur er til og með **28. september nk.**



Sótt er um störfin á hagvangur.is

Sigríður Víðis Jónsdóttir vissi ung að hana langaði að sjá heiminn og hélt af stað á unglingsárum. Fyrir ellefu árum gaf hún út verðlaunabókina Ríkisfang: Ekkert, og á dögnum var henni fylgt eftir með nýrri bók: Vegabréf: Íslenskt.

Frá því að ég var mjög ung vissi ég að mig langaði að sjá heiminn," segir Sigríður. „Um leið og ég var komin á unglingsárin hélt ég af stað. Foreldrar mínir voru mjög styðjandi og ég verð þeim ævinlega þakklát fyrir að leyfa mér að rækta áhugann á umheiminum.“

Sigríður flakkaði um heiminn í allmörg ár, var oft nokkra mánuði í burtu í einu og safnaði í ferðasjóðinn með því að senda frá sér fréttaskýringar, viðtöl, pistla og annað. „Miðlunin dreif mig áfram og opnaði um leið ótal dyr.“

Hún segist hafa orðið gagntekin af því að heimurinn væri fullur af sögum.

„Sögum úr hversdeginum, sögum um fólk sem vinnur stóra sigra og smáa, sögum sem skarast og öðrum sem aldrei liggja saman. Sögum sem urðu til á hverjum degi, um allan heim.“

Það var svo árið 2010 sem Sigríður hitti eiginmann sinn, Leó Alexander Guðmundsson líffræðing, og eiga þau saman tvö börn.

„Þegar börnin komu dró úr flakkinu um tíma en mér fannst alltaf að ég hefði ekki alveg klárað öll þessi ferðalög. Var með þá tilfinningu að ég sæti á alls kyns efni sem ég yrði að gefa mér tíma til að sökkva mér aftur ofan í og skrifa um. Og mig langaði líka til að koma aftur að efninu, vera búin að eldast í millitíðinni og geta séð hvað hefði breyst síðan ég var á staðnum. Á endanum ákvað ég að láta hugmyndina verða að veruleika – og úr varð bókinn sem kemur út núna á þriðjudaginn.“

Palestínkar flóttakonur

Árið 2011 kom út fyrri bók Sigríðar, Ríkisfang: Ekkert, og fjallaði hún um palestínkar flóttakonurnar sem komu á Akranes frá Írak haustið 2008. „Í gegnum þeirra sögu sagði ég stærri sögu af heimssögulegum atburðum – stofnun Ísraelsríkis í Palestínu og innrásinni í Írak. Í nýju bókinni, Vegabréf: Íslenskt, er markmiðið sömuleiðis að segja stærri sögu í gegnum persónulegar sögur fólks. Í þetta sinn ferðast lesandinn á hinn bóginn til margra landa. Ég sjálf er sögumaðurinn og lesandinn fylgir mér eftir og kynnist fólki í Afganistan, Palestínu, Rúanda og Bosníu, svo nokkur dæmi séu nefnd. Markmiðið er að færa atburði sem lesendur þekkja til dæmis úr fréttum nær þeim.“

Einn kaflinn í nýju bókinni gerist í Sýrlandi fyrir stríðið – þegar Sýrland var eftirsóttur ferðamanna staður og sú hugsun fjarstaðukennd að þar myndi brjótast út skelfilegt stríð.

„Kaflinn hverfist um fjölbreytt persónugalleri á gistiheimili í Damaskus þar sem ég bjó í nokkra mánuði. Við kynnumst Abu Salim, Claudiu og fleira fólki, sjáum iðandi mannlíf í gömlu borginni, verðum vitni að störfum sýrlensku leyniþjónustunnar og sjáum hvað gekk á bak við tjöldin við vinnslu fyrri bókar.“

Ekki bara sorg og hörmungar

Sigríður segist hafa verið siskrifandi frá unga aldri. „Ég hef alltaf verið heilluð af töfrunum sem felast í orðum.“

Eftir fyrri bókina þurfti hún þó að taka sér fri frá skrifum en fór svo að finna áhugann kvikna á ný fyrir nokkrum árum og nú er seinni bókinn tilbúin. „Nýja bókinn inniheldur ekki bara sorg og hörmungar, stríð og flótta, því lofa ég. Mig langaði líka að hún væri skemmtileg



Sigríður segir það alltaf hafa slegið sig hvernig við erum á endanum öll bara fólk en ótrúlega misheppin í því lottói sem lífið er, hvort sem það tengist því hvar við fæðumst eða hvaða höndum lífið fer um okkur. Íslenska vegabréfið sé dæmi um mikil forréttindi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Íslenska töfravegabréfið forréttindi



Björk Eidsdóttir
bjork@frettabladid.is

og upplifgandi og myndi vonandi hreyfa við fólki á alls konar mæta.“

Bókin er unnin upp úr dagbókum og stílabókum, minnispunktum og efni sem Sigríður hefur sent frá sér í gegnum tíðina. „Þar sem ég hafði starfað sem blaðamaður átti ég mjög mikið skrifað niður hjá mér. Sumt kom máð og illlæsilegt upp úr kössum sem höfðu ekki verið opnaðir í mörg ár. Við heimildavinnuna leitaði ég síðan einnig í fræðigreinar, skýrslur, fréttir, bækur og margvíslegt annað efni sem myndar bakgrunn fyrir sögurnar.“

Æsispennandi og átakanlegt

Sögurnar sjálfar gerast á ákveðnum tíma, eftir því hvenær Sigríður var sjálf á staðnum, sú elsta er frá 2003 og sú yngsta frá 2021. „En ég þrjóna saman við þær stöðunni í dag á viðkomandi stað. Ég leitaði að öllum þeim sem ég skrifa um til að fá þeirra leyfi fyrir skrifunum og til að vita hvað þau væru að gera í dag og hvað hefði breyst, bæði hjá þeim sjálfum og í samfélaginu þeirra. Þetta var mjög umfangsmikið ferli, oftast skemmtilegt og gleðilegt, stundum æsispennandi og á köflum átakanlegt – allt eftir því hvað hafði gerst síðan síðast. Sumir höfðu átt drauma sem í ljós kom að höfðu ræst en aðrir höfðu sem dæmi orðið fyrir ofsóknum stjórnvalda eða endað á flótta vegna stríðsátaka.“

Sigríður segir það hafa verið dýrmætt að endurnýja kynnin. „Meðan á þessu stöð var ég kannski um morguninn komin með svar frá Líbanon, heyrði í hádeginu frá eþíópískum vini mínum í gegnum WhatsApp og var um kvöldið komin með skilaboð á Messenger frá litlu þorpi langt úti á landi í Sudur-Súdan.“

Með nafni nýju bókarinnar: Vegabréf: Íslenskt, vísar Sigríður í eigin forréttindastöðu. „Að vera íslenskur ríkisborgari og eiga íslenskt vegabréf sem kemur mér hvert sem er í heiminum. Á sama tíma eiga milljóðnir manna ekki vegabréf því þau eru ríkisfangslaus og tilheyra formlega engu ríki í heiminum.“

Óréttlátur heimur

Síðan er stór hluti heimsbyggðarinnar sem á vegabréf eða gæti útveg-



Fastar fléttur af öllum stærðum og gerðum í Eþíopíu þar sem fjölbreytileikinn er gífurlegur og landið ellefu sinnum stærra að flatarmáli en Ísland.

MYND/ÆSEND



að sér það – en er frá löndum sem aðrir vilja ekkert endilega að fólk komi frá. Þau mæta því lokuðum dyrum. Andspænis þessu er síðan gullagullið ég sem get farið um allt með bláa töfrapassann minn.“

Í bókinni lýsir Sigríður atviki þar sem henni fannst þetta sérstaklega sláandi, þegar hún fór frá Írak yfir til Sýrlands.

„Ég var búin að tala við fólk sem bjó í algjörrri örventingu í ömurlegum flóttamannabúðum, búin

Tvívurabræður hlæja og hlaupa um og láta kuldann í Afganistan í desember ekki bita á sig.

MYND/ÆSEND

að drekka te og kaffi með þeim, borða með þeim, hlæja og gráta með þeim – og finna svo innilega hvernig þau þráðu ekkert heitar en að komast í burtu. Þau voru ofsótt í Írak og höfðu öll misst nána fjölskyldumeðlimi í stríðinu. Sýrland hleypti þeim hins vegar ekki yfir landamærin. Þau voru ríkisfangslaus og áttu þess vegna ekki vegabréf. Voru strand í írösku eyðimörkinni og hirtust í tjöldum á stað þar sem varð 50 stiga hiti á sumrin og iskalt á veturna. Ég, með íslenska töfravegabréfið mitt, gat hins vegar valseað þarna inn og út. Og þegar ég var búin að gera það sem ég þurfti þá stóð ég bara upp, kvaddi og rúllaði mér yfir landamærin sem þau komust sjálf ekki yfir. Mér hefur sjaldan fundist heimurinn jafn-óréttlátur og þann dag,“ segir hún alvarleg.

„Það hefur alltaf slegið mig hvernig við erum á endanum öll bara fólk en ótrúlega misheppin í því lottói sem lífið er, hvort sem það tengist því hvar við fæðumst eða hvaða höndum lífið fer um okkur,“ segir hún að lokum. ■



BAUHAUS®

OPNUNARTÍMAR

MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA KL. 8:00-19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00-18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00-18:00



Við eigum mikið úrval af garðvélum og verkfærum

GÓÐUR ÁRANGUR KREFST GÓÐRA VERKFÆRA

Við erum með eitt mesta úrvalið af rafmagns- og garðverkfærum sem og af öllum fylgihlutum. Rafmagnsverkfærin eru í hæsta gæðaflokki - og að auki með 5 ára ábyrgð.



Í BAUHAUS finnur þú öll helstu vörumerkin:

AEG

Makita

GARDENA

TIGTA

BOSCH

ALKO

HiKOKI



RYOBI


STANLEY



DEWALT

BLACK+DECKER

metabo



World of Garden Machines



Makita

Bor-/Skrúfvél

DDF485RT1J. Kolalaus mótör með 2 gírur. Max moment 50/27 Nm. MAKPAC taska með 1 stk. 18V 5.0 Ah Li-Ion rafhlöður og hleðslutæki fylgir.

36.995,-

~~59.995,-~~



Makita

Rafmagns-moltukvörn

- UD2500
- Af: 2500 W
- Skurðarkerfi: valsar
- Hám. þykkt á grein-um: 45 mm
- 67 l. safnkassi
- Þyngd: 27,6 kg

44.995,-

~~54.995,-~~



BOSCH

Höggborvél

GSB 12V-15 stysta smíðin í sínum flokki, góð á þröngum stöðum. 2 x akku 12V 2.0Ah rafhlöður og hleðslutæki fylgir.

19.995,-

~~29.995,-~~

Gildir eingöngu frá fimmtudeginum 15. september til og með sunnudeginum 18. september.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegi 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - upplýsingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is





Kristján E. Guðmundsson segir andrúmsloftið í Ljósinu afar heimilislegt og þar líður honum mjög vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Er ekkert hræddur við að deyja



Helena Rós Sturludóttir
helenaros
@frettabladid.is

Kristján E. Guðmundsson flutti til Berlínar í Þýskalandi eftir að hann komst á eftirlaun. Hann greindist með krabbamein í blöðruhálskirtli í fyrra og ákvað í samráði við börnin sín að flytja heim til Íslands. Kristján segir greininguna hafa verið sjökk en að stuðningur Ljóssins hafi skipt sköpum fyrir hann.

Þegar menn greinast með krabbamein þá er það dálítið sjökk,“ segir Kristján en hann greindist með krabbamein í blöðruhálskirtli í fyrra, þá 78 ára gamall. „Þegar ég var búinn að fara í gegnum mælingar reyndist það vera þannig að krabbameinið var komið út fyrir blöðruhálskirtlinn. Í beinin, þannig að það var ekki hægt að fjarlægja það.“

Kristján fór strax að hugsa um alvarleika málsins, hversu alvarleg greiningin væri í raun og veru. „Ég fór strax að gúggla blöðruhálskirtilskrabbamein, þá sérðu strax – þar er rætt um lífslíkur,“ segir Kristján og bætir við að upplýsingarnar sem hafi komið upp hafi snúist að mestu um lífslíkur og hversu hátt hlutfall greindra væri enn á lífi eftir fimm ár.

Búið að dreifa sér

„Það eru svona greiningar og þá fer maður edlilega að spekulera í því hvað þetta er alvarlegt. Ég var búinn að gera mér grein fyrir því að þetta væri komið út í bein og út fyrir blöðruhálskirtlinn,“ segir Kristján og viðurkennir að hann hafi hugsað um það hversu mörg ár hann ætti

eftir. „Ég var alveg sáttur við það að ég ætti kannski ekkert vöðalega mörg ár eftir ólífuð.“ Óhjákvæmilega fari fólk að velta lífslíkum fyrir sér. „Ekki það, ég er ekkert hræddur við að deyja. Það er það sem biður okkar allra,“ segir Kristján. Greiningin hafi þó verið ákveðið sjökk. „Þú heyrir allt í einu að þú sért kominn með krabbamein í blöðruhálskirtlinn. Mig grunaði að þetta væri komið lengra en það, ég var kominn með sára verki í bein og líkamann. En svo byrjar maður að venjast, úr því maður er kominn með þetta og maður bara lifir með því.“

Bjó í Berlín

Kristján hafði búið í Berlín hátt í sex ár þegar hann fékk greininguna en ákvað í samráði við dætur sínar á Íslandi að flytja aftur heim. „Dætur mínar vildu ekkert hafa mig þarna úti. Þær vildu hafa mig herna heima hjá sér og voru í sambandi við lækna sem þær þekktu persónulega. Það biðu mín lyf og annað þegar ég kom heim. Ég tók nú bara næstu flugvél til Íslands og ég varð svo óheppinn að fá mjög slæma lungnabólgu og sýkingu í lungu. Svo fóru krakkarnir mínir, sonur og tvær dætur, út til Berlínar og pökkudu öllu dótinu mínu og komu því heim,“ segir Kristján.

Skömmu áður en hann greindist var hann farinn að huga að heimkomu. „Þetta var orðið gott. Ég var orðinn slæmur í fótunum og var á fjórðu hæð. Ég var farinn að hugsa nú þarf ég að drífa mig heim.“

Fann Ljósið

Þegar heim var komið fóru dætur Kristjáns með hann í Ljósið sem er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þess. Þar geta einstaklingar fengið sérhæfða endurhæfingu og stuðning undir handleiðslu fagfólks. Kristján ljómar allur þegar hann talar um Ljósið en hann er eitt af andlitum nýrrar Ljósavinaherferðar, Lífið í nýju Ljósi.

„Þetta er stórkostlegt fyrirbæri, Ljósið. Þetta er mjög heimilislegt, mjög lítið stofnanalegt, og þú finnur

þegar þú kemur þarna þá ertu svo velkominn. Þú sest og drekkur kaffi með fólk og spjallar um heima og geima og rifjar upp gamla tíma,“ segir Kristján og bætir við að Ljósið bjóði upp á alls kyns námskeið sem hægt sé að sækja sem hluta af endurhæfingu. Kristján hefur sjálfur prófað ýmis námskeið á vegum Ljóssins en hann sækir einnig líkamsrækt þar tvisvar í viku undir handleiðslu íþróttafræðings.

„Þetta er svo heimilislegt og yndislegt. Að koma þarna er eins og að koma nánast heim til sín,“ segir Kristján gláður í bragði og um leið snarar hann fram símanum með mynd af málverki sem hann gerði. Á myndinni er falleg andlitsmynd af dókkhærðri ungri konu.

Margt í boði

„Ég er búinn að sækja myndlistarnámskeið og ég er búinn að læra að hnýta flugur og svo lærði ég að mála steina. Það er fullt í boði,“ segir Kristján. Námskeiðin séu skemmtileg en það sé þó meiri ávinningur af því að sækja þau, líkt og félagskapurinn, sem sé mikils virði. Aðspurður hvort hann sé búinn að eignast vini segir Kristján svo vera. „Allmargir eru ágætis vinir mínir, ekki síst starfsfólkið – maður er svo innilega velkominn.“

Margir eru stressaðir að fara í svona endurhæfingu. Oft er þetta svolítið stofnanalegt en þarna er þetta mjög heimilislegt,“ segir Kristján. Það sé ýmis þjónusta í boði innan Ljóssins fyrir einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein. Þeir fái umhyggju og viðfangsefni og tillit sé tekið til ástands hvers og eins. Að sögn Kristjáns er ástand fólks mjög misjafnt og þá skipti máli að fá skilning frá öðrum í svipuðum sporum.

Erfið meðferð

Sjálfur fór Kristján í lyfjameðferð og nú tekur hann líftæknilyf vegna krabbameinsins. Hann segir meðferðina hafa verið erfiða, sérstaklega í fyrstu. „Ég gat eiginlega ekki gert neitt. Ég var svo máttlaus og þreyttur.“ Svo hafi lyfin farið að hafa góð áhrif og krafturinn jókst á ný. Krist-

1.705

Íslendingar greinast árlega með krabbamein.

427

útskrifuðust árið 2021.

1.626

einstaklingar fengu þjónustu hjá Ljósinu árið 2021.

584

voru nýir þjónustugefar.

576

einstaklingar heimsóttu Ljósið að meðaltali á mánuði fyrstu fimm mánuði þessa árs.

ján hefur gaman af eldamennsku og gat lítið sinnt á hugamálinu á meðan hann var sem verstur. „Nú get ég alveg staðið í smá eldamennsku. Ég bakaði pönnukökur í gær og bauð dóttur minni í kaffi með pönnukökum,“ segir Kristján og skellir upp úr.

Fagnar verkjaleyssi

Spurður um framhaldið segist Kristján vera að fara í rannsóknir í næsta mánuði. Blóðprufur hafi nú þegar komið vel út og læknirinn sé ægilega ánægður. Kristján fagnar því að vera orðinn verkjalaus og horfir hæfilega bjartsýnn fram á veg. „Það getur vel verið að krabbameinið sé farið – ég er orðinn verkjalaus og hættur að taka öll verkjalyf. Maður lifir ósköp venjulegu lífi og málar kalla á steina.“ Hann vonar að aðrir í sömu sporum og hann leiti til Ljóssins. „Fólk á endilega að fara þarna og finna andrúmsloftið, hvað það er gott. Því líður miklu betur,“ segir Kristján að síðustu. ■



Ég var alveg sáttur við það að ég ætti kannski ekkert vöðalega mörg ár eftir ólífuð.

Frábærar bækur!

Þú finnur nýjar og spennandi bækur í verslunum okkar um land allt.




3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.399 KR.



4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 5.999 KR.




3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.399 KR.



4.199 kr. VERÐ ÁÐUR 4.999 KR.




4.999 kr. VERÐ ÁÐUR 6.199 KR.




4.699 kr. VERÐ ÁÐUR 5.599 KR.



3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.399KR.



4.299 kr. VERÐ ÁÐUR 5.199 KR.



3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.399 KR.

www.penninn.is
s: 540-2000



Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjþjónustu

PENNINN

Eymundsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Páll Þorsteinsson

lést fimmtudaginn 8. september.
Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík föstudaginn 23. september kl. 13.

Pálína Mjöll Pálsdóttir **Skúli Sigurðsson**
Guðrún Hulda Pálsdóttir
Brynhildur Nadía, Harpa Rán, Eyvindur Páll,
Sindri Fannar og Kristófer Þór.



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Magnús Norðdahl

Naustavör 50, Kópavogi,
lést á heimili sínu fimmtudaginn
8. september. Útförin fer fram frá Hjallakirkju þriðjudaginn 27. september kl. 13.00.

Sigurður Norðdahl
Guðrún Norðdahl
Guðmundur Norðdahl
Magnús S. Norðdahl
Jóna María Norðdahl
barnabörn og barnabarnabörn.

Mergættvi, hlýja og virðing Við andlát ástvinar



Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353

Ísleifur Jónsson **Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441

Þjónusta allan sólarhringinn
www.usr.is
isleifur@usr.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og raðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Útfararþjónusta í yfir 70 ár



*Við tökum vel á móti ástvinum
í hlýlegu og fallegu umhverfi*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakkartilkygningar í Fréttablaðinu þarf að
senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055.



Arndís segir að þótt fjölskyldan hafi sloppið með skrekkin þá hafi atvikið óneitanlega haft áhrif á þau.

MYND/HAUKUR ÞORGEIRSSON

Horfst í augu við erfiða reynslu

Fjölskylda rithöfundarins Arn-
dísar Þórarinsdóttur varð fyrir
ögnvænlegri reynslu fyrir tíu
árum síðan þegar sprenging varð
í íbúðarhúsnæði þeirra.

arnartomas@frettabladid.is

Í gær voru liðin tíu ár síðan að sprenging
varð í íbúð við Ofanleiti 17. Maðurinn
sem bjó í íbúðinni slasaðist alvarlega
og lést úr sárum sínum á gjörgæsludeild
Landspítalans degi síðar. Skemmdir í
húsinu voru mismiklar en sprengingin
var rakin til gaskúts sem lekið hafði úr
um nokkurn tíma áður en slysið átti sér
stað.

Arndís Þórarinsdóttir rithöfundur var
búsett í Ofanleiti 17 ásamt fjölskyldu
sinni þegar sprengingin átti sér stað.
Hún var við störf við barnabókahátíð-
ina Mýrina í Norræna húsinu þegar hún
frétti af slysinu.

„Ég var stödd þar á upplestri þegar
síminn hringir og ég sé að það er mað-
urinn minn. Þegar ég svara þá er hann
pollrólegur og segir mér að það hafi
orðið sprenging.“ lýsir Arndís, sem taldi
eiginmann sinn fyrst um sinn vera að
færa í stílinn. „Hann var það rólegur að
ég hélt að hann hefði misst sultukrúkku
sem hefði sprungið út um allt gólf eða
eitthvað þviumlíkt.“

Rof á tilverunni

Maður Arndísar var staddur einn heima
með sjö mánaða gamlan son þeirra
þegar sprengingin varð.

„Hann greip barnið úr vöggunni, sem



**Þetta var svo mikið rof á
sáttmálanum sem maður
býr við um hvernig hlut-
irnir eiga að vera.**

var sjö mánaða kríli á samfellunni, og
hljóp sjálfur berfættur í baðslopp út
úr húsinu þar sem logarnir teygðu sig
upp eftir veggjunum,” segir hún. „Þeir
föru yfir götuna í nálæga blokk þar sem
amma hans átti heima. Þá var enn mjög
óljóst hvað hafði gerst.“

Á leiðinni heim lýsir Arndís því
hvernig hún sá reykinn sem steig upp
frá heimili þeirra þegar hún keyrði upp
Öskjuhlíðina. Þótt atvikið hafi óneitan-
lega haft áhrif þá segir hún fjölskylduna
hafa að vissu leyti sloppið með skrekki-
nn.

„Þá fannst manni að einhverju
leiti eins og ekkert hefði komið fyrir.
Nágranni okkar dó og sú íbúð var gjör-
ónýt,” segir hún. „Maður varð mjög með-
vitaður um hvað þetta var í rauninni
stórkostlegt lán að feðgarnir hefðu báðir
sloppið. En auðvitað situr þetta í manni.
Þetta var svo mikið rof á sáttmálanum
sem maður býr við um hvernig hlutirnir
eiga að vera. Það á ekki að verða spreng-
ing í íbúðarhúsnæðinu þínu.“

Óörygginu mætt

Á tímanum þegar sprengingin átti sér
stað var Arndís að vinna að uppkasti að
nýrri bók sem átti eftir að verða önnur
skáldsaga hennar.

„Ég var komin á fyrsta uppkast þegar
þetta átti sér stað. Ég hélt áfram að vinna
hana en auðvitað leitaði þetta á mann
– þessi óöryggstilfinning sem leggst í
mann þegar fótunum er kippt undan
manni,” segir hún. „Þetta fór að blandast
inn í þessa sögu – ákveðin vangavelta um
það hvernig lífið getur spílast hjá fólki.“

Síðan þá gerði Arndís ótal áhlaup á
handritið áður en hún varð ánægð með
niðurstöðuna. Nú er bókin, sem ber
titilinn Kollhnís, væntanleg í október.

„Þetta er saga um stálpaðan strák sem
æfir fimleika og býr í Kópavoginum.
Hann er að fullorðnast og átta sig á því
hvað það er flókið að vera manneskja,”
útskýrir Arndís. „Hann áttar sig á því
hvað er flókið í samskiptum við annað
fólk og í fjölskyldumálum og honum
finnst það ansi erfitt.“

Reynslan af sprengingunni og eftir-
köst hennar ummyndast í eldsvoða í
sögunni. Arndís segir mikinn létti að
hafa komið bókinni frá sér.

„Sérstaklega eftir að hafa glimt við
þessa sögu svona lengi. Það eru upplif-
anir og tilfinningar sem komu upp eftir
sprenginguna sem ég hef reynt að færa
í texta í allan þennan tíma,” segir hún.
„Ég hef oft reynt að horfast í augu við
að mér myndi ekki takast þetta sem var
mjög ófullnægjandi tilfinning svo það
er mikill léttir að hafa gert þetta upp og
klárað það, vonandi.“ ■



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Gróa Sigfúsdóttir
hjúkrunarfræðingur,
Núpalind 8, Kópavogi,

andaðist fimmtudaginn 15. september.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju,
fimmtudaginn 22. september kl. 11.

Brynhildur Sigmarsdóttir **Bragi Sveinsson**
Halla Sigmarsdóttir
barnabörn, tengdabörn og barnabarnabörn.



Við þökkum innilega þá hluttekningu
sem fjölskyldunni var sýnd við fráfall
móður okkar og tengdamóður,

Þuríðar Pálsdóttir
söngkonu.

Sérstökum þökkum beinum við til
starfsfólks Sóltúns, sem annaðist hana af
natni og kærleika í veikindum hennar.

Kristín Arnardóttir **Hermann Tönsberg**
Guðmundur Páll Arnarson **Guðrún Guðlaugsdóttir**
Laufey Arnardóttir **Björn Kristinsson**



31. OKTÓBER Í 8 NÆTUR

Golfferð til

Morokkó

Beint flug til Agadir

Stórkostleg 8 náttu golfferð til Taghazout í Morokkó. Bærinn Taghazout er staðsettur u.þ.b. 16 km norður af Agadir en þetta svæði er í mikilli uppbyggingu.

Mikið innifalið!

Flug & hótél frá
299.900

á mann



Hyatt Place Taghazout



31. október í 8 nætur

Frá kr. 299.900 á mann

verð m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

Innifalið:

Flug, gisting í 8 nætur í herbergi með sjávarútsýni
Morgunverður og 4 kvöldverðir á hótelinu.
Ótakmarkað golf á Taghazout í 5 daga
Golfhringur á Golf de Soleil
Golfhringur á Golf l' Ocean
Ferð í Targant safnið
Ferð á markaðinn í Agadir
Ferðir til og frá flugvelli
Allur akstur milli golfvalla
Traust íslensk fararstjórn.

Hyatt Regency Taghazout



31. október í 8 nætur

Frá kr. 349.900 á mann

verð m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

Innifalið:

Flug, gisting í 8 nætur í herbergi með hliðarsjávarútsýn
Morgunverður og 4 kvöldverðir á hótelinu.
Ótakmarkað golf á Taghazout í 5 daga
Golfhringur á Golf de Soleil
Golfhringur á Golf l' Ocean
Ferð í Targant safnið
Ferð á markaðinn í Agadir
Ferðir til og frá flugvelli
Allur akstur milli golfvalla
Traust íslensk fararstjórn..

BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN

Íslensk fararstjórn,
taska og handfarangur
innifalið.

 **Heimsferðir**



595 1000

www.heimsferdir.is

Fáðu meira út úr frúinu



Elsku hjartans eiginkona mín,
móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Ásdís Valdímarsdóttir
Næfurholti 1, Hafnarfirði,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í
Fossvogi sunnudaginn 11. september.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn
19. september kl. 15.

Pórr Gunnarsson

Anna Margrét Þórsdóttir Ólafur Gauti Hilmarsson
Þórdís Þórsdóttir Jóhann G. Jóhannsson
Davíð Arnar Þórssón Ingibjörg Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Kæri og elskulegi pabbi okkar,
sonur, bróðir, mágur og frændi,

Hálfán Daðason

lést sunnudaginn 4. september.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju
miðvikudaginn 21. september kl. 13.
Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim
sem vilja minnst hans er bent á minningarsjóð Björns
Rúnarssonar (reikningsnr. 0354-13-200686,
kt. 1412513259) eða Pieta samtökin.

Daði Snær og Eiður Sólvi Hálfánssynir
Ráðhildur Stefánsdóttir og Daði Hálfánsson
Klara Eiríka, Stefán, Vilborg, Guðmundur Magnús,
Ólóf Kristjana, Jóna Rún og fjölskyldur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, stjúppamma og langamma,

Gíslína Gunnarsdóttir
(Ína)

Háteigsvegi 23,

lést að hjúkrunarheimilinu Skjólí í
Reykjavík, miðvikudaginn 24. ágúst sl.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Innilegar þakkar til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Skjólís
fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Örn Sólberg Haraldsson
Steinunn I. Másdóttir Bergur Þ. Steingrímsson
Gunnar Már Másson
Haraldur, Ellen Elisabet, Bjarki Már,
Jóhanna Þórný, Brynjar Þór, makar og börn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

Björn Sigurbjörnsson

Hjúkrunar- og dvalarheimilinu
Höfða, Akranesi,

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu
Höfða, laugardaginn 10. september.
Útför hans fer fram frá Akranesarkirkju, þriðjudaginn
20. september kl. 13. Sérstakar þakkar til starfsfólks
Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða fyrir hlýja og
góða umönnun. Streymt verður frá athöfninni á vef
Akranesarkirkju, www.akranesarkirkja.is

Sigurbjörn Björnsson
Sigríður Björnsdóttir
Guðríður Björnsdóttir
afabörnin og langafabörnin.



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, fósturfaðir,
tengdafaðir og afi,

Kr. Ómar Herbertsson

Krossmóa 5, Reykjanesbæ,

lést á Landspítalanum við Fossvog,
föstudaginn 9. september.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn
22. september klukkan 13.

Margrét Hermannsdóttir
Þorbjörn Gísli Ómarsson Sanja Bek
Björn Jónatan Ómarsson Erla Maren Gísladóttir
Birkir Steinn Ómarsson
Margrét Björg Ómarsdóttir Bjarki Ólafsson
Friðbjörn Rósinkar Anja Kokoschka
Inga Hulda
Bragi Freyr
Aron Gíslí
Helena Tómasdóttir
og barnabörn.

Þetta gerðist: 19. september 1968

Frægasti fótboldaleikur Íslandssögunnar

Valur gerði 0-0 jafntefli við portúgalska knattspyrnuliðið Benfica þennan dag árið 1968. Lið Benfica hafði einn besta knattspyrnumann Evrópu innan síns liðs, Eusebio, sem var nýbúinn að fá gullskóinn afhentan í Frakklandi fyrir að vera markahæstur.

Mikið Benfica-æði greip íslensku þjóðina fyrir leikinn, enda var Benfica hátt metið lið og hafði keppt á móti Manchester United ekki löngu áður. Miðaverð var 150 krónur fyrir full-orðna í stúku og 100 krónur í stæði. Fyrir börn kostaði 50 krónur að leikinn.

Valsarar æfðu stift fyrir leikinn auk þess að setja upp auglýsinga-spjöld úti um allt, meðal annars á ljósastaura milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Í viðtali við Magnús Má Einarsson, núverandi þjálfara Aftureldingar og fyrrverandi ritstjóra fótbolta.net, sagði Hemmi Gunn að leikmenn hefðu gert það sjálfir. Og ef einhver fór í bíó var billinn þakinn spjöldum um leikinn. „Það losnaði enginn undan því að fá bara einhverja bakteríu, Benfica-bakteríuna miklu,“ sagði Hemmi. Hann benti á að þegar leikdagur rann upp var veðrið með besta móti, logn og sólin skein.

Fólk flyktist á leikinn víðs vegar að af landinu og urðu áhorfendur 18.243 talsins, sem var vallarmet og stóð allt til ársins 2004 þegar Ítalir mættu í heimsókn.

Ótrúlegt en satt þá náðu leikmenn Vals að halda hreinu, því þegar tölfræðin er skoðuð kemur í ljós að Benfica átti 47 skot, þar af 24 á rammann. Eusebio þótti koma þrúðmann-



Hermann Gunnarsson aðstoðar félagá sinn við magaæfingar í aðdraganda leiksins.

lega fram alveg frá því hann kom til landsins. Eftir æfingu Benfica, daginn fyrir leik, bauð hann blaðamönnum upp á hótél þar sem liðið dvaldi og spjallaði við þá í mestu makindum. Sat fyrir á myndum og var allur hinn almennilegasti og sýndi meðal annars

gullskóinn sem hann hafði fengið fyrstur manna fyrir að vera markahæstur í Evrópu.

Páll Ragnarsson, tannlæknir frá Sauðárkróki, var settur til höfuðs honum og fékk nafnbótina Eusebio-baninn. ■



Innilegar þakkar fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Önnu Kristjánsdóttir

Katla Steinsson Ársæll Þorsteinsson
Hanna Lára Steinsson
Kristján Jóhann Steinsson
Andri Snær Ársælsson
Anna Sjöfn Ársælsdóttir
Haukur Þorsteinsson
Kristmann Þorsteinsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og vinur okkar allra,

Baldvin Kristinnsson

bifvélavirki,
Urðarhæð 8, Garðabæ,

lést þann 10. september sl.
Útför hans fer fram fimmtudaginn
22. september kl. 13.00 frá Frikirkjunni í Hafnarfirði.
Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnst
hans er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Elin Ólafsdóttir
Bjarni Baldvinsson
Elisa Sól Bjarnadóttir
Katrín Embla Bjarnadóttir
Vilborg Friðriksdóttir
Lilja Björg Bjarnadóttir
María Kristjánsdóttir



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

Arnar Ívar Sigurbjörnsson

húsasmíðameistari og matsmaður,
Fjallalind 100, Kópavogi,

lést á líknardeildinni í Kópavogi
miðvikudaginn 7. september. Útförin fer fram
frá Lindakirkju mánudaginn 19. september klukkan 13.

Agnes Björnsdóttir
Anna I. Arnarsdóttir
Sigurbjörg Inga Arnarsdóttir
Björn Arnarsson
Garðar K. Halldórsson
Puríður M. Björnsdóttir
barnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Margrét Halldórsdóttir

Barónsstíg 78,

lést á Droplaugarstöðum
11. september.

Útförin fer fram í Frikirkjunni í Reykjavík
miðvikudaginn 21. september klukkan 13.

Þór Axelsson
Ásdís Axelsdóttir
Ingunn Pettersen
Bjarni Bjarnason
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Steingrímur Matthíasson

Flúðaseli 38,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir
fimmtudaginn 11. ágúst. Útförin hefur
farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Svanhildur Steingrímisdóttir
Jenný Steingrímisdóttir
Hrönn Steingrímisdóttir
Birgir Steingrímsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir, tengdafaðir,
fyrirum eiginmaður, sonur, bróðir,
mágur og frændi okkar,

Sigurður Árni Arnason

Torrevejía, Spáni,

varð bráðkvaddur þann 10. september
síðastliðinn. Útför verður auglýst síðar.

Árni Páll Sigurðsson,
Alexander Irving Jr. Thelma Rut Jónsdóttir
Irving Alexander GP Máney Birta Albertsdóttir
Evelin Peralta
Sæbjörg Eiríksdóttir
Guðrún Árnadóttir
Aldís Árnadóttir
Íðunn Árnadóttir
Gunnar Gunnarsson
Eiríkur Auðunn Auðunsson
Órlygur Auðunsson
Jón B. Aðalbjörnsson
Páll Guðafsson
Margrét Karlsdóttir
Dóra Kristín Þórisdóttir
Brynhildur Guðmundsdóttir
frændsystkini.

RÉTTABALL Á MÖLINNI



STÆRSTI BJÖRGÁMUR Í
EVROPU Á STRÖNUM



Á MÓTI SÓL & PAPARNIR

24. SEPTEMBER

REIÐHÖLLIN Í VÍÐIDAL

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á ALVÖRU SVEITARBALL NÆSTA LAUGARDAG!

MIÐASALA Á TIX.IS

tix.is

prime





Potta-plöntu-útsala

Allar pottaplöntur

30-50% afsláttur



Haustlaukar

Ný sending

1.990 kr/pk



Erikur/Calluna

3 stk. að eigin vali

1.299 kr

1 stk. 599 kr



HUE Start Kit

Dimmanlegt hvítt ljós, sett með brú og tvær perur. 6167018

13.990 kr



Pvottavél, 1400 sn.

Kolalaus mótur, 7 kg, gufukerfi og ullapvotta-kerfi. Stærð: 60x56,5x85 cm. 1860474

69.990 kr

29%



Purrkari

Barkalaus, orkuflokkur B, 7 kg, stærð: 85x59,6x57 cm, 67dB, tromla 104 ltr. 1835643

66.990 kr

24%



Pvottavél, 1400 sn.

Með kolalausum mótur, tekur 8 kg af pvotti, 15 pvottakerfi. 1853100

59.490 kr

30%



20%

Borðsög

1800W, 220-240V, 254x30 mm blað 60T fylgir, sn./mín., 4800, sögun 90° þykkt 80 mm-45°50 mm, borð 560x680 mm. Með stækkun 560x1040 mm, ristun breidd 660 mm, fætur fellanlegir, 2 m kapall, tengi fyrir ryksugu, þyngd 28,8 kg. 5246082

58.392 kr

72.890 kr

25%

Handlaugar-tæki

Silhouet, brass. 8000072

32.690 kr

49.590 kr



25%

Eldhús-blöndunar-tæki

Silhouet, svart. 8000048

33.890 kr

45.190 kr



30%



Pottjárnspottur Nori

5 lítra, lengd: 36,7 cm, breidd: 28,5 cm, þvermál 26 cm, þyngd: 6,6 kg. 2008077

16.723 kr

23.890 kr



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíki. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

25%

Borvél 18V + 100 fylgihlutir

2 stk, 2,5Ah Li-ion rafhlöður, 13 mm patróna, Led ljós, snúningur 0-450/0-1250 mín., 2ja gíra, taska HSC. 5247085

37.480 kr

49.978 kr



Maja Ben verður með litaráðgjöf í Skútuvoði

laugardag kl.12-15

25% afsláttur

LADY innimálning



WORX verkfæri

20% afsláttur



Reiðhjól

30% afsláttur



Háprýstidælur

20% afsláttur



Geymslubox

25% afsláttur



Loftpressur

20% afsláttur

LADY málning

25%
afsláttur



Skoðaðu
Húsasmiðjublaðið
husa.is




HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

Heimilið fínt

Frábær tilboð í september



Parket útsala

30-50%
afsláttur



Hillurekkar

20%
afsláttur



Flísar útsala


35-45%
afsláttur



Blöndunartæki

25%
afsláttur

Krossgáta



LAUSNARORD Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist náttúrufyribæri (12)
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 22. september næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „17. september“.

Sudoku

8		3	1	9		2	4	
		7	2					9
		4	5				1	
				1				4
	6						9	
7	9	2		3			6	
1		6		5				8
2	4			8	7	6		
	8					9		

							1	3
		3	5	9				
		4		6				
7								5
			6	5		7	9	
	5		3			1	2	
6	1					2	4	
3				4		9		
			9	8				6


Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Lausnarorð síðustu viku var

BREKKUSNIGILL



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

5 Okkur tókst að lauma heyskap inn í fund með útlendingum (12)
11 Skán af skalla um Reykjavík alla? (9)
12 Þetta er vinnusamur ormur eins og vinna hans sýnir (9)
13 Draga dapra út á gang að búa til gleði (9)
14 Er pila þá fleirtala af rykkorni spyrja hvatar konur (4)
15 Færi tröllur þrótt og stærsta bílinn hjá Þrótti? (9)
16 Bráðræði jöklasóleyja meðal kryddplantna (9)
17 Hvar er nú hin klóka skel? (4)
18 Alls ekki hef ég skotið gneistum í þessu plássi (7)
19 Þessi fiskimið eru á pari við það sem Leikflokkurinn sýndi (9)
22 Snýr og snarar öllu sem Adda er (6)
23 Gargöndin birtist þegar rostinn er svalur (10)
27 Grimmdarleg morð guðs og harðra fjenda hans (8)
29 Lærði að svið væru betri en hitt gúmmel-aðið (6)
32 Hátt um vinnu söng ég víst (7)
34 Þetta þræða klæði er úr bómull (10)
35 Fæ mér bita milli tarna (5)
36 Það er ljótt að klípa segir krangi (7)
37 Svikjum Adam hvorki um skynsemina né duginn (10)
39 Biksvört bráð er bara bull og vitleysa (5)
40 Það er vika í svar þess sem trausti brást og tætti (7)
42 Held ég varpi viprum jafnt og járnum í þessum leik (11)
47 Spyr Karl og Harald um tignarlega trjónuna (10)
48 Hverjir heila særið heilaranna? (11)
49 Leita stuttrar lausnar á vanda einnar sem andar hægt (10)
50 Þótt efnið sé mjúkt

eru höfuðfötin hörð og þetta því engir óparfir yfirmenn (11)

LÓÐRÉTT

1 Hvíla neitar byttum á mannskap (14)
2 Hver er þessi ofstoppullu auðkýfingur? (8)
3 Kóngafólk spreðaði fúlgum í helstu lýsingar (8)
4 Sé Hall þar sem hann kýlir Mola út úr heiminum (10)
5 Vanir raða rugli rétt eftir fyrirboða um hættu (9)
6 Hinn heittelskaði vill fara í mál við ósveigjanleg yfirvöld (9)
7 Hér hittum við grepp í garmi af garmi (9)
8 Hver eru helstu kennileiti hleranna á skápunum miðjum? (11)
9 Skyldum við klófesta dauðana sem hlaupa um sem hundar væru? (11)
10 Les komment um ævintýri og dóma (8)
20 Svo má hvetja kvenfugl að hann verpi (9)
21 Kögursella er vist vefjakorn (9)
23 Seint mun toga trollið belja (7)
25 Nú gerist það að Kata fer í vist og allt fer í uppnám (8)
26 Um leið og þessar skepnur komast í safa hefst hinn ágæti söngur (7)
28 Efa að nokkuð breytist þótt ég hlyti hof að launum (7)
30 Könnun á eindarfjöldu ku nýtast við mælingu á frumþéttleika (11)
31 Nær allar voru jafn gramar og þær voru ringl-aðar (6)
33 Hleður dekkjum á hlaðrúmsdekk (10)
38 Saga um dúk og bók sem ég bera (7)
41 Hún gefur eftir um leið og hann bugast (6)
43 Hvern ætli ég svosem gabbi með þessari örækt? (5)
44 Eins og fiskur í vatni þegar þessi íþrótt er leikin (5)
45 Sumt fólk er duglegt að rugla gesti í ríminu (5)
46 Hún deyfir slakar (5)



VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Fávítinn, eftir Fjodor Dostojevski** frá Forlaginu. Vinningshafi í síðustu viku var **Hallfríður Frimannsdóttir, Reykjavík.**



Ennþá meira úrval af listavörum



dream + create



van Gogh



The Professional Choice



Listverslun.is



Trönur í miklu úrvali, íblöndunarefni, teiknivörur



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16



Laugardagur

Hringbraut

- 18.30 Verkalýðsbaráttan á Íslandi, sagan og lærdómurinn - þáttur 4 (e)** Fjórði þátturinn í heimildarseríu um sögu verkalýðsbaráttunnar á Íslandi í umsjá Sigmundar Ernís Rúnarssonar.
- 19.00 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni.
- 19.30 Heima er bezt (e)** Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
- 20.00 Þjóðleikhúsið í 70 ár - þáttur 1 af 3 (e)** Stórafmælis þjóðleikhússins minnst í máli, myndum og upprifjun leikhússfólksins.
- 20.30 Verkalýðsbaráttan á Íslandi, sagan og lærdómurinn - þáttur 4 (e)**
- 21.00 Undir yfirborðið (e)**

RÚV Sjónvarp

- 07.05 Smástund**
- 07.15 KrakkaRÚV**
- 09.23 Stundin okkar**
- 10.00 EM í hópfimleikum** Bein útsending frá keppni í Lúxemborg.
- 11.40 Íþróttafrek** Hópfimleikalandslíðið 2012.
- 11.55 EM í hópfimleikum** Bein útsending frá keppni í Lúxemborg.
- 13.55 EM í hópfimleikum** Bein útsending frá keppni í Lúxemborg.
- 16.00 Út úr myrkrinu**
- 17.10 Tímaflakk**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Lesið í líkamann**
- 18.29 Hönnunarstirnir**
- 18.44 KrakkaRÚV - Tónlist**
- 18.45 Landakort**
- 18.52 Lottó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.35 Veður**
- 19.45 Hetty Feather Hetty Feather**
- 20.15 Hjalmar Skýjaborgin** 10 ára afmælistónleikar í Eldborg frá 2014.
- 22.25 3 Days to Kill Síðasta verkefnið** Spennumynd frá 2014 með Kevin Costner og Amber Heard í aðalhlutverki. Myndin er ekki við hæfi barna yngri en 16 ára.
- 00.15 Vera Vera**
- 01.45 Dagskrárlok**

Sjónvarp Símans

- 09.45 Dr. Phil (112.170)**
- 10.30 Dr. Phil (113.170)**
- 11.15 Love Island (US)**
- 12.15 The Block**
- 13.30 Newcastle - Bournemouth** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 16.55 90210**
- 17.40 Top Chef**
- 18.30 mixed-ish**
- 18.50 American Housewife**
- 19.10 Love Island**
- 20.00 The Children Act**
- 21.45 Empire State**
- 23.30 Enemy at the Gates**
- 00.25 Love Island (US)**
- 01.40 Fracture**

Stöð 2

NÁNAR

- 08.00**
- 11.30 Það er leikur að elda**
- 12.00 Simpson-fjölskyldan**
- 12.20 Bold and the Beautiful**
- 13.45 Bold and the Beautiful**
- 14.05 Blindur bakstur**
- 14.40 Dramaheimilið**
- 15.15 American Dad**
- 15.35 Gulli byggir**
- 16.15 Miðjan**
- 16.30 GYM**
- 17.00 10 Years Younger in 10 Days**
- 17.40 Franklin & Bash**
- 18.27 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakkinn**
- 19.00 Kviss**
- 19.45 Villti folinn. Andi ótaminn** Talsett teiknimynd frá 2021 um epískt ævintýri snarráðar stúlku sem er að reyna að finna sinn stað í lífinu þegar hún kynnist villihestinum Anda (Spirit).
- 21.10 F9. The Fast Saga** Hættuleg og hröð hasarmynd frá 2021 og sú níunda í þessum vinsæla myndaflokk. Dom hefur haldið sig til hlés ásamt Letty og syni þeirra en þau gera sér grein fyrir að hættan er alltaf yfirvofandi og að þessu sinni þarf Dom að horfast í augu við fortíðina til að bjarga sínum nánustu. Dom og félagar þurfa nú að taka höndum saman gegn hættulegasta tilræðsmanni og ökuþór sem þeir hafa áður komist í kynni við... Bróður Doms.
- 23.30 Hitman's Wife's Bodyguard**
- 01.25 Never Grow Old**
- 03.00 Simpson-fjölskyldan**
- 03.20 American Dad**
- 03.45 Franklin & Bash**

Sunnudagur

Hringbraut

- 18.30 Mannamál (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkt einstaklinga.
- 19.00 Suðurnesja-magasin Víkurfréttu (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 19.30 Útkall (e)** Útkall er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bóka-flokki Óttars Sveinssonar.
- 20.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 20.30 Mannamál (e)**
- 21.00 Suðurnesja-magasin Víkurfréttu (e)**

RÚV Sjónvarp

- 07.15 KrakkaRÚV**
- 10.00 Innlit til arkitekta - Thomas Sandell**
- 10.30 Skógarnir okkar** Hallormsstaður.
- 10.55 Fólk og firnindi** Ó, þú yndislega land.
- 11.55 Ísland í öðru ljósi**
- 12.45 Garn**
- 14.05 Tónatal** Guðrún Ýr Eyfjörð Jóhannesdóttir.
- 15.05 Bronsleikur EM í körfubolta** Bein útsending frá bronssleik í körfubolta.
- 17.10 Útdúrdur** Tími til að bregða sér út úr dúrl!
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Holly Hobbie**
- 18.25 Menningarvikan**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.35 Veður**
- 19.45 Eddan 2022** Bein útsending frá afhendingu Edduverðlaunanna sem fram fer í Háskólabíói. Kynnir kvöldsins eru Snjólaug Lüðvíksdóttir og Bergur Ebbi Benediktsson.
- 21.55 Þetta verður vont This Is Going to Hurt**
- 22.45 Myndleif Powidoki** Pólsk kvikmynd frá 2016 um listmálarann Wladyslaw Strzeminski. Hann barðist alla tíð gegn ofurefili yfirvalda fyrir listrænu frelsi sínu, andspænis pólska kommúnistaflokknum sem sagði félagslegt raunsæi hina einu réttu nálgun í myndlist. Myndin er ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.
- 00.20 Dagskrárlok**

Sjónvarp Símans

- 10.30 Dr. Phil (114.170)**
- 11.15 Dr. Phil (115.170)**
- 12.00 Dr. Phil (116.170)**
- 12.45 The Bachelorette**
- 14.15 Love Island (US)**
- 15.15 Gordon Ramsay's Future Food Stars**
- 16.20 The Block**
- 16.55 90210**
- 17.55 Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby**
- 18.30 Man with a Plan**
- 19.00 Young Rock**
- 19.10 Love Island (US)**
- 20.10 Brúðkaupið mitt**
- 20.45 Law and Order. Organized Crime**
- 21.35 Halo** Stórbróttinn þáttaröð sem byggð er á frægum tölvuleik. Framtíð mannkynsins er í hættu og framundan er baráttu upp á líf og dauða.
- 22.35 American Rust**
- 23.35 The Stand (2020)**
- 00.20 Love Island (US)**
- 01.15 FBI. Most Wanted**
- 02.45 The Rookie**
- 03.30 Seal Team** Sérfræðihópur bandaríska sjóhersins gengur undir nafninu Selir. Fylgst er með þeim æfa og skipuleggja hættulegustu aðgerðir sem fyrirfinnast þar sem allt er undir og öryggi Bandaríkjanna er að veði.
- 04.15 Resident Alien**
- Stöð 2**
- 08.00 Barnaefni**
- 11.10 Náttúruöfl**
- 11.15 Hunter Street**
- 11.35 Nágrannar**
- 13.05 Nágrannar**
- 13.25 B Positive**
- 13.45 City Life to Country Life**
- 14.35 Mr. Mayor**
- 14.55 Kviss**
- 15.45 60 Minutes**
- 16.30 Home Economics**
- 16.50 America's Got Talent. Ext-reme**
- 18.27 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakkinn**
- 19.00 Gulli byggir**
- 19.40 Grand Designs. Australia**
- 20.30 The Heart Guy**
- 21.15 Agent Hamilton**
- 22.05 Lie With Me**
- 22.50 Grace**
- 00.20 Queen Sugar**
- 01.00 Warrior**
- 01.40 Shameless**
- 02.40 The Unusual Suspects**
- 03.30 B Positive**
- 03.50 Mr. Mayor**

Mánudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Heima er bezt** Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
- 19.30 Verkalýðsbaráttan á Íslandi, sagan og lærdómurinn** Fimmti þátturinn í heimildarseríu um sögu verkalýðsbaráttunnar á Íslandi í umsjá Sigmundar Ernís Rúnarssonar.
- 20.00 Lengjudeildarmörkin** Markaðsþáttur Lengjudeildarinnar.
- 20.30 Fréttavaktin (e)** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Heima er bezt (e)** Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.



Dom og félagar eru fljótir að flauta.

Snarir og snöggir

Á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld verður boðið uppá níunda bindið í ofsahröðu lífshlaupi ökuþórisins Dom Toretto (Vin Diesel) og vina hans, F9. The Fast Saga.

Í þetta skiptið, sem og oft áður, eru Dom Toretto og félagar hans í komni í krappan dans á malbikinu. Öllum áformum um snemmbær starfslok er sturtað í vaskinn þegar bróðir Dom, leikinn af fjölbragðaglimukappanum John Cena, dúkkar upp með ófyrirséðum afleiðingum. Háspennumyndaflokkurinn er einn sá vinsælasti á heimsvísu þar sem tvinnast saman glæfralegur akstur, stæltir vöðvar og geigvænlegur hasar. Þrátt fyrir að fráhrarfrá sköllóttu stórstirnanna Dwayne „The Rock“ Johnson og Jason Statham úr seríunni skilji eftir sig æpandi gap þá gera Diesel og félagar sitt besta til að svara spennufíkn poppkornsbrýðjandi sófakartafna um heim allan. ■

■ Við tækið

Ömurlegasta stríðið



Arnar Tómas Valgeirsson
arnartomas@frettabladid.is

Heimildarmyndin They Shall Not Grow Old í leikstjórn Peter Jackson fór fram hjá undirrituðum eins og mörgum öðrum þegar hún kom út árið 2018. Þar vann teymi Jackson í samvinnu við bresk stríðsminjasöfn við að taka saman og endurbæta myndefni frá fyrri heimsstyrjöldinni. Teymi Jackson fór yfir 600 klukkustundir af viðtölum við yfir tvö hundruð hermenn og hundrað klukkustundir af myndefni. Undirbúningsvinnan ein og sér tók heilt ár.

Það er ótrúlegt að horfa á endurbætt myndefnið undir upplæsum sögum frá mönnum sem tóku þátt í þessu ömurlegasta stríði mannkynssögunnar. Að sjá myndefnið lagfært og í lit gefur hörmungunum mannléga blæ og vel tekst til



Endurbætur teymisins á myndefninu eru hreint út sagt ótrúlegar.

við að tvinna sögurnar saman til að gefa einhvers konar heildarmynd af stríðinu. Ef það er eitthvað sem situr í manni að áhorfi loknu er það þakklæti yfir að hafa aldrei þurft að hafa áhyggjur af sinnepsyasi. ■

Undirbúningsvinnan ein og sér tók heilt ár.

LENGJUMÖRKIN
MÁNUDAG KL. 20.00 OG 22.00

Hörður og Hrafkell fara yfir úrslit og mörk í leikjum Lengjudeildar Karla í knattspyrnu.

ÍSLENSKUR TOPPFOÐBOLT HRINGBRAUT

LAEGSTA

VERÐIÐ

Í HAFNARFIRÐI

ER Á REYKJAVÍKURVEGI





KOKTEILAR & KAMPAVÍN

APOTEK
BRUNCH



LJÚFFENGIR
BRUNCH RÉTTIR

LAUGARDAGA & SUNNUDAGA 11:30-14:30

Seðill og borðapantanir á apotek.is

Arftaki Audi R8 verður rafdrifinn

njall@frettabladid.is

Að sögn heimildarmanna innan Audi verður arftaki Audi R8 frumsýndur um miðjan áratuginn sem rafbíll, samkvæmt tímaritinu Autocar. Hann mun ekki halda R8-nafninu og fær alveg nýtt útlit sem verður einkennandi fyrir nýja bílinn. Hann verður þó áfram tveggja dyra ofursportbíll og sá öflugasti sem merkið mun bjóða upp á. Þótt ekki hafi verið ákveðið hvaða undirvagn verði undir bílnum er talið líklegt að það verði SSP-undirvagninn frá Porsche, en hann mun leysa af J1-undirvagninn sem nú er undir Porsche Taycan.

Síðasta útgáfa R8-bílsins verður frumsýnd seinna á árinu en það



Sá bíll sem gæti haft áhrif á útlit nýs ofursportbíls Audi er PB18 E-tron tilraunabíllinn sem frumsýndur var árið 2018.

verður afturhjóladrifinn GT en framleiðsla R8 mun stöðvast undir lok árs 2023. Audi R8 er smíðaður í Böllinger Höfe í Þýskalandi í sömu verksmíðju og Audi E-tron GT sem

kynntur var á Íslandi á fimmtudaginn var. Þegar framleiðsla R8 hættir mun áherslan verða lögð á framleiðslu E-tron GT þar til að nýi bíllinn kemur fram í dagsljósið. ■



Nýr Ford Mustang er með skarpari línum en áður og fær 19 tommu álfelgur ásamt Brembo-bremsukerfi.

Mustang áfram með V8-vél

Ford frumsýndi nýja kynslóð Mustang-sportbílsins á Bílasýningunni í Detroit í vikunni. Það sem vekur athygli er að bíllinn heldur í V8-vélina sem er nú ný af nálinni og fær mun meiri tæknibúnað en áður.

njall@frettabladid.is

Ford Mustang verður strax fáanlegur sem bæði Coupe og blæjubíll. Hönnunin er skarpari en áður þó að helstu hlutföll haldi sér og eru ljósin til dæmis þynnri en áður. Eins er vélarhlífir með útliti sem minnir meira á kraftabíla síðustu aldar. Tvö stór loftinntök eru að framan og komnar eru 19 tommu felgur undir hann. Brembo-bremsur verða svo staðalbúnaður. Að aftan fá þrískipt ljósin að halda sér en línurnar eru hvassari en áður. V8 vélin verður af nýrri gerð og mun skila 500 hestöflum. Eins hefur komið fram að meðal búnaðar í bílnum verður sérstök handbremsa sem auðveldar skrik í beygjum.

Að innan er komið nýtt útlit með meiri búnaði en áður. Kominn er 12,4 tommu mælaborðsskjár



Innréttingin er sú tæknivæddasta en um leið án takka fyrir útvarp og miðstöð svo að útlitið verður hreinlegra.



Blæjubíllinn verður einnig fáanlegur um leið og hann kemur í sölu.

ásamt 13,2 tommu upplýsingaskjá í miðjustokki sem búinn er nýjasta SYNC4-upplýsingakerfi Ford. Engir takkar eru fyrir útvarp eða miðstöð sem er stjórnað frá miðjustokkjánum. Hægt verður að uppfæra búnaðinn gegnum netið og Apple CarPlay og Android Auto er staðalbúnaður. Ekki er búð að gefa upp hvenær bíllinn kemur í sölu þótt gera megi ráð fyrir að það verði í lok þessa árs. ■

Volvo EXC90 á einkaleyfismyndum

njall@frettabladid.is

Volvo mun bráðum frumsýna næstu kynslóð Volvo XC90 en á dögum sótti framleiðandinn um leyfi hjá Einkaleyfastofnun Evrópu fyrir nafninu EXC90. Með umsókninni fylgdu myndir af bílnum sem fylgja fréttinni en hvergi var að sjá nafnið Embla sem áður var uppi orðrómur um að bíllinn yrði kallaður.

Það getur eitthvað haft með þá staðreynd að gera að skipt var um stjórann í brúnni í millitíðinni, en



Þórshamars-framljósin verða áfram einkennandi fyrir Volvo-flaggskipið.

Jim Rowan tók við í mars síðastliðnum. Af myndunum að dæma ætlar Volvo ekki að gera miklar breytingar á bílnum útlitslega þó að hann verði nú fáanlegur sem 100% rafbíll þegar fram í sækir. Myndin sýnir meðal annars lokað grill sem er dæmigert fyrir rafbíla. Bíllinn mun koma á nýja SPA2-undirvagninum sem er skalanlegur en Recharge-tilraunabíllinn er til dæmis á þeim undirvagni. Búast má við tengiltvinnútgáfu af bílnum en engum mildari tvinnútgáfum. ■

ULLARÚLPUR



Léttur, hlýr og þægilegur útvistarfatnaður, þökk sé íslensku ullinni



NÝSKÖPUN
Á HLÝJUM GRUNNI

Sinfóniutónleikar fóru úr böndunum

TÓNLIST

Sinfóniutónleikar

Verk eftir Ives, Mozart, Bernstein og Dvorák

Flutningur: Sinfóniuhljómsveit Íslands.

Einsöngvari: Dísella Lárusdóttir.

Stjórnandi: David Danzmayr.

Eldborg í Hörpu

fimmtudaginn 14. september

Jónas Sen



Dísella Lárusdóttir sópransöngkona fór á kostum á tónleikum Sinfóniunnar.

MYND/ÆSEND

Þetta er farið úr böndunum, hugsaði ég á tónleikum Sinfóniuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Ætti ég að hringja á lögregluna? Til efnið var hin svokallaða Nýja-Englandssinfónía eftir Charles Ives, sem var fyrst á efnisskránni. Annar kaflinn af þremur dró upp mynd af ungum manni sem skemmtir sér við hátíðahöld á fjórða júlí. Hann heldur svo út á akur og leggst til hvíldar, sofna og dreymir senur úr frelsisstríðinu. Hann veit ekki að einmitt þarna höfðu hermenn úr þessu stríði löngu áður dvalið veturlangt.

Tónlistin var ofsafengin, og stundum með ólíkum þráðum sem blönduðust saman í ærandi ringulreið, svo að manni þótti nóg um. Á góðan hátt þó. Flutningur hljómsveitarinnar, undir sérlega markvissri og líflægri stjórn Davids Danzmayr, var dásamlega snarpur, fjörugur og kraftmikill. Ives þótti gaman að blanda saman mismunandi tónlist svo úr varð áhuga-verður, en ómstríður hljómur. Þetta mátti líka heyrast í hinum köflunum, sérstaklega hinum fyrsta. Það er því skemmtilegt að geta þess að eigin-kona Ives hét Harmony, sem þýðir samhljómur.

Næst á dagskrá steig Dísella Lárusdóttir sópran fram á sviðið og söng fyrst aríu úr Brottnáminu úr kvennabúrinu eftir Mozart. Hún gerði það ákaflega fallega. Söngurinn var tilþreifamikill og áleitinn, fullkomlega tær og fagaður, en samt kröftugur. Trillurnar í söngnum á tveimur lykilstöðum í aríunni voru sérstaklega flottar.

Síðasta lagið fyrir hlé var Glitter and be Gay úr óperunni Birtingi eftir Leonard Bernstein. Þar lék

Dísella glansdrós sem má muna sinn fifil fegri, en nýtur samt ennþá lífsins lystisemda. Þetta er grínatriði og Dísella fór á kostum. Svipbrigðin hennar voru svo myndin að ég skellti upp úr aftur og aftur. Söngurinn sjálfur var einstaklega spennandi og glæsilegur, á köflum brjálæðislegur og með stórfenglegum hápunktum. Áheyrundur æptu bókstaflega þegar flutningurinn var búinn. Aukalagið var líka fagurt, eitt af Wesendonck ljóðunum eftir Wagner.

Eftir hlé var niunda sinfónían eftir Dvorák á dagskránni. Hún er mjög stórbrotin og er innblásin af veru tónskáldsins í Bandaríkjunum um nokkurra ára skeið. Tónlistin skartar afar grípandi melódíum, og framvindan í henni er hröð (nema í hæga kaflanum) og alltaf áhugaverð. Skemmt er frá því að segja að leikur hljómsveitarinnar var í fremstu röð. Strengirnir voru hnausþykkir og munúðarfullir, málmblásararnir hnitmiðaðir; svipaða sögu er að segja um aðra hljóðfærahópa. Stjórn Danzmayr var í senn tæknilega fullkomin og svo lifandi og innblásin að varla er hægt að gera betur. Þetta voru magnaðir tónleikar og maður bókstaflega sveif út í nóttina á eftir. ■

NIÐURSTADA: Einstakur einsöngur og hljómsveitin var líka með allt á hreinu.



Maria Schneider er ein skærasta stjarna stórsveitaheimsins. Hún hefur hlotið sjö Grammy verðlaun og unnið með heimsþekktum tónlistarmönnum á borð við David Bowie, Sting og Wynton Marsalis.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stórsveitarstjarna stýrir eigin tónlist í Eldborg

Maria Schneider er ein skærasta stjarna stórsveitaheimsins í dag. Hún stjórnar Stórsveit Reykjavíkur á 30 ára afmælistónleikum hljómsveitarinnar á sunnudag.

tsh@frettabladid.is

Tónskáldið og hljómsveitarstjórinn Maria Schneider stjórnar Stórsveit Reykjavíkur á 30 ára afmælistónleikum sveitarinnar í Hörpu á sunnudag. Maria er eitt stærsta nafnið í stórsveitaheiminum um þessar mundir, hefur hlotið sjö Grammy verðlaun og unnið með heimsþekktum listamönnum á borð við David Bowie, Sting og Wynton Marsalis.

Spurð um hvernig það hafi komið til að hún var fengin til að stjórna Stórsveitinni segir Maria:

„Fyrir mörgum árum var mér boðið hingað til að stjórna. Ég varð svo hrifin og það var svo gaman að vinna með öllum tónlistarmönnum að ég hef haft það í huga öll þessi ár að það væri gaman að koma aftur, þannig ég var mjög spennt þegar þeir höfðu samband.“

Maria er búsett í New York en ferðast víða um heim til að flytja tónlist sína og var nýkomin frá Andalúsíu á Spáni þegar blaðamaður hitti hana. Hún segir hverja og eina hljómsveit sem hún vinnur með hafa sinn einstaka karakter.

„Það er gaman að heyrast þar fara sínar eigin leiðir innan tónlistarinnar. Það byrjar oftast þannig að allir vinna saman að því að setja saman tónlistina og síðan kemur augnablikið þegar þeir byrja að gera hana að sinni eigin. Það er staðurinn sem ég vil komast á því þá birtist tónlistin allt í einu og sýnir á sér nýja hlið sem ég hef aldrei upplifað áður.“

Ísland einstakur staður

Hvers konar tónlist verður flutt á tónleikunum á sunnudag?

„Þetta eru allt mínar eigin tónsmíðar, allt frá tónlist sem er innblásin af baráttu minni við stór

”

Á stað sem er jafn einstakur og Ísland þá er svo sannarlega rými fyrir tónlistina að þróast og vaxa og verða eitthvað virkilega sérstakt.

koma fram fleiri og fleiri konur bæði í djassheiminum og hinum klassíska. En af hverju það eru ekki fleiri veit ég ekki. Ég held að hluti af ástæðunni sé sá að þegar þú sérð ekki marga eins og sjálfa þig þá hvarflar það ekki eins mikið að þér að gera þennan tiltekna hlut.“

Maria segir það hafa haft mikil áhrif á sig þegar hún sá tónleika sem japanski kvenkyns hljómsveitarstjórinn Toshiko Akiyoshi stýrði á háskólaárum hennar í Minneapolis.

„Það var svo falllegt og ég man eftir að hafa hugsað með mér: „Vá! Get ég gert þetta?“ En það var ekki af því hún var kona heldur af því að þetta var hljómsveitardjass leikinn í tónleikasál. Ég hafði mikinn áhuga á því að blanda saman djassi og klassískri tónlist og sameina öll þessi ólíku áhrif í tónlist fyrir stórsveit. Og þarna var hún að gera nákvæmlega það!“

Maria bætir því við að hún hafi aldrei hugsað mikið um það að vera sjálf kona umkringd karlmönnum í tónlistarheiminum en viðurkennir þó að undir niðri hafi það haft mótandi áhrif á hana að sjá konu eins og Toshiko Akiyoshi gera það sem hún vildi gera.

Spunatónlist mikilvæg

Að sögn Mariu er spunatónlist ein mikilvægasta tónlistartegundin í djassheiminum vegna þess að hún gefur tónlistarmönnum tækifæri til að tjá séreinkenni síns menningarheims og dragi fram persónuleika tónlistarmannanna ólíkt því þegar tónlist er leikin beint af blaði.

„Á stað sem er jafn einstakur og Ísland þá er svo sannarlega rými fyrir tónlistina að þróast og vaxa og verða eitthvað virkilega sérstakt. Hún þarf bara smá stuðning til að komast af stað og síðan gerist það af sjálfssáðum,“ segir hún.

Tónleikar Mariu Schneider og Stórsveitar Reykjavíkur fara fram í Eldborg í Hörpu á sunnudag kl. 20. Aðgangur er ókeypis og miða má nálgast á harpa.is. ■

Ekki margar konur

Það eru ekki margar kvenkyns hljómsveitarstjórnarar í tónlistarheiminum. Af hverju heldurðu að það sé? „Á síðustu árum hafa verið að

60+ TIL KANARÍ

með Bróa

14. NÓVEMBER Í 22 NÆTUR

HÁLFT FÆÐI INNIFALIÐ

22 nætur

Flug & hótél frá

316.350

SKANNAÐU MIG

Fararstjóri:

Brói

Heimsferðir

595 1000

www.heimsferdir.is



Auður Ómarsdóttir er kona margra hatta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Er alltaf í uppreisn gegn sjálfri sér

tsh@frettabladid.is

Auður Ómarsdóttir opnar sýninguna Halda áfram í Gallery Port klukkan 16 í dag. Sýningin samanstendur af óhlutbundnum málverkum sem minna á hatta.

„Þetta er bara strangheidarleg málverkasýning sem byrjaði með því að ég var að leita í einhverja svona frumsköpun, öfugt við fyrri verk mín. Mig langaði ekki að vera með neinar fyrirmyndir þannig að ég byrjaði að teikna með báðum höndum í einu, svoltið eins og Rorschach sálfræðiþrófin,“ segir Auður.

Án þess að Auður ætlaði sér það varð afraksturinn af þessu ferli málverk af figúrum sem minntu á hatta.

„Ég hef alltaf verið mikil áhugamanneskja um hatta, langamma mín var hattagerðarkona og ég hef gert hattaverk og skúlptúra áður. Þannig að út frá því myndaðist þema og það eru í rauninni bara óræðar skuggamyndir eða útlínur sem verða stundum eins og sjálfstæðar verur,“ segir hún.

”

Ég hef alltaf verið mikil áhugamanneskja um hatta, langamma mín var hattagerðarkona og ég hef gert hattaverk og skúlptúra áður.

Auður segist hafa lagt upp með það að hana langaði að gera abstraktverk.

„Af því að ég er búin að vera að gera svoltið af realískum verkum og ég þarf alltaf að gera eitthvað öfugt við það sem ég gerði síðast. Ég þarf alltaf að vera í einhverri uppreisn gegn sjálfri mér,“ segir hún.

Í sýningartexta er hattinum lýst sem efsta lagi mannbúningsins og hann sagður vera útgangspunktur verka sýningarinnar.

„Svo var ég líka að hugsa um að í gamla daga þá voru allir með hatta og þú sást alltaf einhvern veginn á þeim hvað hver og einn starfaði við eða hvaða stétt hann tilheyrði. Í dag er enginn með hatta lengur en allir eru samt með ógeðslega marga hatta, maður er að spá í heilsua, ástina, listina, maður er að reyna að vera uppalandi og er alltaf með einhverja hundrað hatta á sér en samt aldrei eiginlegan hlutlægan hatt,“ segir Auður.

Ætlarðu að vera með hatt á opnuninni?

„Já, það er verkefni dagsins að finna nýjan hatt. Ég er oft með kúrekahattinn minn en mig langar svoltið í einhvern annan. Svo var ég líka að hvetja gesti í gríni til að koma með hatta á opnunina, það væri áhugaverður gjörningur.“ ■

Málþing um Þorstein frá Hamri

tsh@frettabladid.is

Í dag verður haldið málþing um skáldið Þorstein frá Hamri í Hátíðarsal Aðalbyggingar Háskóla Íslands. Málþingið er á vegum Bókmennta- og listfræðastofnunar Háskóla Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og félagsins Arfur Þorsteins frá Hamri.

Þorsteinn frá Hamri er álitinn eitt merkasta ljóðskáld Íslands fyrir og síðar og sendi frá sér á þriðja



Þorsteinn frá Hamri


tug ljóðabóka auk skáldsagna og bóka með sagnaþáttum. Allt frá því hann gaf út sína fyrstu ljóðabók, í svörtum kufli, árið 1958 mótaði hann og fagaði ljóðstil sinn af ein-

stakri natni, ástríðu og þekkingu á sögu, tungu og samfélagi. Oft er talið að honum hafi tekist einkar vel að bræða saman hina gömlu ljóðahéð og stílbrogð nýrrar aldar, ljóðmál modernismans. Þorsteinn frá Hamri lést árið 2018, 79 ára að aldri.

Ellefu fyrirlesarar, bæði rithöfundar og fræðimenn, fjalla um framlag Þorsteins frá Hamri til íslenskrar tungu, bókmennta og þjóðlegra fræða. Flest erindin snúa að ljóðlist Þorsteins en skáldsögur hans og framlag til þjóðlegs fröð-

leiks verða einnig til umræðu.

Á meðal fyrirlesara eru Astráður Eysteinnsson bókmenntafræðingur, Sigurbjörg Þrastardóttir ljóðskáld, Guðrún Nordal forstöðumaður Árnastofnunar, Ármann Jakobsson prófessor og rithöfundur og Haukur Ingvarsson bókmenntafræðingur og skáld. Með umsjón málþingsins fara Guðrún Nordal og Astráður Eysteinnsson. Dagskráin hefst klukkan 10 og henni lýkur rúmlega 17. Málþingið er öllum opið og aðgangur ókeypis. ■



1.990 kr.



990 kr.



990 kr.



1.290 kr.


PYLSU-VAGNINN Á STAÐNUM FRÁ 14 - 16



990 kr.




990 kr.



990 kr.

BÓKA
MARKAÐUR
Á FISKISLÓÐ 39
7. SEPT.- 3. OKT.




4.990 kr.

ÍS FYRIR BÖRNIN

OPIÐ 10-19 ALLA DAGA

ÓTRÚLEGT ÚRVAL!



MARKAÐURINN ER LÍKA Á NETINU: WWW.FORLAGID.IS

Hinn rétta Reykjavík er tímalaus staðleysa

Listmálarinn Þrándur Þórarinnsson var enn að sýna málverk sín af Hólavallakirkjugarði þegar honum bauðst sýningarrými í því fornfræga húsi sem áður hýsti steikhúsið Argentínu. Hann breytti því upp ermar og afraksturinn, draumkenndar borgarlandslagsmyndir, lítur dagsins ljós í dag þegar hann opnar sýninguna Hin rétta Reykjavík á Barónsstíg 11.

toti@frettabladid.is

Skammt er liflegra pensilstroka á milli hjá listmálaranum lúsiðna Þrándi Þórarinnssyni sem opnar í dag sína aðra málverkasýningu á skömmum tíma. Eftir að hafa staldrað við í Hólavallakirkjugarði fyrr á þessu ári sneri hann sér að draumkenndum borgarlandslagsmyndum í næsta nágreini þar sem hann blandar saman fortíð og nútíð í verkunum á sýningunni Hin rétta Reykjavík.

„Sýningin samanstendur mikið til af borgarlandslagsmyndum; götum, torgum byggingum, kennileitum og útilistaverkum í Reykjavík,“ segir Þrándur um ný og nýleg oliumálverkin á sölusýningunni.

Þrándur fór ekki langt yfir skammt frá kirkjugarðinum eftir innblæstri þar sem hann sækir flest myndefnin í miðbæinn. „Þó ekki öll og í sumum verkanna renna fortíð og nútíð saman í einn hræring á meðan önnur sýna skáldaðan líðinn tíma.“ Þrándur segir að í stuttu máli sé hann að leitast við að gera myndirnar að tímalausum staðleysum sem minni um margt á Reykjavík.

Verkin enda á bók

Þrándur vinnur einnig um þessar mundir að bók með Forlaginu þar sem þessum og öðrum Reykjavíkurverkum hans verða gerð sérstök skil. „Hönnunin er svipuð og á Andspænis,“ segir Þrándur og vísar í bókina sem hann gerði með Hugleiki frænda sínum 2020 þar sem þeir öttu saman frægustu vættum og óvættum íslenskra þjóðsagna, hvor á sinn hátt.

„Þessi bók verður samt stíluð á ferðafólk til jafns við Íslendinga og myndefnin taka að einhverju leyti mið af því. Það er til að mynda verk



”

Í sumum verkanna renna fortíð og nútíð saman í einn hræring á meðan önnur sýna skáldaðan líðinn tíma.

”

Ég stóð í röðinni síðustu nótt og komst að undir gærmorgun.



Þórarinn Snorri Sigurgeirsson

„Og mér tókst því sumsé að votta hennar hátign mína virðingu í eigin persónu,“ segir hinn einbeitti íslenski royalisti og bætir hlæjandi við að hann hafi lagt að baki tæp 65.000 skref á þremur dögum. „Og



Mæðragarðurinn rennur kannski upp í staðleysu en notaleg er stemningin í hinni rétta Reykjavík.



Hallærisplanið eða Ingólfstorg eða öfugt.



Sá dáði háhyrningur Keikó er alveg á heimavelli og réttum stað við Sólfarið en þessi tvenna er líkleg til að kæta erlenda ferðamenn jafnvel meira en Íslendinga. Myndir/Þrándur



Opnun á Kjarvalsstöðum.

þarna af Sólfarinu, sem er jú í sérstöku eftirlæti hjá erlendum gestum í höfuðborginni,“ segir Þrándur sem gerir ráð fyrir að bókinni komi út á fyrri hluta næsta árs.

Líf eftir dauða

„Ég fór beint í borgarlandslagsmyndirnar eftir Hólavallagarð. Sigurður Sævar, kollegi minn, sem á sýningarrýmið bauð mér að sýna þarna en hann hugðist leigja húsið út frá og með 1. október svo það var ekki um annað að ræða en að bretta upp ermarnar og hafa hraðar hendur með pensilinn,“ segir Þrándur um sýningarrýmið á Barónsstíg 11A og B sem flestir kannast líklega helst við sem hina fornfrægu Argentínu steikhús.

Sigurður Sævar Magnússon myndlistarmaður keypti húsnæðið ekki alls fyrir löngu og er þar með nýja vinnustofu og sýningarsal þar sem Þrándur opnar Hina rétta Reykjavík í dag milli klukkan 16 og 18. Hann áréttar að allir séu velkomnir og drykkir verði í boði. Sýningin verður síðan opin dagana 18. til 25. september milli klukkan 14 og 18. ■

Komst svefnvana eftir 65.000 skref að kistu drottningar

toti@frettabladid.is

Konungssinnaða jafnaðarmanninum Þórarni Snorra Sigurgeirssyni tókst í gærmorgun það ætlunarverk sitt að votta Elisabetu II. Bretadrottningu virðingu sína í Westminster Hall.

Þórarinn tók ákvörðunina um að leggja í þessa pílagrímsför yfir enskum morgunverði síðasta sunnudag og flaug til London á þriðjudagsmorgun. Hann var við því búinn að virðingavotturinn myndi kosta blóð, svita og tár. Sem vitaskuld varð raunin.

„Ég stóð í röðinni síðustu nótt og komst að undir gærmorgun,“ sagði Þórarinn Snorri þegar Fréttablaðið náði sambandi við hann í London í gær, úrvinda en ánægðan.

tveggja tíma svefn í tveimur lotum á 36 klukkustunda tímabili.“

Þórarinn lagði bjartsýnn í sína hátíðlegu för, eða eins og hann orðaði það þegar Fréttablaðið talaði við hann áður en hann flaug út: „Síðan er þetta, burtséð frá manns eigin nördaskap og áhuga á þessu, náttúrulega líka heimsviðburður.“ Hann reiknaði þannig með einstakri stemningu á götum borgarinnar og hana er hann núna búinn að fá að upplífa milliliðalaust.

Búið er við að allt að 750 þúsund manns leggi leið sína í Westminster Hall og almenningur hefur enn tækifæri til þess votta drottningunni virðingu þar sem kistan verður á sínum stað næstu þrjá sólarhringa en jarðarför Elisabetar fer fram á mánudag. ■



Stöðugur og langur straumur fólks liggur að kistu Elisabetar II. í Westminster Hall og þangað komst Þórarinn Snorri þreyttur en andaktugur eftir að hafa gengið um 65.000 skref á þremur dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

KRÓNAN

Bænda markaður um helgina!

Hjá bönda í gær ...
... hjá okkur í dag

Mmm ...

Glæný uppskera
af íslensku grænmeti
án umbúða og allur
flutningur þess er
kolefnisjafnaður!



HEIMA ER BEZT



HEIMA ER BEZT

MÁNUDAGA KL. 19.00

OG AFTUR KL. 21.00

Heimilislegur umræðuþáttur með Sigurjóni M. Egilssyni með góðum gestum og þjóðlegum umræðum í anda samnefnds tímarits.



HRINGBRAUT



Amanda Holden, sem flestir Íslendingar þekkja sem dómara úr Britain's got Talent kláraði útvarpsþáttinn sinn, Heart Breakfast, áður en hún skundaði af stað út í Lifið í London.




Ben Affleck er ekkert að stressa sig á lífinu þessa dagana enda giftur Jennifer Lopez. Hér að ganga yfir gangbraut að skoða símann sinn með sigarettu í kjaftinum. Lifið hreinlega gæti ekki verið betra hjá Affleck.

Frægir á ferð og flugi



Blake Lively í viðtali við Moira Forbes á tíundu hátíð Forbes, Power Women. Þar upplýsti hún að þau Ryan Reynolds ættu von á sínu fjórða barni.



Leikarinn Sam Rockwell kom í grænum jakkafötum í viðtalsþátt í Hollywood í vikunni. Rockwell er að kynna nýjustu myndina sína, See How They Run.



Melanie C sem eitt sinn söng með Spice Girls gaf nýverið út ævisögu sína Who I am. Hún hélt veglegt parti á The Ivy eftir á, þar sem margir úr heimi frægra og ríkra létu sjá sig.

Emma Watson kom í glæsilegum hvítum kjól frá Alexander McQueen á viðburð The Kering-stofnunarinnar sem hélt svokallaðan Women dinner á The Pool sem stendur við Park Avenue í New York.

Söngvarinn Sam Smith sést hér rétt áður en hann skaut inn í Glob Radio Studios í vikunni.

HAUSTDAGAR

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR
VÖLDUM VÖRUM


ILVA



POLLA SKEMILL
10.900 kr. Nú **8.720 kr.**



RIA TUNGUSÓFI
199.900 kr. Nú **139.930 kr.**



SEAFORD FRÁLEGGSBORD
24.900 kr. Nú **19.920 kr.**



HARRIS HÆGINDASTÓLL
69.900 kr. Nú **52.425 kr.**



RICHMOND SKENKUR
119.900 kr. Nú **95.920 kr.**



FASANO SÓFABORÐ Ø70 CM
44.900 kr. Nú **35.920 kr.**



CLEVELAND HORNTUNGUSÓFI
219.900 kr. Nú **175.920 kr.**



SICILIA 3JA SÆTA LEÐURSÓFI
189.900 kr. Nú **151.920 kr.**



KRONBERG SKEMILL
32.900 kr. Nú **26.320 kr.**



VIVA RÚM 160 X 200 CM
199.900 kr. Nú **149.925 kr.**

**VIVA HÖFUÐGAFL
FYRIR 160 CM RÚM**
59.900 kr. Nú **44.925 kr.**



HELGAR SPRENGJA

TIL 19. SEPTEMBER



ILVA Garðabæ, s: 522 4500 www.ilva.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30, helgar 11-18

ILVA Akureyri Mánudaga - föstudaga 11-18:30,
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

[FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ilvaisland)
 [INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ilvaisland)

Margt skemmtilegt og sumt fúlt

Fréttir vikunnar

Björn Teitsson

toti@frettabladid.is

„Alþingi samankomið. Útgjöld hækka,“ segir Björn Teitsson, þegar hann byrjar hraðspól sitt í gegnum fréttir vikunnar. „Pawel benti á að við gætum fengið lestarkerfi, nasistar unnu kosningasigur í Svíþjóð

og í yndislegri frétt um bangaspítala gaf unglæknir hugrakkri stúlku lyfseðil um lækningu handa slasaðri dúkku: „Mundu að knúsa fimm sinnum á dag, þá batnar henni.“

Íbúar Hlíða vilja borgargötu fyrir fólk, íbúar Fossvogs vilja hraðbraut fyrir bíla. Íbúar Laugardals vilja íþróttahús. Strax! Spóangar flugu þráðbeint til Vestur-Afríku á fjórum dögum.

Margt skemmtilegt. Sumt fúlt. En í fréttum vikunnar var áberandi

skortur á fréttum af hinstu kveðju kóngafólks. Fréttir af tímamótunum sem því fylgja þegar konungborið fólk sem hefur fylgt manni hálfra eða heila ævi, er skyndilega horfið á brott. Bandaríski rithöfundurinn David Foster Wallace, hinn mikli „dudebro“ bókmenntanna, skrifaði einn sinn besta texta í grein sem birtist í New York Times árið 2006. Þar var honum tíðrætt um „Federer-augnablik.“ Við sem höfum fylgst með svissneska tennisspilaranum

og jafnaldra mínum Roger Federer höfum öll orðið vitni að augnablikum sem færa okkur nær trúnni, nær Guði. Því aðeins guðlegar verur eru færar um þau kraftaverk sem hann gat framkvæmt. Og nú er kóngurinn farinn, hann er hættur. Og það var ekkert skrifað um það. Hvað er að?“ ■



Björn Teitsson, sérfræðingur hjá Skipulagsstofnun.

Guardian lofar Heklu fyrir að virkja afl þeremínsins

Gagnrýnandi breska blaðsins The Guardian fór í gær fögrum orðum um Xiuxiuejar, nýja plötu tónlistarkonunnar Heklu Magnúsdóttur, og sagði hana meðal annars endurheimta hið einstaka aðdráttarafl rafmagnshljóðfærans þeremíns.

toti@frettabladid.is

„Það er bara gaman að fá góðar viðtökur,“ segir tónlistarkonan Hekla Magnúsdóttir, um mjög svo jákvæðan dóm The Guardian um nýju plötuna hennar, Xiuxiuejar.

Platan er samtímatónlistarplata mánaðarins, „contemporary album of the month“, hjá The Guardian þar sem gagnrýnandinn John Lewis gaf henni fjórar stjórnur af fimm mögulegum í gær.

Hekla segir aðspurð að þetta hafi óneitanlega komið henni nokkuð í opna skjöldu þótt hún hafi nú þegar fengið talsvert af jákvæðum umsögnum erlendis.

„Þetta er mjög gaman og ég er þakklát að fá svona viðurkenningu fyrir þetta,“ segir Hekla og hlær högvær.

Þeremínið leyst úr læðingi

Hekla hefur verið virk í íslensku tónlistarlífi frá 2007 og lék meðal annars á þeremín með hljómveitinni Bárujárn. Hún hóf sólóferil sinn sumarið 2014 með plötunni Hekla sem vann til Kraumsverðlaunanna það sama ár.

Þá var tónlist hennar lýst sem dulúðugri blöndu marglaga þeremíns og söngs, sem kallaði fram hughrif allt frá angist til angurværðar.

Hekla fer áfram mikinn á þeremíninu sem Lewis bendir á að sé oft teflt fram sem framandi nýjung, en Hekla leysi hins vegar raunverulega möguleika þess úr læðingi.

Greitt úr garnaflækjum

„Guardian með puttann á púlsinum. Þessi plata læknar öll mein og gleður geð. Góða ferð!“ sagði Óttarr Proppé, tónlistarmaður og fyrrverandi ráðherra, þegar hann deildi umsögn The Guardian í gær.

Óttarr leggur til rödd sína á plötunni sem hann fær ekki nóg af, ef marka má fyrri yfirlýsingu á samfélagsmiðlinum: „Er að spá í að hætta að sofa til að geta hlustað oftar á þessa plötu. Nú er þetta stóra, viðkvæma, hraa og fallega stórvirki Heklu loksins komið út,“ skrifaði hann á sunnudaginn og bætti við, áður en hann þakkaði



Hekla kynntist þeremíninu fyrir margt löngu eftir að hafa hlustað á plötu með Clara Rockmore sem ruddi hljóðfærinu braut upp úr 1930.

MYND/ADSEND

Hekla: Xiuxiuejar review - reclaiming the unique appeal of the theremin

★★★★☆

(Phantom Limb)

The Soviet-era electronic instrument is often used as an exotic novelty, but the Icelandic musician unleashes its real potential



© Eerie, wailing sounds ... Hekla. Photograph: Verði ljós

In the century since Leon Theremin invented his eponymous instrument - as a Lenin-approved symbol of Soviet technological ingenuity - the theremin has been paraded as the human face of electronic technology. From classical musician Clara Rockmore in the

Hekla fær 4 stjórnur fyrir töfrum slungna samtímaplötu mánaðarins hjá The Guardian. SKJÁSKOT/THE GUARDIAN



Þetta er mjög gaman og ég er þakklát að fá svona viðurkenningu.

Heklu fyrir, að þessi plata sé góð fyrir hjartað. „Ítrekuð hlustun kemur í veg fyrir garnaflækjur og ferköntun.“

Snertilaus tónlist

Þeremínið er fyrsta rafmagnshljóðfærið sem sögur fara af og heidurinn af því er eignaður rússneska vísindamanninum Léon Theremin sem fann það upp 1919 þegar hann var, samkvæmt Wikipedia, að rannsaka útvörp og útvarpsbylgjur á mismunandi tíðnum.

Hljóðfærið er það eina sem krefst ekki snertingar hljóðfæraleikarans sem breytir tónhæðinni með því að hreyfa aðra höndina nær eða fjær loftneti og hljóðstyrknum með handahreyfingum ýmist upp eða niður.

Að hvíla

Hekla segist þó ekki aðeins þreifa fyrir sér við tónsmíðarnar þar sem hún setji einnig mikið traust á sellóíð. „Þetta eru svona þau tvö hljóðfæri sem er oftast líkt við mannsróddina.“

Titill plötunnar er ekki síður framandi þeim sem ekki þekkja til en þeremínið er þó ekki mjög langsótt þegar betur er að gáð.

„Ég bjó lengi á Spáni og þetta er katalónska,“ segir hún um nafn plötunnar, sem er ígildi íslensku sagnarinnar „að hvíla.“

Hafsteinn Ársælsson hannaði umslag Xiuxiuejar sem er aðgengileg á Spotify og öðrum streymisveitum auk þess sem hægt er að panta hana á vínýl hjá útgefandanum Phantom Limb á Bandcamp. ■

AMERÍSKIR DAGAR

20% afsláttur af Sealy

Sealy **WASHINGTON** heilsurúm með botni

Washington heilsurúm. 160 x 200 cm - Fullt verð: 279.900 kr.

Nú 223.920 kr.

Washington heilsudýnan er með einstaklega vönduðu tvöföldu pokagormakerfi, kantstyrkingum og vandaðri og þægilegri yfirdýnu. Gormakerfinu er skipt upp eftir svæðum þannig að það er með meiri stuðning þar sem við erum þyngri eins og öxlum og mjöðmum. Litil sem engin hreyfing finnst milli rekkjuna. Yfirdýnan (topperinn) er samsett úr fjórum lögum og þar á meðal er gel lag (gel infused memory foam) sem lagast algjörlega að líkamanum og heldur honum í réttri stellingu alla nóttina. Áklæðið utan um dýnuna er silki og bómullarblanda sem andar einstaklega vel sem og gefur extra mykt. Millistíf dýna.

Sealy **HYATT** heilsurúm með botni

Hyatt heilsurúm. 160 x 200 cm - Fullt verð: 275.900 kr.

Nú 220.720 kr.

Sealy Hyatt heilsudýnan er framleidd fyrir Hyatt lúxus hóteldjuna. Hún er gerð úr Posturpedic gormakerfi sem Sealy hefur þróað í mörg á með það að leiðarljósi að veita stuðning og þægindi og góða endingu. Hyatt dýnan veitir fullkominn stuðning með 6 laga svamplögum, náttúrulegum trefjum og þykkum toppi svo þú hvílir fullkomlega. Dýnan er með Oak-Tex vottun um að engin skaðleg efni eru í dýnunni. Fæst í: 120/140/160/180/200 x 200



Fáðu fréttirnar fyrst um tilboð, afsláttarkóða eða aðgang að útsölum á undan öðrum með því að skrá þig á póstlista Dorma.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn ræstast

Málþing í tilefni Alþjóðadags
krabbameinsrannsókna:

Enn liggur leiðin fram á við

Veröld - hús Vigdísar

Miðvikudaginn 21. september

Kl. 17:30-20:00

Krabbameinsfélagið og Samtök um krabbameinsrannsóknir á Íslandi (SKÍ) standa fyrir málþingi tileinkað
Vigdísi Finnbogadóttur, verndara Krabbameinsfélagsins, miðvikudaginn 21. september kl. 17:30-20:00
í Veröld – húsi Vigdísar. Léttar veitingar í boði frá kl. 17:00.

Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

Skráning er á vef Krabbameinsfélagsins (krabb.is).

Dagskrá:

- **Setning** - Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins
- Laufey Tryggvadóttir - **Nýgengi krabbameina í Reykjanesbæ**
- Valgerður J. Hjaltalín - **Sjálfsát í krabbameinum: Greining á spendýrasértæku hlutverki ATG7**
- Álfheiður Haraldsdóttir - **Brjóstakrabbamein á Íslandi árin 2000 – 2020: Samanburður á gæðum skimunar og meinafræðilegum forspáráttum milli kvenna á aldrinum 40 – 49 ára og 50 – 69 ára**
- Berglind Ósk Einarsdóttir - **Hlutverk MITF í ónæmisforðun sortuæxla**
- Hrefna Stefánsdóttir - **Faraldsfræði krabbameina og þátttaka í skimun meðal kvenkyns innflytjenda á Norðurlöndum**
- Stefán Sigurðsson - **Stökkbreytingar og sviperfðabreytingar í eggjastokkakrabbameini á Íslandi**
- Ásta B. Pétursdóttir - **Aðlögun einstaklinga með krabbamein og fjölskyldna þeirra að krabbameins-sjúkdómi: Langtímarannsókn**
- Stamatia-Maria Rapti - **BLIMP1 mediated Cell Cycle Control in Waldenström Macroglobulinaemia**
- Hafsteinn Örn Guðjónsson - **Greining, uppvinnsla og meðferð við krabbameini í blöðruhálskirtli á Íslandi**
- Jón Þórir Óskarsson - **Notagildi frumuflæðisjárrannsókna í eftirfylgni einstaklinga með forstígg mergæxlis**
- Rannís: Bylgja Valtýsdóttir - **Áherslur á fjármögnun krabbameinsrannsókna innan Horizon Europe (Cancer mission)**
- **Lokaorð** - Ragnheiður Haraldsdóttir, formaður Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins

Fundarstjóri: Gunnhildur Ásta Traustadóttir, formaður Samtaka um krabbameinsrannsóknir á Íslandi (SKÍ)

Alþjóðadagur krabbameinsrannsókna gefur okkur tækifæri til að fræðast um krabbameinsrannsóknir og gleðjast yfir þeim framförum sem hafa átt sér stað fyrir tilstilli þeirra. Dagurinn er líka gott tækifæri til að undirstrika mikilvægi rannsókna, vísindamanna sem stunda þær og styrktaraðila.



-20%

Bosch
IXO VI 3,6V
grænn eða bleikur
10.636
13.295

vnr. 748640056-7

Bosch Advanced
Vac 20 ryksuga
38.195

vnr. 74861227



-20%

Bosch
málningarsprauta
PFS 1000
16.316
20.395

vnr. 74867075

Allt er vænt sem vel er grænt



-20%

Universal
140bör
háprýstidæla
48.716
60.895

vnr. 74810246



-20%

Bosch
lengdarmælir
m/ 3 aukahlutum
15.516
19.395

vnr. 748698173

SAMAN Í
60 ÁR

BYKO



Great
Place
To
Work®

Best
Workplaces
Europe™
2022



BEST!

Við erum ákaflega stolt af því að vera valinn einn besti vinnustaður í Evrópu



VIÐ ERUM HANDHAFI KUÐUNGSINS

Bakþankar

Tobbu Marinós



Krítar og kók

Plasthansklæddur maður með grímu stóð við kassa í Bónus og tróð gosdrykkjum, frosnum pítsum, sælgæti og óhollustu af ýmsum toga ofan í poka. Hann sprittaði sig reglulega á milli og horfði flóttalegur í kringum sig.

Mig dauðlangaði að benda honum á að draslið sem hann var að troða ofan í pokann væri líklegra til þess að stúta honum fyrir aldur fram frekar en smitsjúkdómurinn sem hann var að fordást með hanska- og sprittgjörningnum.

En nei, kona skiptir sér ekki af.

Eða er það?

Nei, það gerir hún ekki.

Kannski var hann að fara að halda parti og ætlaði að dreifa kransæðapokunni á vinahópinn. Eða kannski var hann að versla fyrir aldraða frænku sína sem elskar kók, krítar og sterkt hlaup.

Hver elskar krítar? Það er mesta drasl nammi í heimi.

Klinkuppfylling.

Ég horfði betur á manninn sem var að ganga út úr versluninni. Herðar hans voru spenntar og streituský fylgdu honum út um rennihurðina.

Hvað ef þetta snerist ekkert um hann?

Kannski á hann langveikt barn sem er með laskað ónæmiskerfi og myndi þola illa að veikjast. Eða kannski er hann sjálfur með einhvern sjúkdóm. Eða býr með háöldruðum föður sínum sem er með krabbamein.

Eða er lifhræddur og fer tvisvar í viku í kvíðahóp.

Eða kannski veit ég bara ekkert um hann eða hans líðan og ætti því ekki að hafa skoðanir á hvernig hann verstar, eða hvað?

Ætli hann hafi prófað sellerí-safa? Sko, til að minnka sykurlöngunina. ■

© Inger Köt Sýmann BV 2022



Nýtt VRIGSTAD spegill 6.950,-



Nýtt GLASBJÖRK ilmkerfi í keramikkrukku 1.190,-



Nýtt SMYCKA gerviblómsveigur 595,-



Nýtt UPPÁTVIND lofthreinsitæki 5.950,-



Nýtt MOLNSKIPT skermur, Ø33 cm 2.490,-



Nýtt VÁRDANDE veggspjald 995,-



Nýtt SPIKKLUBBA púðaver 995,-



Nýtt GURLI púðaver 695,-



Nýtt VÁRDANDE skraut 1.690,-



Nýtt VALLASÁN handklæði B40xL70 cm 595,-

Nýtt GLASBJÖRK ilmkerfi í keramikkrukku 795,-



Nýtt TJABBIG karfa, Ø25 cm 1.290,-

Nýtt STUTERI kassi með loki 895,-



Nýtt PAGODTRÄD sængurverasett, B150xL200 cm 2.290,-



Nýtt KLYNNETÁG sængurverasett B150xL200 cm 3.990,-



Nýtt BRÖNDEN motta B133xL195 cm 29.990,-

Nýtt ULLISTEL teppi 6.490,-

Nýtt BJÖRKSPIREA LED skrautlýsing 2.490,-/2 í pk.



Nýtt CHIAFRÖN blómappottur Ø9 cm 795,-

VEITINGASTAÐURINN

Nú á matseðli - gríptu tækifærið

1.095,-

Lambaloka með frönskum



Verslun opin 11-20 alla daga - IKEA.is

AFMÆLIS TILBOÐ

Veislan heldur áfram í Tölvutek. Opið í dag laugardag frá 11-16

TÖLVUTEK

Reykjavík • Mörkin 31 Akureyri • Undirhlöð 2

